SAGAN AF AZARIA

Fjölmiðlafárið í kringum leitina að Madeleine McCann er ekki einsdæmi því fyrir þrjátíu árum hvarf stúlkubarnið Azaria við ekki ósvipaðar aðstæður.

ALLA SUNNUDAGA
RE/MAX Fasteignablað
www.remax.is - öflugur fasteignavefur

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. september 2007 — 251. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Sopranos-þættirnir sigurstranglegir

Emmy-verðlaunin verða afhent í kvöld í Los Angeles.

FÓLK 20

Steggjaður með Séð & Heyrt

Gítarleikarinn Vignir Snær fékk óvæntan glaðning á fimmtudaginn.

FÓLK 30

Jafnrétti og ríkið

Svandís Svavarsdóttir og Illugi Gunnarsson velta því fyrir sér hvort ríkið eigi að beita sér í þágu kynjajafnréttis.

BITBEIN 8

Arsenal á toppinn

Liverpool og Chelsea misstigu sig í gær og Arsenal fór í efsta sæti ensku úrvalsdeildarinnar.

ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



BJART SYÐRA - Í dag verður norðan strekkingur austan til, annars hægari. Skúrir eða él norðan til og austan en yfirleitt nokkuð bjart veður syðra. Hiti 0-8 stig, svalast til landsins nyrðra en mildast sunnan til.

VEÐUR 4



FLAGGAÐ Í FYRSTA SINN Jóannes Eidesgaard (til hægri) dregur færeyska fánann að húni í fyrsta sinn fyrir utan sendiskrifstofu Færeyinga við Austurvöll í gær.

Lögmaður Færeyja var sæmdur stórriddarakrossi í gær:

Færeyski fáninn blakti á Austurvelli

UTANRÍKISMÁL Sendiskrifstofa Færeyja var opnuð í gær í Austurstræti 12. Jóannes Eidesgaard, lögmaður Færeyja, var sæmdur stórriddarakrossi með stjörnu af forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, fyrr um daginn. Veiting fálkaorðunnar fór fram við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Í fréttatilkynningu frá skrifstofu forseta Íslands kemur fram að forsetinn fagni opnun sendiskrifstofunnar og hún gefi þjóðunum tækifæri til að styrkja samvinnu sína á enn fleiri sviðum. Í tilefni af opnun sendiskrifstofunnar var móttaka fyrir boðsgesti í Ráðhúsinu í Reykjavík síðar í gær. Þar fluttu Jóannes Eidesgaard og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra ræður. Eftir móttökuna var opið hús fyrir almenning í færeysku sendiskrifstofunni í Austurstræti.

Norræna húsið, Norðurlandahúsið í Færeyjum og færeyska sendiskrifstofan efndu til tónleika í Norræna húsinu í gærkvöldi í tilefni opnunarinnar. Þar komu fram tónlistarmennirnir BUDAM, Jensina Olsen og Jógvan Hansen.

- lbb

Mæra fíkniefnaneyslu

Í fríblaðinu Djöflaeyjunni, sem meðal annars er dreift í framhalds- og háskóla, má sjá leiðarvísi um heim fíkniefna á Íslandi. Augljóst háð, segir aðstoðarritstjóri. Algjörlega út í hött, segir forvarnastjóri SÁÁ.

ÚTGÁFA Kókaín er svalasta dópið í dag, amfetamín er „námsmannadópið“ sem gefur fólki aukinn kraft í þungum törnum og smjörsýra er nauðsynlegt nauðgunarlyf fyrir ófrítt fólk að taka með sér á útihátíðir. Þetta er meðal þess sem segir í umfjöllun um fíkniefni á Íslandi í nýjasta hefti fríblaðsins Djöflaeyjunnar. Blaðinu er dreift ókeypis víða um höfuðborgarsvæðið, meðal annars í framhalds- og háskóla.

„Mér finnst þetta algjörlega út í hött,“ segir Hörður Oddfríðarson, deildarstjóri forvarnadeildar SÁÁ. „Ef fíkniefnaneysla er orðin það lítið viðkvæm að það sé hægt að fjalla um hana í blaði sem er dreift um allt – hvernig eigi að útvega sér fíkniefnin, hvaða áhrif þau hafa og frekar verið að upphefja þau en hitt – þá ættum við nú kannski að staldra aðeins við og hugsa málið.“

„Þetta er auðvitað háð. Maður sér það alveg ef maður les greinina,“ segir Baltasar Breki Baltasarsson, annar tveggja aðstoðarritstjóra blaðsins. „Það er ekki eins og við séum að benda fólki á hvar hægt er að kaupa dóp. Það er bara verið að gera grín að þessum heimi og hvað þetta er asnalegt.“

ORÐRÉTT:

„Kókaín: Svalasta dópið. Sértu á leiðinni inn í leiklistina eða á listasviðið almennt er eiginlega skylda að sjúga þetta hvíta gull. Það veitir eldi í persónuleikann [...] Skundaðu niður á Sirkus og sofðu hjá einum af bóhemunum, þá færðu líklegast eina línu að launum.“

Hörður er ósammála. „Ef þetta væri blað sem bæri yfirskriftina grínblað þá mundi maður kannski horfa aðeins öðrum augum á þetta, en ef það er ekki tekið fram að þetta sé sett fram í gríni þá má alveg búast við því að einhver taki þetta alvarlega,“ segir hann.

Baltasar Breki segir að við vinnslu blaðsins hafi ritstjórn verið bent á að umfjöllunin gæti orðið umdeild, en hann hefur ekki áhyggjur af því að nokkur taki hana alvarlega. „Ef einhver gerir það þá hlýtur hann að vera á dópi nú þegar.“

Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund, segist ekki hafa séð blaðið, en svona efni verði ekki liðið innan skólans. Það verði fjarlægt.

- sh / sjá síðu 4

HÖRÐUR ODDFRÍÐARSON

MÁR VILHJÁLMSSON

BALTASAR BREKI BALTASARSSON

Rannsakar hugarstarf apa:

Færðu hluti með huganum

VÍSINDI Apar geta fært hluti úr stað með huganum, segir vísindamaðurinn Dr. Miguel Nicolelis. Hann komst að þessu með rannsóknum árið 2003 og segir niðurstöðuna hugsanlega geta hjálpað lömuðu fólki að hreyfa sig. Nicolelis heldur fyrirlestur í Háskólanum í Reykjavík á miðvikudaginn.

- ifv / sjá síðu 12

3G (ódýrari en Síminn)
Farsímalagerinn.is

SPURNING DAGSINS

Halldór, var eitthvert spaug án Randvers?

„Spaugstofan að þessu sinni var ömurleg."

Í gær var sýndur fyrsti þátturinn af Spaugstofunni án Randvers Þorlákssonar. Halldór Eldjárn, sem stendur fyrir undirskriftasöfnun til stuðnings Randveri, fylgdist grannt með.

Bæjarstjóri Kópavogs vill hætta við stækkun hafnarinnar í Kársnesi:

Komið til móts við Kársnesbúa

SKIPULAGSMÁL „Þetta er algjörlega í samræmi við okkar kröfur," segir Arna Harðardóttir, formaður samtakanna Betri byggð í Kópavogi, um nýjar tillögur Gunnars I. Birgissonar bæjarstjóra um skipulag á Kársnesi.

Gunnar kynnti hugmyndir sínar á fundi með íbúum í gærmorgun. Aðalbreytingin frá fyrri áætlunum er sú að hætt verði við stækkun hafnarinnar í Kársnesi og fallið frá því að þar verði aukið við svokallaða hafnsækna starfsemi.

Bæjarstjórinn vill nú frekar stefna að annarri léttari atvinnustarfsemi.

Samtökin Betri byggð hafa barist hart gegn fyrri tillögum bæjaryfirvalda. „Þarna er bærinn augljóslega að hlusta á kröfu íbúanna um að það verði hætt við þetta tvennt og það er mjög jákvætt. Gunnar segir að haft verði samráð við íbúana um frekari hugmyndir fyrir svæðið og við hlökkum til að fara í þá vinnu með bænum," segir Arna, sem leggur áherslu á að í nýtingu Kársnessins þurfi að gæta þess að leggja ekki of mikið á hverfið.

„Það er allt í lagi að fjölga hér íbúum en það þarf þá að gera ráð fyrir breytingum á umferðarmannvirkjum. Gunnar kynnti hugmynd um að leggja Kársnesbraut í stokk. Við þurfum að skoða hvaða möguleika það opnar varðandi nýtingu á svæðinu." - gar

KÁRSNES Íbúar anda léttar eftir að bæjarstjórinn sagði fallið frá hugmyndum um stækkun hafnarinnar í Kársnesi og byggingu mannvirkja undir hafnsækna starfsemi. MYND/LOFTMYNDIR EHF.

Ellefu manns fórust í Bagdad:

Tvö börn létust

BAGDAD, AP Að minnsta kosti ellefu fórust, þar af tvö börn, og átján særðust þegar bílsprengja sprakk í miðborg Bagdad, höfuðborgar Íraks, í gær.

Sprengjan sprakk fyrir utan bakarí þar sem fólk hafði safnast saman til að kaupa sér brauð fyrir heilagan mánuð múslima, Ramadan.

Átta hús, þar af fimm verslanir, skemmdust í árásinni auk þess sem fimm bílar eyðilögðust.

Árásin er mikið áfall fyrir írösk stjórnvöld sem höfðu vonast eftir því að mánuðurinn yrði friðsæll vegna Ramadan. Styttu stjórnvöldin nýverið útgöngubann í Bagdad á næturnar niður í fimm klukkustundir. - fb

Foreldrar Madeleine McCann:

Tíu milljónir í auglýsingar

LONDON, AP Foreldrar hinnar fjögurra ára gömlu Madeleine McCann ætla að hefja rúmlega tíu milljóna króna auglýsingaherferð til að hvetja fólk til að hjálpa sér að leita að stelpunni.

KATE OG GERRY MCCANN

Mun herferðin beinast að Spáni, Portúgal og öðrum hlutum Evrópu. Sjóður sem var stofnaður til að finna Madeleine verður notaður til að borga auglýsingarnar. „Ég vona að almenningur haldi áfram að styðja okkur. Það er svo mikilvægt að við gleymum henni ekki," sagði John McCann, frændi stúlkunnar. Foreldrarnir Kate og Gerry eru grunaðir um að hafa átt þátt í hvarfi dóttur sinnar en hafa vísað því algerlega á bug. - fb

Ungur maður slapp vel:

Ók út af og gjöreyðilagði bílinn

LÖGREGLUMÁL Ungur ökumaður var fluttur á slysadeild til rannsóknar eftir bílslys á Snæfellsnesvegi við Grundará fyrir hádegi í gær. Hann hafði misst stjórn á bíl sínum, ekið á vegrið og hafnað utan vegar.

Maðurinn, sem var einn í bílnum, kenndi sér meins í hálsi og var því afráðið að flytja hann á slysadeild. Hann reyndist þó ekki mikið meiddur.

Bíllinn var dreginn á brott með kranabíl og er talinn gjörónýtur. Ekki er talið að um ölvun eða hraðakstur hafi verið að ræða, en mögulega hefur reynsluleysi valdið óhappinu, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu. - sh

Ekki heimilt að fresta sölu til almennings

Enginn fyrirvari var í kaupsamningi milli Skipta ehf. og ríkisins um að líta til markaðsaðstæðna þegar þrjátíu prósent í Símanum yrðu seld almenningi. „Samkomulag er samkomulag," segir formaður Framsóknarflokksins.

VIÐSKIPTI Jón Sveinsson, hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi formaður einkavæðingarnefndar, segir að í samkomulaginu um sölu á hlut ríkisins í Símanum hafi ekki verið gert ráð fyrir undanþágu eða að fara ætti eftir markaðsaðstæðum þegar fyrirtækið yrði skráð á markað.

Samkvæmt fyrirkomulaginu ber eigendum Símans að bjóða almenningi og öðrum fjárfestum þrjátíu prósent af heildarhlutafé félagsins til kaups fyrir árslok og í kjölfarið á að skrá Símann á aðallista Kauphallarinnar.

Haft var eftir Brynjólfi Bjarnasyni, forstjóra Símans, í Markaðnum síðastliðinn miðvikudag að félagið myndi hugsanlega fara fram á undanþágu frá samkomulaginu, yrðu aðstæður á markaði óheppilegar.

„Það var stórt atriði á sínum tíma hvenær og hvernig Síminn yrði skráður á markað en það voru engar undanþágur veittar í samningnum sem slíkar," sagði Jón. Spurður hvort hægt væri að veita undanþágu frá samkomulaginu vísaði hann á fjármálaráðuneytið.

Síminn var einkavæddur og seldur sumarið 2005. Kaupendur var eignarhaldsfélagið Skipti, þar sem Exista fer með 45 prósenta hlut og Kaupþing þrjátíu prósenta hlut. Kaupverðið var 66,7 milljarðar króna.

MEÐAL SKILYRÐA Á SÖLU HLUTAR SÍMANS

- að tiltekinn hluti keyptra hlutabréfa og ekki minna en þrjátíu prósent af heildarhlutafé félagsins verði af hálfu kaupanda boðin almenningi og öðrum fjárfestum til kaups fyrir árslok 2007, og sala á hlutum í félaginu til annarra eigi sér ekki stað fyrr en að lokinni slíkri sölu.
- að Síminn verði skráður á Aðallista Kauphallar hér á landi að uppfylltum skilyrðum Kauphallarinnar samhliða sölu til almennings og annarra fjárfesta, og innlausnarrétti verði ekki beitt gagnvart núverandi hluthöfum í Símanum (1,2 prósent) fram að skráningu félagsins á Aðallista Kauphallar.

SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR Geir H. Haarde, þáverandi fjármálaráðherra, og Lýður Guðmundsson í Exista undirrita kaupin á Símanum fyrir tveimur árum.

JÓN SVEINSSON

Steingrími J. Sigfússyni, formanni Vinstri grænna, hugnast ekki hugmyndir forstjóra Símans. „Kaupendurnir fengu fyrirtækið að mínu mati á afar góðum kjörum og ég sé ekki ástæðu til þess að þeir geti farið að kreista enn meira út úr því með því að standa ekki við samninginn," segir Steingrímur J. „Mér sýnist sem gróðasjónarmið ráði för og mér finnst það eitt og sér ekki nægja til að ýta samkomulaginu til hliðar. Ef algjörlega afbrigðilegt ástand væri á markaði væri kannski hægt að skoða slíkt."

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, tekur í sama streng. „Samkomulag er samkomulag. Ef menn hafa keypt fyrirtækið með ákveðnum kröfum lít ég svo á að þeir verði að standa við þær."

Ekki náðist í Árna Mathiesen fjármálaráðherra í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

kristjan@frettabladid.is

Hellisheiði lokað eftir slys:

Einn slasaður eftir árekstur í Kömbunum

SLYS Lítill fólksbíll og sendiferðabíll skullu saman í Kömbunum um sjöleytið í gærkvöldi. Ökumaður fólksbílsins, sem er undir tvítugu, var fluttur á Landspítalann í Fossvogi. Samkvæmt upplýsingum frá vakthafandi lækni hlaut maðurinn ekki beinbrot en var í rannsókn vegna innvortismeiðsla.

Hellisheiðinni var lokað í nokkrar klukkustundir á meðan lögregla og sjúkralið unnu á vettvangi og var umferð beint um Þrengslin á meðan. - lbb

Vetrarveður víða um land:

Vegagerðin varar við hálku

FÆRÐ Hvasst var við Reynisfjall í gær og varaði lögreglan á Hvolsvelli við hálku og ófærð á svæðinu.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni var veður mjög slæmt frá hádegi og fram eftir degi. Tveir bílar fóru út af en ekki urðu slys á fólki.

Í tilkynningu frá Vegagerðinni í gær var varað við hálkublettum á Hellisheiði og krapa víða á Suðausturlandi. Á Austurlandi var ófært yfir Öxarfjarðarheiði og hálka var á Hellisheiði eystri. - lbb

RÚSSLAND

Vill Pútín aftur 2012

Sergei Mironov, háttsettur embættismaður innan rússneska þingsins, vill að Vladimír Pútín sæki um endurkjör sem forseti Rússlands árið 2012. Samkvæmt stjórnarskránni má Pútín ekki sækjast aftur eftir endurkjöri.

Reykjavík 871 ±2
Landnámssýningin The Settlement Exhibition
Líf við landnámsöld
Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is
Sýningin er opin alla daga frá 10–17
Minjasafn Reykjavíkur

Leiðtogi al-Kaída í Írak er æfur vegna teikninga af spámanninum í líki hunds:

Fé til höfuðs sænskum teiknara

EGYPTALAND, AP Leiðtogi al-Kaída í Írak hefur lagt tæpa sex og hálfa milljón króna til höfuðs sænska teiknaranum Lars Vilks. Teiknaði hann mynd af spámanninum Múhammeð með hundsbúk sem birtist í sænska dagblaðinu Nerikes Allehanda 19. ágúst. Fór hún mjög fyrir brjóstið á múslimum víða um heim. „Við viljum að teiknarinn Lars Vilks, sem dirfðist að móðga spámanninn okkar, verði myrtur. Við bjóðum sex og hálfa milljón fyrir þann sem drepur þennan glæpamann," sagði í yfirlýsingu Abu Omar al-Baghadi. Einnig hafa rúmar þrjár milljónir verið settar til höfuðs ritstjóra sænska dagblaðsins.

Vilks segir að gerður hafi verið úlfaldi úr mýflugu vegna myndbirtingarinnar. „Við eigum við mikinn vanda að stríða. Við vonum innilega að múslimar í Evrópu og í hinum vestræna heimi taki ekki mark á þessum hótunum og styðji þessi í stað tjáningarfrelsið." - fb

MÓTMÆLENDUR Pakistanskir múslimar mótmæla teikningu Svíans Lars Vilks. NORDICPHOTOS/AFP

Kópavogsbær – Vatnsendahlíð
Úthlutun á byggingarrétti

Kópavogsbær auglýsir til úthlutunar byggingarrétt fyrir íbúðarhús í Vatnsendahlíð í Kópavogi

Mikið og fagurt útsýni er frá fyrirhugaðri íbúðabyggð í Vatnsendahlíð í Kópavogi. Þaðan sér yfir Elliðavatn og Heiðmörk og allt að Hengilssvæðinu, Vífilsfelli og Bláfjöllum til austurs og hluta af Kópavogi og Reykjavík til norðurs og vesturs með útsýni yfir Esjuna, Akrafjall og til sjávar.

Vatnsendahlíð verður ekki aðeins í nánum tengslum við íslenska náttúru heldur tengist hún einnig framtíðinni á sviði fjarskipta- og upplýsingatækni. Síminn sér til þess á grundvelli samkomulags við Kópavogsbæ að leggja **ljósleiðaranet** í hverfið með fjölbreyttu þjónustuframboði, þar með talið háhraða nettengingu og **Sjónvarpi Símans** sem veitir aðgang að bestu mögulegum myndgæðum og VOD–bíói heima í stofu.

Framtíðarheimilið rís í Vatnsendahlíð - í meira en hefðbundnum skilningi.

Kópavogsbær auglýsir byggingarétt til úthlutunar á eftirtöldum lóðum:

1. **Einbýlishús á einni hæð auk kjallara. Svæði E1**
   Um er að ræða 18 lóðir fyrir einbýlishús á einni hæð auk kjallara: lóuþing nr. 16, 18, 20, 22, 24, 26, 38, 40, 42, 44, 52, 54 og 58. Kelduþing nr. 10, 11, og 12. Kvistaþing nr. 21. Leiðarþing nr. 29.

2. **Einbýlishús á tveimur hæðum. Svæði E1**
   Um er að ræða 19 lóðir fyrir tveggja hæða einbýlishús: lóuþing nr. 2,14, 28, 30, 32, 34, 36, 46, 48, 50 og 56. Jötnaþing nr. 1. Kelduþing nr. 6, 7, 8, 9, 18 og 23. Leiðarþing nr. 22.

3. **Einbýlishús á einni hæð auk kjallara. Svæði E2**
   Um er að ræða 39 lóðir fyrir einbýlishús á einni hæð auk kjallara: Jakaþing nr. 2, 4, 6, 8,10, 12 og 14. Kelduþing nr. 13, 14, 15 og 17. Klukkuþing nr. 6, 8, 10, 12, 14, 16 og 18. Kollaþing 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14 og 16. Kvistaþing nr. 1, 3, 5, 7, 9, 11, 13, 15, 17 og 19. Leiðarþing nr. 13, 15 og 27.

4. **Einbýlishús á tveimur hæðum. Svæði E2**
   Um er að ræða 41 lóð fyrir tveggja hæða einbýlishús: Jakaþing nr. 1, 3, 5, 7 og 9. Jötnaþing nr. 3, 5, 7, 9, 11, 13, 15, 17, 19, 21 og 23. Kambaþing nr. 34, 36, 38 og 40. Kelduþing nr. 1, 2, 3, 4, 5, 16, 19 og 21. Klukkuþing nr. 3, 5, 7, 9, 11, 13, 15 og 17. Leiðarþing nr. 2, 4, 12, 14 og16.

5. **Einbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara. Svæði E2**
   Um er að ræða 9 lóðir fyrir einbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara. Krókaþing nr. 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16 og 18.

6. **Einbýlishús á einni hæð auk kjallara. Svæði E3**
   Um er að ræða 13 lóðir fyrir einbýlishús á einni hæð auk kjallara: Stapaþing nr. 17,19, 23, 24, 28, 30, 37, 39, 40, 41, 43, 45 og 47.

7. **Einbýlishús á tveimur hæðum. Svæði E3**
   Um er að ræða 24 lóðir fyrir tveggja hæða einbýlishús: Stapaþing nr. 9, 11, 13, 14, 15, 18, 20, 22, 25, 27, 29, 31, 32, 33, 35, 36, 38, 44, 46, 49, 51, 53, 55 og 57.

8. **Parhús á einni hæð auk kjallara. Svæði E2**
   Um er að ræða fjögur parhús (8 íbúðir) á einni hæð auk kjallara: Kelduþing nr. 20-22, 24-26 og 28-30. Jakaþing nr. 16-18.

9. **Parhús á tveimur hæðum. Svæði E2**
   Um er að ræða 11 parhús (22 íbúðir) á tveimur hæðum: Kambaþing nr. 2-4, 6-8, 10-12, 14-16, 18-20, 22-24, 26-28 og 30-32. Klukkuþing nr. 2-4. Jakaþing nr. 11-13. Lundaþing nr. 1-3.

10. **Parhús á tveimur hæðum auk kjallara. Svæði E2**
    Um er að ræða 4 parhús (8 íbúðir) á tveimur hæðum auk kjallara: Leiðarþing nr. 1-3, 5-7. Lundaþing nr. 9-11 og 24-26.

11. **Raðhús á einni hæð auk kjallara.**
    Um er að ræða 21 íbúð fyrir raðhús á einni hæð auk kjallara: Kópaþing nr. 9-15, 17-21, 23-27 og 29-33. Lundaþing nr. 14-22 og 25-29.

12. **Raðhús á tveimur hæðum.**
    Um er að ræða 10 íbúðir fyrir raðhús á tveimur hæðum. Kópaþing nr. 1-3 og 5-7. Lundaþing nr. 8-12 og 31-35.

13. **Klasahús.**
    Um er að ræða 6 klasahús (20 íbúðir) á tveimur hæðum auk kjallara: Lundaþing nr. 13, 15, 17, 19, 21 og 23.

14. **Fjölbýlishús. Svæði F1**
    Um er að ræða 17 fjórbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara: Jötnaþing nr. 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16 og 18. Stapaþing 1, 2, 4, 5, 6, 7, 8 og 12.

15. **Fjölbýlishús. Svæði F2**
    Um er að ræða: Tvö 6 íbúða fjölbýlishús á þremur hæðum auk kjallara: Krókaþing nr. 9 og 11. • Sjö 8 íbúða fjölbýlishús á fimm hæðum auk þakhæðar og kjallara: Kollaþing nr. 1-3 og 5-7. Kópaþing nr. 2-4. Kringluþing nr. 1-3 og 2- 4. Krókaþing nr. 1-3 og 5-7. • Fimm 9 íbúða fjölbýlishús á þremur hæðum auk kjallara: Vallaþing nr. 1, 3, 5, 7 og 8. • Tvö 12 íbúða fjölbýlishús á sjö hæðum auk þakhæðar og kjallara: Stuðlaþing nr. 10 og 12. • Eitt 15 íbúða fjölbýlishús á þremur hæðum: Kollaþing nr. 15-17. • Eitt 16 íbúða fjölbýlishús á fjórum hæðum auk kjallara: Vallaþing nr. 6. • Tvö 18 íbúða fjölbýlishús á þremur hæðum auk kjallara: Stuðlaþing 2-4 og 6-8. • Eitt 20 íbúða fjölbýlishús á fimm hæðum auk kjallara: Vallaþing nr. 2. • Þrjú 27 íbúða fjölbýlishús á þremur hæðum: Kollaþing nr. 9-13. Kvistaþing nr. 2-6 og 8-12. Um er að ræða þrjá stigaganga með 9 íbúðum hver, Í umsókn skal tilgreina hvort sótt er um 9, 18 eða 27 íbúðir í húsi.

Til vara er hægt að sækja um sérbýlishús á ákveðnu svæði og er um að ræða svæði E1, E2 og E3. Einnig er hægt að sækja um fjölbýlishús til vara á svæðum F1 og F2.

Lóðagjöld.
Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld:

Einbýlishús		
Svæði E1	20.022.800 kr.	
Svæði E2	15.644.950 kr.	
Svæði E3	13.144.950 kr.	
Parhús	11.116.800 kr.	(á íbúð)
Raðhús	10.616.800 kr.	(á íbúð)
Klasahús	9.089.650 kr.	(á íbúð)
Fjölbýlishús		
Svæði F1	7.447.000 kr.	(á íbúð)
Svæði F2	6.217.600 kr.	(á íbúð)

Framangreind gjöld taka mið af byggingarvísitölu í september 2007, sem er 375,2 stig.

Gert er ráð fyrir að ofangreindar lóðir verði byggingarhæfar í lok árs 2008, nánar verður kveðið á um afhendingu í úthlutunarbréfi.

Úthlutunargögn fást afhent á Tæknideild Kópavogs, Fannborg 2, 3. hæð, frá og með þriðjudeginum 18. september 2007.
Úthlutunargögn fást afhent fyrir kr. 1000 en einnig er hægt að nálgast gögnin á vefsíðu Kópavogs **www.kopavogurlodir.is**.

Umsóknum skal skilað á sama stað fyrir kl. 14:00 föstudaginn 5. október 2007.

Vakin er athygli á reglum Kópavogsbæjar um úthlutun á byggingarétti fyrir íbúðarhúsnæði. Þá er jafnframt vakin sérstök athygli á því að umsóknum einstaklinga um byggingarétt þarf að fylgja staðfesting banka eða lánastofnunar á greiðsluhæfi: Fyrir umsækjendur einbýlishúsalóða kr. 35 milljónir og fyrir umsækjendur parhúsa kr. 30 milljónir. Fyrirtækjum ber að skila ársreikningi sínum fyrir árið 2006 og/eða milliuppgjöri fyrir árið 2007 með áritun löggiltra endurskoðenda. Yfirlýsing frá banka og lánastofnun um greiðsluhæfi og lánamöguleika umsækjenda skal vera án fyrirvara. Æskilegt er að umsækjendur leggi fram skattframtal.
Byggingarétti á lóðum verður úthlutað með fyrirvara um samþykkt deiliskipulags. Lóðastærðir geta því tekið breytingum.

Bæjarstjórinn í Kópavogi.

Síminn

PIPAR • SÍA • 71780

GENGIÐ 14.09.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	64,19	64,49
Sterlingspund	129,26	129,88
Evra	88,99	89,49
Dönsk króna	11,946	12,016
Norsk króna	11,369	11,435
Sænsk króna	9,591	9,647
Japanskt jen	0,5582	0,5614
SDR	98,96	99,54

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,2988
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rektor MS segir umfjöllun um fíkniefni í Djöflaeyjunni ferlega og sé hún grín þá hitti það ekki í mark:

Blaðinu verður hent rakleiðis út í gám

ÚTGÁFA „Ég hef ekki séð þetta blað en ef ég gerði það og sæi svona umfjöllun þá mundi ég láta fjarlægja það um leið. Það færi bara beint út í gám," segir Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund, um umfjöllun götublaðsins Djöflaeyjunnar um fíkniefni á Íslandi. Blaðinu, sem hefur komið út einu sinni áður, er dreift víða, meðal annars í skólum.

Í umfjölluninni er kókaín kallað „svalasta dópið" og amfetamín sagt henta vel til að slá á þreytu vegna námsálags. „Mér finnst alveg ferlegt að menn geri svona," segir Már.

Aðstoðarritstjóri Djöflaeyjunnar segir umfjöllunina augljóslega vera háð, og að það sjái allir sem hana lesi. Már segir það ekki afsaka neitt. „Grín verður að vera þannig að einhverjir fleiri skilji það en þeir sem setja það fram. Ef þetta er grín þá hittir það held ég ekki í mark. Fíkniefni eru ekkert grín." - sh

UMFJÖLLUNIN UMDEILDA Yfirskrift umfjöllunarinnar er „Dópmenning á Íslandi". Þar er því lýst hvernig sniffa skal lím, og að auðvelt sé fyrir stelpur að verða sér úti um kókaín í skiptum fyrir kynlíf.

ORÐRÉTT ÚR UMFJÖLLUNINNI:

„Ketamín (smjörsýra): Nauðgunardjúsinn, bráðnauðsynlegt á allar útihátíðir og ef þú ert almennt ljótari en fólk flest. Þú þarft ekki einu sinni að hafa áhyggjur af því að sæta stelpan sé hrifinn af þér, þú þarft bara komast nógu nálægt henni til að geta teygt þig í glasið hennar."

„Amfetamín: [...] Námsmannadópið. Þú ræður hvað þú gerir, spítt gefur þér kraftinn."

„Þú einfaldlega röltir niður á bensínstöð og kaupir þér eitt stykki flösku af vel sterku lími. Skellir því í poka og dregur djúpt andan."

„Viltu hafa sögu að segja í öllum jólaboðunum og öllu áramótapartýunum þangað til þú verður fertugur? Droppaðu smá sýru og áttu skrýtnustu 48 klukkutíma í lífi þínu."

PAR Í ÆTISLEIT Óvenjumikið hefur verið um síli í Vestmannaeyjahöfn undanfarið.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Hvalir í Vestmannaeyjahöfn:

Óalgeng sjón í höfninni í Eyjum

NÁTTÚRA „Það er ekkert óalgengt að sjá hvali hérna við Eyjar en ekki hérna innan hafnar," segir Sigurður Elíasson, fyrrverandi hafnarvörður.

Tveir hvalir vöktu athygli manna í Vestmannaeyjahöfn í gærmorgun þegar þeir syntu innst inn í Friðarhöfn. Sigurður segir annan hvalanna hafa líkst andarnefju en hinn hrefnu. Hann telur ætisleit vera líklega skýringu á ferðum hvalanna. „Það er gaman að þessum dýrum, það er ekki hægt að neita því," segir Sigurður. - lbb

SVISS

Fimm ára stúlka látin

Lík fimm ára stúlku sem var rænt í austurhluta Sviss í júlí hefur fundist. Líkið hafði verið grafið í skógi. Lögreglan hafði leitað mikið á svæðinu þar sem líkið fannst en án árangurs.

LEIÐRÉTTING

Í umfjöllun um Gísla Þór Reynisson í Fréttablaðinu í gær var borgin Ríga sögð höfuðborg Eistlands og Gísli ræðismaður Íslands í Eistlandi. Þar var að sjálfsögðu átt við Lettland, en ekki Eistland.

Ráðherrann hyggst lækka lyfjakostnað

Heilbrigðisráðherra vonast til að ná fram lækkun í lyfjakostnaði með sameiginlegum útboðum norrænna heilbrigðisstofnana. Framkvæmdastjóri Samtaka framleiðenda frumlyfja segir ranga mynd dregna upp af verði lyfja á Íslandi.

STJÓRNMÁL „Markmið mitt er að lækka lyfjaverð til neytenda og lækka kostnað hins opinbera," segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra sem í gær kynnti fyrstu hugmyndir sínar um lækkun lyfjakostnaðar.

Guðlaugur sagði frá þessum hugmyndum sínum á sambandsþingi ungra sjálfstæðismanna á Seyðisfirði. Staðfesti ráðherrann þar upplýsingar sem birtust í Fréttablaðinu í gær. Áformin eru að efna til sameiginlegra útboða vegna lyfjainnkaupa meðal norrænna heilbrigðisstofnana og koma á sameiginlegum markaði fyrir heilbrigðisþjónustu þannig að Norðurlandabúar geti leitað sér lækninga í öðrum Norðurlöndum. Enn fremur vill ráðherrann að lyf sem leyfð eru í einu Norðurlandanna verði sjálfkrafa viðurkennt í hinum löndunum. Þá vill hann heimila póstverslun með lyf.

Guðlaugur segist bæði vilja samvinnu í útboðum milli íslenskra heilbrigðistofnana annars vegar og á milli þeirra og sambærilegra stofnana á hinum Norðurlöndunum hins vegar. „Þannig værum við að kaupa meira og náum vonandi hagkvæmari innkaupum," segir hann.

Guðlaugur hefur óskað eftir því að þessi mál verði tekin á dagskrá á fundi Norrænna heilbrigðisráðherra í október. „Það kemur í ljós þegar ég hitti kollega mína hvernig þeim líst á þetta. Þetta er ekkert sérískenskt mál heldur hagsmunir allra og ég myndi ætla að menn væru frekar jákvæðir gagnvart því að finna lausnir," segir hann.

RÁÐHERRAR Á SAMBANDSÞINGI Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra kynnti í gær leiðir til að lækka lyfjaverð á Íslandi. Við hlið hans í fyrirspurnartíma ráðherra á sambandsþingi ungra sjálfstæðismanna á Seyðisfirði situr Björn Bjarnason.

Ráðherrann segir dóma hafa fallið hjá Evrópudómstólnum um að ríki eigi að niðurgreiða kostnað af því ef íbúar, sem beðið hafa lengi eftir þjónustu, leita sér lækninga utan heimalandsins. „Það er mikill mannauður í íslenska heilbrigðiskerfinu. Ég er sannfærður um að ef við höldum rétt á spöðunum þá eigum við að geta aukið hér afköst og bætt þjónustuna og verið aðlaðandi kostur fyrir þá sem leita sér lækninga," segir Guðlaugur.

Jakob Falur Garðarsson, framkvæmdastjóri Samtaka framleiðenda frumlyfja, segir ýmislegt þurfa að skoða gagnvart smásölu á lyfjum og aðgengi samheitalyfja inn á íslenska markaðinn. „En lyfjaverð á Íslandi hefur lækkað verulega mikið á skömmum tíma og er ekkert hærra en í samanburðarlöndum okkar þannig að það er verið að teikna ranga mynd af stöðunni," segir Jakob. Hann telur þó sjálfsagt að hugmyndir ráðherrans séu teknar til skoðunar.

„Svo framarlega sem þær öryggiskröfur sem eru gerðar til lyfja eru viðhafðar og ef allir sitja við sama borð þá erum við að sjálfsögðu tilbúin að skoða alla möguleika á að gera markaðinn hér á Íslandi sambærilegan því sem við sjáum í kringum okkur," segir Jakob.
gar@frettabladid.is

Sérkennsla í leikskólum:

Endurskoða úthlutunarreglur

MENNTAMÁL **Ákveðið hefur verið að endurskoða stefnu og úthlutunarreglur um sérkennslu á leikskólasviði. Þetta kemur fram í tilkynningu frá leikskólasviði Reykjavíkurborgar. Leikskólaráð vill endurskoða úthlutunarreglur vegna sérkennslu þannig að þær taki mið af aukinni sérhæfingu í meðferð langveikra barna og einnig þá staðreynd að sífellt yngri börn séu í leikskóla.**

Í tilkynningunni segir einnig að tveir starfshópar muni framfylgja tillögum leikskólaráðs og hafa hliðsjón af niðurstöðum sérkennslukönnunar sem fljótlega munu liggja fyrir. - lbb

Iceland Glacial sjálfbærast:

Íslenskt vatn lagði Nestlé og Coca-Cola

VATN Íslenska fyrirtækið Icelandic Glacial vann aðalverðlaunin í samkeppni sem haldin er árlega á sviði vatnsframleiðslu. Úrslitin voru tilkynnt á fimmtudagskvöld á alþjóðlegri ráðstefnu vatnsframleiðenda sem haldin var í Mexíkóborg.

JÓN ÓLAFSSON

Verðlaunin eru veitt fyrir árangur á sviði sjálfbærni, en umhverfismál og sjálfbærni voru þema ráðstefnunnar. Iceland Glacial sló við stórfyrirtækjum á borð við Coca-Cola og Nestlé, sem tilnefnd voru í sama flokki.

Á vefnum Bevnet.com er haft eftir stjórnarformanninum Jóni Ólafssyni að menn innan fyrirtækisins séu himinlifandi með verðlaunin og hann vonist til að aðrir fylgi í fótspor þeirra á sviði umhverfisverndar. - sh



VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

NORÐAN OG SUNNAN

Það eru endalaus umskipti í veðrinu þessa dagana. Norðlæg átt í dag, suðlæg á morgun. Það verður heldur kuldalegt norðan heiða í dag enda hitinn um miðjan daginn ekki nema 3-5 gráður. Það liggur úrkomuloft yfir norðan- og austanverðu landinu í dag og þar sem hitinn er ekki hærri erum við að tala um snjó eða slydduél þar víða en yfir hádaginn gæti þetta orðið rigning.

REYKJAVÍK Í DAG

Hæg norðlæg átt og bjart veður. Hiti 3-6 stig að deginum.

um hádegi »



» á morgun



8-15 m/s á vesturhluta landsins, annars 5-8 m/s.

» þriðjudagur



3-10 m/s, stífastur vestan til.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	17°C skúrir	London	22°C hálfskýjað	Friedrichshafen	24°C léttskýjað
Billund	18°C skúrir	París	24°C léttskýjað	Basel	25°C léttskýjað
Osló	11°C rigning	Amsterdam	21°C léttskýjað	Alicante	27°C skúrir
Stokkhólmur	13°C léttskýjað	Frankfurt	22°C léttskýjað	Róm	27°C skúrir
Gautaborg	17°C skúrir	Berlín	20°C léttskýjað	Las Palmas	26°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

100.000

Vinnur þú ársmiða á völlinn á næsta ári?

LANDSBANKADEILDIN

VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

Landsbankinn

16. UMFERÐ

LANDSBANKADEILD KARLA

sun.	16. sept.	kl. 16:00	Keflavík – Víkingur
sun.	16. sept.	kl. 16:00	KR – HK
sun.	16. sept.	kl. 16:00	Breiðablik – FH
sun.	16. sept.	kl. 16:00	Fylkir – Fram
mán.	17. sept.	kl. 20:00	Valur – ÍA

18. UMFERÐ

LANDSBANKADEILD KVENNA

mán.	17. sept.	kl. 17:30	ÍR – Stjarnan
mán.	17. sept.	kl. 17:30	Valur – Þór/KA
mán.	17. sept.	kl. 17:30	Keflavík – KR
mán.	17. sept.	kl. 17:30	Breiðablik – Fylkir

100.000 áhorfendur í fyrsta sinn

Tímamót verða í íslenskri knattspyrnu í dag. Ljóst er að áhorfendur verða í fyrsta skipti fleiri en 100.000 að lokinni 16. umferð í Landsbankadeild karla. Áhorfendametið var slegið í síðustu umferð og nú hafa alls 98.412 áhorfendur séð leikina í sumar.

Ætlar þú að taka þátt í að fella 100.000 áhorfendamúrinn? Mættu á völlinn og þú gætir unnið ársmiða fyrir tvo á alla leiki Landsbankadeildarinnar 2008.

Áhorfendur á öllum leikjum í 16. umferð fá happdrættismiða við innganginn og í hálfleik verður einn heppinn áhorfandi á hverjum velli dreginn út.

Fjölmennum á völlinn

ÍSLENSKA / SIA.IS / LBI 39112 09/2007

KJÖRKASSINN

Notar þú vírusvörn?

JÁ 88,0%

NEI 12,0%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Horfðir þú á fyrsta Spaugstofu-þátt vetrarins?

Segðu skoðun þína á vísir.is VÍSIR

Siglingaleið yfir norðurpólinn opnast milli Asíu og Evrópu:

Afleiðing af aukinni hlýnun

VEÐURFAR Norðvestursiglingaleiðin yfir norðurpólinn er greiðfær skipum í fyrsta sinn síðan eftirlit með henni hófst fyrir tæpum þrjátíu árum. Um er að ræða beinustu siglingaleiðina milli Asíu og Evrópu.

„Ég veit ekki hvort þetta hefur mikla þýðingu fyrir Ísland. Menn hafa klöngrast þetta stundum en þessi leið er betur opin núna að því er virðist," segir Páll Bergþórsson veðurfræðingur. „Þetta er leiðin fyrir sunnan Grænland og vestur yfir Norður-Kanada. Þaðan er hægt að komast vestur í Íshafið og svo suður um Beringssund. Þá er maður kominn í Kyrrahaf og getur farið til Kína og Japans. Þetta er afleiðing af þessari hlýnun sem hefur orðið sem er líklega vegna gróðurhúsaáhrifa."

PÁLL BERGÞÓRSSON Páll telur að tíðindin hafi ekki mikla þýðingu fyrir Ísland.

Eftir óvenju mikla bráðnun sumarsins er talið að hægt sé að sigla þessa leið án töluverðra vandkvæða. Hafa gervihnattarmyndir staðfest þetta. „Frá sjónarmiði loftslagsfræðinnar og siglinga milli ýmissa þjóða er þetta þýðingarmikið. Þarna er samt aldrei hægt að sigla nema hluta úr sumrinu. Á vetrinum er þetta alveg ófært og mestan hluta ársins," segir Páll.

Hingað til hefur verið hægt að sigla héðan og til Asíu í gegnum Súez-skurðinn og Panama-skurðinn en það eru nokkuð lengri leiðir en þessi nýja sem hefur opnast.

Nú þegar hafa deilur um siglingaleiðina blossað upp. - fb

Sonur Radovans Karadzic:

Eins árs útlegð frá Serbíu

BELGRAD, AP Sasa Karadzic, syni Radovans Karadzic, fyrrum leiðtoga Bosníu-Serba, hefur verið meinað að dvelja í Serbíu næsta árið. Sasa, sem var handtekinn í Belgrad á föstudag, var sleppt úr haldi og dæmdur í eins árs útlegð. Sasa er ekki serbneskur ríkisborgari og var ekki með réttu skjölin til að fá að dvelja áfram í landinu.

Ekki er vitað hvort Sasa var spurður út í hvar faðir hans héldi sig. Radovan Karadzic er eftirlýstur af stríðsglæpadómstóli Sameinuðu þjóðanna fyrir þjóðarmorð á um átta þúsund múslimum á síðasta áratug. - fb

GEORGE W. BUSH Bandaríkjaforseti fékk sér að borða í mötuneyti hersins í Quantico í Virginíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjastjórn:

Lítill árangur náðst í Írak

BANDARÍKIN, AP Stjórnvöldum í Írak hefur lítið orðið ágengt í að ná fram þeim pólitísku og hernaðarlegu markmiðum sem að er stefnt. Þetta er mat bandarískra stjórnvalda, sem fram kemur í skýrslu frá Hvíta húsinu til Bandaríkjaþings.

Bandaríkjaþing krefst þess að stjórnin gefi reglulega skýrslu um framgang stríðsins í Írak.

Í annarri skýrslu, sem einnig birtist í fyrradag, fullyrðir utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna að trúfrelsi hafi minnkað verulega í Írak undanfarið ár. Átökin og ofbeldið í landinu hafi haft þær afleiðingar. - gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldur í undirgöngum

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út í fyrradag vegna elds í undirgöngum í Álalind við Lindarveg. Lögreglan hafði slökkt eldinn áður en slökkviliðið kom á staðinn.

Hjónum með hjartveikt barn vísað úr flugvél Icelandair

Hjónum með þriggja mánaða gamalt barn, sem var nýkomið úr hjartaaðgerð, var vísað úr þotu Icelandair á flugvellinum í Boston vegna deilu um sætaskipan. Ég ætla að stefna flugstjóranum, segir faðirinn.

DÓMSMÁL „Ég ætla að stefna flugstjóranum og Icelandair," segir Zoran Kokotovic, sem rekinn var frá borði ásamt eiginkonu sinni og börnum úr áætlunarvél Icelandair frá Boston til Keflavíkur á sunnudag.

Hjónin höfðu farið til Boston með eins og hálfs árs gamla dóttur sína og þriggja mánaða gamlan son sinn sem þurfti þangað til að gangast undir hjartaaðgerð. Tryggingastofnun hafði keypt miða á Saga Class fyrir fjölskylduna á leiðinni út en Zoran segir hjónin hafa uppgötvað þegar þau komu út í vél á heimleiðinni frá Boston að farmiðar þeirra voru á almennu farrými.

„Ég taldi að það færi ekki nógu vel um son okkar í almenna farrýminu þar sem við þyrftum þá að taka hann úr rúminu og vildum fá okkur flutt á Saga Class. Þótt það væri bara ein stúlka sem sat þar var okkur sagt að það væri ekki hægt. Miðarnir okkar voru þannig að þeim átti að vera hægt að breyta og ég bauðst til að greiða mismuninn á staðnum en okkur var sagt að það væri útilokað," segir Zoran, sem búið hefur á Íslandi í fimmtán ár og er íslenskur ríkisborgari.

ALEKSANDAR LAZAR KOKOTOVIC Þessum litla dreng var ásamt fjölskyldu sinni vísað frá borði flugvélar Icelandair í Boston eftir að hafa verið í hjartaaðgerð þar í borginni tveimur vikum fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Á endanum setti flugstjórinn Zoran þá tvo kosti að setjast í sitt eigið sæti eða víkja frá borði. „Konan mín vildi fara með vélinni með börnin en ég valdi að verða eftir í Boston því ég taldi að hún fengi kannski að fara á Saga Class þegar ég væri farinn. Þá brást flugstjórinn við með því að vísa okkur öllum frá borði og lét henda farangrinum okkar út," segir hann.

Eiginkona Zoransa, Vesna Djuric, hafði sig að sögn þeirra hjóna ekkert í frammi í viðræðunum við áhöfn flugvélarinnar. Þau segjast ekki skilja hvers vegna henni var vikið frá borði með tvö smábörn, þar af annað hjartveikt. Farþegi um borð í vélinni hefur staðfest að eiginkonan hafi haldið sig til hlés. Sjálf segist Vesna alls ekki hafa viljað verða eftir í Boston heldur fara með börnin í vélinni heim til Íslands.

Fjölskyldan leitaði ásjár hjá íslenskum vinum ytra og flaug síðan heim tveimur dögum síðar á Saga Class. Litla drengnum heilsast vel eftir aðgerðina.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi hjá Flugleiðum, segist ekkert vilja segja um það sem gerðist þótt hann staðfesti að fólkinu hafi verið vísað frá borði. „Við tjáum okkur ekki um einstaka farþega. Almenna reglan er sú um borð í okkar vélum að fólk situr í þeim sætum sem miðar þeirra segja til um," segir Guðjón.

Vinnureglur Tryggingastofnunar munu vera þær að veikt fólk sem fljúga þarf með milli landa er á almennu farrými og ekki á Saga Class nema það þurfi fylgd læknis eða hjúkrunarfræðings. Svo var ekki í þessu tilviki.

gar@frettabladid.is

Sölusýning sunnudaginn
16. september frá kl. 14 til 17.

Sælureitur á Suðurlandi

Nú gefst þeim sem hafa áhuga á að koma sér upp sælureit í sveitinni að eignast frístundahús eða sumarhús byggt af Sveinbirni Sigurðssyni hf.

Í boði eru 3 hús, tvö sumarhús og eitt frístundahús (heilsárshús).

Allar nánari upplýsingar veitir Soffía Theódórsdóttir, Byr fasteignasölu í síma 895-9098, 483-5800 og á www.verktaki.is



byr Fasteignasala · SS VERKTAKI SVEINBJÖRN SIGURÐSSON hf · EGG

Grikkir ganga að kjörborðinu í þingkosningum í dag:

Óánægja spillir fyrir Karamanlis

GRIKKLAND, AP Óánægja gríska kjósenda með það hvernig stjórnvöld höndluðu skógareldana miklu í landinu í liðnum mánuði spilltu á endaspretti kosningabaráttunnar fyrir horfunum á því að íhaldsmaðurinn Costas Karamanlis fái umboð til að halda áfram um stjórnartaumana á næsta kjörtímabili. Þingkosningar fara fram í landinu í dag.

Annað helsta mál kosningabaráttunnar var áformaðar umbætur á velferðarkerfinu, sem bæði Karamanlis og höfuðkeppinauturinn, sósíalistinn Georg Papandreou, boðuðu hvor með sínum hætti.

Í skoðanakönnun í lok ágúst var Nýju lýðræði, flokki Karamanlis, spáð 37,4 prósenta fylgi en sósíalistaflokknum, PASOK, 36 prósentum. Síðasta hálfa árið áður en Karamanlis boðaði til kosninga – sem var áður en skógareldarnir brutust út – hafði Nýtt lýðræði notið drjúgs forskots í öllum könnunum.

Föðurbróðir Karamanlis, Konstantín, var forsætisráðherra í fjölda ára, fyrst á sjötta áratugnum, og faðir Georgs Papandreou, Andreas, var einnig þaulsætinn ríkisstjórnarleiðtogi Grikkja. - aa

„TVEGGJA TURNA TAL" Vegfarandi í Aþenu gengur hjá kosningaspjöldum með myndum af Costas Karamanlis forsætisráðherra, t.h., og keppinautarins Georgs Papandreou. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Himinn og haf / SÍA



Beint flug til Qingdao
3. október og heim 7. október

Gist verður á lúxushótelinu Shangri La, sem er besta hótelið í Qingdao. Í Qingdao er allt sem hugurinn girnist; rómuð náttúrufegurð, baðstrendur, spennandi verslanir og frábærir veitingastaðir.

Sóknarfæri í Kína

Þann 6. október opnar Eimskip nýja kæli- og frystigeymslu í Qingdao, þá stærstu sinnar tegundar þar í landi. Af þessu merka tilefni bjóðum við þér að fljúga með okkur á hagstæðu verði til Kína og fagna tímamótunum með okkur á kínverskan hátt.
Viðskipti milli Íslands og Qingdao eru stöðugt að aukast og tækifærin fjölmörg. Ferðin er kjörinn vettvangur til að styrkja þessi tengsl enn frekar og verður lögð áhersla á það í dagskrá ferðarinnar.

Eimskip sér um bókanir í ferðina í samstarfi við Ferðaskrifstofu Akureyrar. Frekari upplýsingar fást með því að senda póst á kinaferd@eimskip.is.

FERÐASKRIFSTOFA AKUREYRAR

Ráðhústorg 3
Sími 460 0600
Akureyri

www.eimskip.is

EIMSKIP

skoðun

greinar@frettabladid.is

Um loftslagsbreytingar af mannavöldum:

Utangarðsmaður

JÓN KALDAL SKRIFAR

Sjálfsagt eiga fáir núlifandi menn í heiminum jafnauðvelt með að koma umhverfisverndarsinnum úr jafnvægi og danski tölfræðingurinn Björn Lomborg. Hann bættist í pistlahöfundahóp Fréttablaðsins á föstudag og er einn af pennum efnisveitunnar Project Syndicate, sem leggur blaðinu til greinar úr deiglu hinnar alþjóðlegu umræðu.

Jómfrúarpistillinn á föstudag er klassískur Lomborg þar sem hann hjólar í mikilvægi þess að kaupa lífrænt ræktaðar matvörur og gildi þess að draga úr losun koltvísýrings til að berjast gegn loftslagsbreytingum. Hvor tveggja eru sannkölluð heilög vígi þeirra sem vilja sjálfum sér og náttúrunni vel. Bæði atriði eru reyndar á góðri leið með að öðlast svo óumdeildan sess að þeir sem leyfa sér að efast eru varla taldir marktækir, gott ef ekki alveg úti á túni.

Það er ekki ofsögum sagt að baráttan fyrir náttúru heimsins hafi á síðustu árum þokast í farveg sem hefur yfir sér nokkurn brag af pólitískum rétttrúnaði. Og gagnrýnin hugsun er ekki sérstaklega vel séð á þeim slóðum. Fyrir utan hvað umræða á slíkum forsendum er hrútleiðinleg, endar hún undantekningalítið í öngstræti. Lomborg er hressileg rödd í því samhengi.

Fyrir þá sem ekki þekkja til Danans er rétt að rifja upp að hann birtist með brauki og bramli á sviði umræðunnar um loftslagsbreytingar af mannavöldum fyrir tæpum áratug. Málflutningur hans snýst í grófum dráttum um að flest sem fullyrt er um hlýnun jarðar, þverrandi orkulindir, vatnsskort, tegundir í útrýmingarhættu og aðra vá sem steðjar að náttúru og mannkyni, standist illa þegar rýnt er í tiltæk tölfræðigögn.

Eins og gefur að skilja fer boðskapur Lomborgs þversum í marga og hafa ýmsir vísindamenn lagt sitt af mörkum við að reka þennan fróðleik ofan í hann. Og, verður að segjast, með ansi góðum árangri.

Lomborg er hins vegar langt í frá alls varnað. Ólíkt sumum efasemdarmönnum um loftslagsbreytingar hafnar hann ekki ábyrgð manna á hlýnun jarðar. Hann telur hins vegar að aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda skili litlum árangri, segir þær of kostnaðarsamar og vill frekar beina kröftum og fjármunum alþjóðasamfélagsins að þróunarstarfi í þriðja heiminum.

Þetta eru athyglisverðar pælingar. En í þeim eru brestir. Í grein sinni á föstudag segir Lomborg til dæmis að framleiðsla matvæla hafi aukist og að þau sé eru orðin ódýrari, sérstaklega í þróunarlöndunum. Staðreyndin er hins vegar sú að ójafnvægi í veðri, flóð og þurrkar hafa valdið gríðarlegum uppskerubresti víða um heim síðustu misseri og verð á matvælum er á hraðri uppleið.

Ein lítil saga um mikilvægi jafnvægis í náttúrunni er af vandræðum í býflugnastofni Bandaríkjanna. Þessi litlu vinalegu kvikindi hafa strádrepist undanfarin ár og vísindamönnum hefur gengið illa að átta sig á orsökunum. Kappkostað hefur verið að finna lausn því flugurnar leika lykilhlutverk í að frjóvga uppskeru fjölmargra ávaxta, allt frá eplum til appelsína, melóna og bláberja. Að sögn CNN er stólað á flugurnar við framleiðslu á matvælum að verðmæti 15 milljarðar dala árlega. Það eru tæpir þúsund milljarðar íslenskra króna.

Það má því segja að ein veigamestu rökin gegn hugmyndum Lomborgs séu að það er ekki síst þróunarríkjunum í hag að allt sé lagt í sölurnar til að reyna að koma í veg fyrir áframhaldandi loftslagsbreytingar með tilheyrandi ójafnvægi í náttúrunni. Það er alveg kristaltært að ef kemur til verðstríðs um matvæli heimsins munu þróunarríkin alltaf lenda undir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

GÍS
GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

Gítarnámskeið
Einkatímar - hóptímar

Skráning hafin

Sími 581-1281
gitarskoli@gitarskoli.is
www.gitarskoli.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Nýir tímar
Á aðeins þremur dögum hefur verið tilkynnt um forstjóraskipti í þremur tiltölulega öflugum ríkisstofnunum. Í öllum tilvikum eru karlar að hætta en konur að taka við. Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir tekur við embætti orkumálastjóra, Sigríður Lillý Baldursdóttir verður forstjóri Tryggingastofnunar og Elín Árnadóttir verður forstjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þessu er sjálfsagt að fagna og þá ekki síður hinu að allar hafa konurnar unnið sig upp innan viðkomandi stofnunar.

Hver lýsir sjálfum sér svo?
Ég er brosandi, lífsglaður, þrælkristinn, jákvæður, góðviljaður, mildur, prúður, afslappaður og nærgætinn. Eðli mitt er hæglátt og hugurinn lygn. Ég er eins og gamall fressköttur með örótt skinn en blíðlynda sál. Ég var uppivöðslusamur þingmaður í stjórnarandstöðu. Ég er líka falleraður líffræðingur og gamall náttúruvísindamaður. Og ekki má gleyma að ég er alþýðupungur.

Og maðurinn er?
Jú, það er Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra sem hefur látið þessi orð – og raunar mörg mörg fleiri – falla um sjálfan sig á eigin vefsíðu; althingi.is/ossur. Sjálfsagt er enginn bloggari, og alveg örugglega enginn stjórnmálamaður, jafn iðinn og Össur við að lýsa eigin geðslagi og háttum. Og til að botna þetta: „Svona er ég bara: Stórgallaður frá náttúrunnar hendi ef miðað er við hefðbundinn mælikvarða virðulegs ráðherra."

bjorn@frettabladid.is

BITBEIN Svandís Svavarsdóttir spyr:

Eiga stjórnvöld að beita sér í þágu kynjajafnréttis?

ILLUGI GUNNARSSON

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Ríkið hvorki upphaf né endir

Kynbundinn launamunur er augljóslega óþolandi. Fyrst og fremst særir hann réttlætiskenndina en þar fyrir utan er slíkur munur ávísun á gríðarlega sóun í hagkerfinu. Frjálst markaðshagkerfi grundvallast meðal annars á þeirri hugsun að fólki sé umbunað í samræmi við framlag. Ef laun einhvers hóps eru kerfisbundið lægri en þau ættu að vera hlýtur það að leiða til þess að kraftar, hugmyndir og sköpunargáfur þeirra einstaklinga nýtast ekki til fulls. Hvatinn til að standa sig er einfaldlega minni ef við erum alltaf metin sem hluti af hóp en ekki sem einstaklingar. Nútíma hagkerfi byggja á mannauði, hugviti og þekkingu. Kynjabundinn launamunur er ekki bara óréttlátur, hann er heimskulegur. Karlar og konur eru jöfn að lögum og ég hef ekki hitt þann forsvarsmann fyrirtækis sem stoltur segir frá því að hann greiði konum lægri laun en körlum. Samt bendir allt til þess að kynbundinn launamunur sé staðreynd. Hvað er þá til ráða?

Ríkið getur
Lög um fæðingarorlof eru dæmi um aðgerð sem hið opinbera getur gripið til. Í þeim lögum var leitast við að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði vegna barneigna. Með því að auka líkurnar á því að karlmenn taki fæðingarorlof til jafns við konur má ætla að staða karla og kvenna jafnist þegar til langs tíma er litið. Þessi lög, þó dýr séu, eru dæmi um aðgerðir sem ríkisvaldið getur gripið til í baráttunni við kynbundinn launamun. Annað dæmi um aðgerðir sem ríkisvaldið getur gripið til er að taka þátt í því að votta fyrirtæki sem greiða laun óháð kynferði. Fyrirtæki sem hlytu slíka vottun myndu draga að sér fleiri hæfileikaríka einstaklinga og um leið ýta við öðrum fyrirtækjum um að verða sér úti um slíka vottun. Því miður hafa borist fregnir af því að ríkisstjórnin hafi hætt við að hrinda þessu verkefni í framkvæmd og ef rétt er þá eru það mikil vonbrigði. Ég skora því á samtök atvinnulífsins að taka frumkvæði í þessu máli hið fyrsta.

Ríkið getur ekki
Það er því ýmislegt sem ríkið getur gert, en það er einnig ýmislegt sem ríkið getur ekki gert. Hugmyndir um að skylda fyrirtæki til að hafa ákveðin kynjahlutföll í stjórnum sínum eru til dæmis út úr kortinu; með slíkri aðgerð væri verið að svipta menn forræði yfir eignum sínum. Jafnframt tel ég að skyldubundið afnám launaleyndar feli í sér takmörkun á samningafrelsi sem muni þegar upp er staðið ekki gagnast konum. Slík aðgerð ræðst ekki að rótum vandans og myndi einungis hreyfa við birtingarmynd hans; misréttið kæmi þá fram með öðrum hætti.

Jafnrétti á borði

Að konur og karlar njóti jafns réttar og jafnra tækifæra er slíkt grundvallaratriði að ekki þarf að eyða mörgum orðum á mikilvægi þess. Stundum greinir okkur hins vegar á um hvort og hversu mikið stjórnvöld eigi að beita sér til að tryggja þann jöfnuð.

Enn eru konur færri þar sem ráðum er ráðið, þær búa við lægri laun og eru í ríkari mæli fórnarlömb ofbeldis, kláms, vændis og mansals. Margir telja hins vegar að lagalegur réttur sé tryggður nægilega til þess að jöfnuðurinn komi sjálfkrafa og sé aðeins spurning um þolinmæði og úthald.

Kvenfrelsi krefst aðgerða
Fyrir liggur samt sem áður að lokaspretturinn í átt til jafnréttis virðist lengri en okkur óraði fyrir og að jafnvel hefur bólað á bakslagi. Grasrótarsamtök, stjórnmálaflokkar og fjölmiðlar gegna hér mikilvægu hlutverki í því að halda málinu á dagskrá og gefa ekki eftir í kröfunni um algjört jafnrétti. Hlutur Femínistafélags Íslands er hér ríkur en þar er haldið fram róttækri og skýlausri kröfu um jöfnuð. Róttæk kvenfrelsisrödd krefst aðgerða gagnvart birtingarmyndum kynjamisréttis en ekki síður ræðst hún að rótum þess eins og orðið gefur til kynna.

Það eru þessar rætur misréttisins sem við vinstri græn leggjum áherslu á að uppræta. Það er til dæmis ekki nóg að afnema launaleynd til að eyða kynbundnum launamun, þótt það sé mikilvægt skref. Við þurfum líka að tryggja stjórnvöldum tæki til að afhjúpa og leiðrétta launamun þar sem hann hefur viðgengist.

Stjórnmálamenn taki af skarið
Kynjafræði í alla kennaramenntun er líka verkefni sem tekur á rótum vandans og þeirri staðreynd að uppeldi og menntun verður að eiga ríkan þátt standi til að breyta eða hafa áhrif á ríkjandi samfélagsgildi. Á börnunum og samfélaginu dynja afbakaðar og einsleitar staðalmyndir kynjanna sem verður að sporna við með virkum hætti. Í því skyni þarf bæði á námsefni að halda sem og áherslubreytingum í kennaramenntun. Kjarni málsins er að misrétti kynjanna er flókið viðfangsefni sem ekki verður leyst án þess að tekið sé á hinum fjölmörgu rótum vandans. Það er gert með lagasetningu margs konar, eftirfylgd, upplýstri og öflugri samfélagsumræðu, stuðningi við grasrótarsamtök og síðast en ekki síst með því að viðurkenna að um víðtækt samfélagslegt verkefni er að ræða.

Kynjamisrétti er slíkur blettur á sérhverju samfélagi að óþolandi er annað en að stjórnvöld, bæði sveitarstjórnir og ríkisvaldið, beiti öllum mögulegum úrræðum í þágu lausna. Hér er enn eitt dæmið um viðfangsefni samfélags sem markaðskerfið ræður ekki við eitt og sér. Hér þurfa stjórnmálamenn að taka af skarið.

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

MAX RAFTÆKI

32" LCD

99.989 kr.

Fullt verð ~~149.989~~

Samsung LE32R32
- 32" LCD veggsjónvarp
- HDTV háskerpusjónvarp
- 1366 x 768 punkta upplausn
- Mynd í mynd (1 tuner)
- DVI, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video

DeLonghi Espresso

DeLonghi EAM3500
- Fullkomin 1,8l Espresso kaffivél
- Malar kaffibaunir og býr til kaffið
- Hægt að stilla hve fín mölunin er
- Býr til gufu til að flóa mjólk ofl.
- Tveir katlar
- Minni fyrir uppáhalds stillingar ofl
- Cappucino System
- AUTO Cappucino System – s.s flóar mjólkina sjálfvirkt og setur í bollan
- Slekkur sjálfvirkt á sér

69.989 kr.

Fullt verð ~~89.989~~

Gourmet

Philips HD5405
- Café Gourmet kaffivél
- Sýður vatnið

9.989 kr.

Helluborð

Melissa 650004
- Helluborð með 2 hellum
- 1 x 1500w 18,5sm hella
- 1 x 800w 15sm hella

4.989 kr.

Fitumæling

Melissa 631020
- Baðvog
- Með fitumælingu

4.989 kr.

Veðurstöð

Dantax WS43
- Veðurstöð
- Klukka og vekjari
- Sýnir hitastig úti og inni
- Skynjari fyrir hitastig úti
- Varpar rauðum ljósgeisla er sýnir tímann ofl. upp undir loftið í herberginu

4.989 kr.

Blades of Glory

Nýtt á DVD

1.989 kr.

Cheers - þáttaröð 6

Frasier -þáttaröð 5

Scrubs - þáttaröð 5

Frasier - þáttaröð 6

Nýtt á DVD



3.789 kr. pr.stk.

Keramik

Philips HP4661
- Keramik sléttujárn
- Nær 180°C hitastigi
- Plötur með keramik húð
- Tekur aðeins 3 mín. að hitna

3.489 kr.

Blóðþrýstingur

Melissa 630011
- Blóðþrýstingsmælir
- 40 minni fyrir tvo með tíma og dagsetningu
- Mælingasvið: þrýstingur: 0-280 mmHg og púls: 40-200 púlsar/mín
- Skekkjuföll: þrýstingur: +/- 3 mmHg og púls: +/- 5%
- Geymslubox og hlíf fyrir LCD skjá fylgir

2.989 kr.

Siemens GS30VV20
- 225 lítra frystiskápur
- Fystigeta 27 kg á sólarhring
- Orkunýting A
- Tvær hillur og 5 skúffur
- Mál í sm (hxbxd): 170x60x65

59.989 kr.

Fullt verð ~~89.989~~

Scancool SB115
- 110 lítra frystikista
- Frystigeta 6.5kg á sólarhring
- Mál í sm (hxbxd): 86x55x58
- Orkunýting C

19.989 kr.

Ofn

Scandomestic XO5500
- 61 lítra stál ofn til innbyggingar
- 1900w grill
- 850w efra element
- 1200w neðra element
- Mál í sm (hxbxd): 59,5x59,5x58
- Glerhurð
- Orkunýting B

29.989 kr.

Simpsons - þáttaröð 10

Nýtt á DVD

3.989 kr.

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær tækjakaup

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

Við erum beint á móti IKEA

MICKEY ROURKE FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1956

„Ég var fullur af reiði innra með mér og hún braust út á tímum sem voru óheppilegir fyrir mig og minn feril.“

Ameríski leikarinn Mickey Rourke hefur átt slitróttan leikaraferil en náði miklum vinsældum fyrir leik sinn í myndunum 9 1/2 Weeks, Barfly og Angel Heart.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 16. SEPTEMBER 1977

Stjörnuhrap af rokkhimni

Glysrokksveitin T-Rex hefur löngum verið talin með þeim bestu sinnar tegundar, en tónlist kennd við þá stefnu naut mikilla vinsælda á árabilinu 1971-1973.

Söngvari og helsti lagahöfundur T-Rex, Marc Bolan, bjó yfir miklum tónlistarhæfileikum, kyntöfrum og útgeislun. Þessi ómótstæðilega rokkblanda olli því að lög sveitarinnar sátu lengi á efstu sætum vinsældalista Bretlands á þessum árum – og þá var ekki við minni menn að etja en til dæmis David Bowie, The Queen, Roxy Music og fleiri.

16. september fyrir þrjátíu árum lést Marc Bolan í skelfilegu bílslysi, þegar unnusta hans, Gloria Jones, missti stjórn á fjólubláum Austin Mini með þeim afleiðingum að hann lenti á tré. Gloria lifði en Marc Bolan lést samstundis og lét eftir sig soninn Rolan Bolan.

Tónlist Marcs Bolan lifir góðu lífi dag. Meðal annars hafa margir kvikmyndaleikstjórar notað tónlist hans í myndum sínum og má þar nefna Billy Elliot, Moulin Rouge, School of Rock og Meet the Fockers. Meðal frægustu laga sveitarinnar má nefna Get it on – Bang a Gong, Metal Guru og Cosmic Dancer.

MERKISATBURÐIR

1638 Loðvík XIV fæddist í Frakklandi.
1810 Upphaf byltingar Mexíkóbúa gegn spænskum yfirráðum.
1908 General Motors var stofnað.
1936 Franska hafrannsóknaskipið Pourquoi-Pas? strandaði við Mýrar. 38 manns fórust.
1970 Jimi Hendrix kom fram í hinsta sinn.
1977 Maria Callas lést.
1978 25.000 létust í jarðskjálfta í Íran.
1984 Miami Vice var frumsýnt í sjónvarpi vestanhafs.
1989 Erró gaf Reykjavíkurborg 2.000 listaverk eftir sig. Safninu var komið fyrir á Korpúlfsstöðum.

AFMÆLISBÖRN

Lára Stefánsdóttir danshöfundur og dansari er 45 ára.

Ómar Ragnarsson skemmtikraftur er 67 ára.

Arthúr Björgvin Bollason fjölmiðlamaður og rithöfundur er 57 ára.

Atli Rafn Sigurðarson leikari er 35 ára.

Réttastemning

Stóðréttir eru í dag í Skrapatungurétt í Austur-Húnavatnssýslu. Slíkir viðburðir þykja mörgum hestamönnum einn af hápunktum ársins. Í Skrapatungurétt eru réttuð hross af Laxárdal sem er einn af eyðidölum Húnavatnssýslu. Þar var smalað í gær og nú er fjörið framundan í dag að fanga villta fola og föngulegar hryssur í almenningnum, spá í vaxtarlag og ættir, jafnvel gera hrossakaup.

KOLBRÚN BJÖRNSDÓTTIR: KLUKKAR FÓLK TIL GÓÐVERKA

Forvitnilegur flóamarkaður

Í dag, á hádegi, verður opnaður forvitnilegur og góðhjartaður flóamarkaður á Tunguhálsi 5 í Reykjavík, en það er líknar- og vinafélagið Bergmál sem stendur fyrir framtakinu.

Markaðurinn byggist að mestu upp á eigulegum munum úr fórum Eddu Björgvinsdóttur leikkonu og mannvinar.

„Upphaflega var Bergmál söngkór sem breyttist í líknarfélag þegar söngbróðir okkar Ólafur Ólafsson, bassi, veiktist úr krabbameini,“ segir Kolbrún Karlsdóttir, formaður líknar- og vinafélagsins Bergmáls. „Það lét ekkert okkar ósnortið að fylgja Ólafi þennan spöl frá því hann greindist þar til við stóðum yfir moldum hans, og ekkert okkar var samt á eftir. Við höfðum gert okkur grein fyrir að ekkert stæði þessu veika fólki til boða nema það gæti bjargað sér sjálft með peningum til utanlandsferða eða ætti sumarbústað sjálft,“ segir Kolbrún en meðan Ólafur háði dauðastríðið safnaði sönghópurinn peningum svo hann gæti farið til dvalar á heilsuhæli í Danmörku.

„Í dagbók Ólafs lásum við að honum látnum: „Ég vildi óska að til væri staður sem fólk eins og við Jón gætum farið á, þó ekki væri nema eina helgi. Staður, að hlakka til að heimsækja og ylja sér við góðar minningar frá, er aftur væri haldið heim – eða á sjúkrahúsið,“ en umræddur Jón var stofufélagi Ólafs á sjúkrahúsinu.

„Þetta ásótti okkur og í minningu Ólafs breyttum við Bergmáli í líknarfélag,“ segir Kolbrún, en í félaginu eru fjörutíu og tveir einstaklingar sem vinna sjálfboðastarf í þágu langveikra sem þiggja af félaginu orlofsdvöl að Sólheimum í Grímsnesi.

„Mitt hlutverk er að sjá til þess að nóg sé að bíta og brenna, en hver einasti matarbiti á orlofsvikunum er gefinn. Í ágúst lukum við 24. orlofsvikunni, en við leigjum aðstöðu á Sólheimum í eina viku að vori og hausti. Fjárráð leyfa ekki meira, en til fjáröflunar höfum við selt jólakort og haldið köku- og sultubasar í Jólaportinu í Hafnarfirði,“ segir Kolbrún, sem þvertekur fyrir að vera kraftaverkamanneskja.

„Ég er bara eins og í leikjum bernskunnar og klukka góða fólkið til góðverka. Ég er afskaplega glöð að lifa í landi þar sem þetta er hægt. Það er sama hvar við komum; okkur er alls staðar vel tekið. Fólkið í landinu, innflytjendur og ekki síst framleiðendur sem gefa allan mat, það er ekki lítið fyrir 120 manns. Við reynum að bjóða upp á vandaðar kvöldvökur fyrir gesti okkar á Sólheimum og þar hafa skemmt helstu listamenn þjóðarinnar, ár eftir ár,“ segir Kolbrún og telur upp nöfn ótal frægra Íslendinga sem hún segir með gullhjarta.

„Edda Björgvinsdóttir þekkir okkur frá Sólheimum og veit að við erum alltaf að búa til peninga. Því vildi hún gefa eigulega muni úr geymslu sinni til málstaðarins og þá seljum við á flóamarkaðnum í dag. Við fengum þá brjálæðislegu hugmynd að byggja hús með tvær hendur tómar. Hús sem væri eins og Ölfusborgir eru hinum vinnandi manni; hús sem væri orlofssetur fyrir allar veikar manneskjur á Íslandi,“ segir Kolbrún, en eftir fyrsta starfsárið var hjarta-, nýrna- og lungnasjúklingum, flogaveikum, sykursjúkum, MS-sjúklingum, Parkinsons- og Alzheimers-sjúklingum og blindum einnig boðið að dvelja á Sólheimum í boði Bergmáls.

GÓÐVERK DAGSINS Markmið líknar- og vinafélagsins Bergmáls er að gera langveiku fólki kleift að komast í frí.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Eftirspurnin er miklu meiri en við getum annað þessar tvær vikur og því réðumst við í að byggja sérhannað 560 fermetra hús á milli Sólheimakirkju og Sesselíuhúss. Við erum búin með plötu hússins, með öllum sínum tenglum, að andvirði þrjátíu milljóna og höfum enn ekki borgað krónu því fyrirtæki og fjörtíu og tveir iðnaðarmenn hafa gefið það sem komið er. Með húsinu viljum við gefa fleira fólki tækifæri á vikufrí því oft er þetta einasta og síðasta vikan sem sjúklingar lifa og sá tími sem eftirlifandi maki minnist sem indælustu stundanna eftir að makinn veiktist,“ segir Kolbrún.

Sultur af öllum tegundum verða til sölu með munum Eddu Björgvins á flóamarkaðnum í dag „Þetta eru alls konar mauk; rabarbarasulta með kanil og koníaki, bönunum til að þurfa ekki að sykra, rifsberjahlaup, bláberjasulta og hvaðeina. Allt í fallegum krukkum og fögru efni utan um, eins og falleg gjafavara.“

thordis@frettabladid.is

†

Af alúð þökkum við hlýhug og vináttu við útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður afa og langafa,

Gunnars Tryggva Óskarssonar
Ásvegi 30, Akureyri.

Ellý Dagmar Guðnadóttir
Tryggvi Rafn Gunnarsson **Olga Gunnarsdóttir**
Gunnar Elvar Gunnarsson **Hulda Rafnsdóttir**
Magnús Gunnarsson
afa og langafabörn.

†

Elskulegur vinur okkar, bróðir og frændi,

Knútur Reynir Einarsson

sem lést 9. september sl. verður jarðsunginn frá Langholtskirkju þriðjudaginn 18. september kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

Guðrún L. Bergsveinsdóttir
Gylfi Jónsson
og aðrir aðstandendur.

†



Elskulegur sambýlismaður minn, faðir okkar, sonur, tengdasonur, bróðir, mágur, svili og barnabarn,

Sigmar Þór Eðvarðson
verslunarstjóri Bónuss í Hraunbæ,
Sílakvísl 13, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 20. september kl 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð til styrktar sambýliskonu og dætrum hans í Landsbanka-austurbæjarútibúi: 0111-05-272900, kt. 160872-5519.

Margrét Friðriksdóttir
Aðalheiður María Sigmarsdóttir
Emelía Rán Sigmarsdóttir
Svanhildur María Ólafsdóttir **Eðvarð Ingólfsson**
Aðalheiður Gréta Guðmundsdóttir **Friðrik Jónsson**
Ólafur Páll Eðvarðsson
Ásta Friðriksdóttir **Bjarki Traustason**
Auður Gunnarsdóttir
Sigríður U. Ottósdóttir
Vigdís Ámundadóttir

Legsteinar og fylgihlutir
• Mikið úrval
• Yfir 40 ára reynsla
• Sendum myndalista
MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

UNGIR HJÓLREIÐAMENN Hjólreiðafólk á öllum aldri tekur þátt í hjóladeginum næsta laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stræti fyrir alla og stuð

Samgönguvika hefst í borginni í dag klukkan 14 í Perlunni með setningu Gísla Marteins Baldurssonar, formanns umhverfisráðs Reykjavíkurborgar, sem jafnframt afhendir borgarhverfinu Miðborg/Hlíðar viðurkenninguna Samgöngublómið. Sömuleiðis verða afhent verðlaun í ökutækjakeppni Verkfræðistofnunar HÍ og Orkuveitunnar.

Þetta er í fimmta sinn sem Reykjavíkurborg tekur þátt í evrópskri samgönguviku. Markmiðið er að vekja almenning til umhugsunar um ferðavenjur sínar og nauðsyn þess að draga úr mengun af völdum bílaumferðar.

Sýning á visthæfum bílum er í Perlunni þessa helgi. Þar eru sýndir bílar knúnir rafmagni, metangasi, vetni og etanóli. Einnig fer fram kynning á vistvænu eldsneyti og fjölmörgum kostum umhverfisvænna samgangna. Meðal nýjunga á sýningunni má nefna fyrsta tengitvinnbílinn á Íslandi og indverskan rafmagnsbíl.

Dagskrá Samgönguviku verður fjölbreytt og má nefna stuttmyndasýningu grunnskólanemenda um samgöngur, málþing um borgarlandslagið og ráðstefnu um framtíðarorkugjafa fyrir bíla á Íslandi.

Farþegum Strætó gefst tækifæri til að fræðast nánar um leiðakerfið föstudaginn 21. september. Tónlistarfólk mun verða í vögnum um morguninn og hljómsveitin Retro Stefson leikur á Hlemmi síðdegis.

Hjólreiðafólk á öllum aldri safnast svo saman í hinum ýmsu hverfum borgarinnar og nágrannasveitarfélögum laugardaginn 22. september og mætist í Nauthólsvík. Þaðan verður haldið að Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar verða margvísleg reiðhjól til sýnis og gamlar ljósmyndir af hjólreiðum á Íslandi. Tjarnarspretturinn hefst svo klukkan 14.30 og verða hjólaðir 15 hringir í kringum Tjörnina.

EFNAHAGSUNDRIÐ ÍSLAND

MORGUNVERÐARFUNDUR GREININGAR GLITNIS

Greining Glitnis efnir til morgunverðarfundar miðvikudaginn 19. september milli kl. 8.15 og 9.45 á Nordica Hotel þar sem fjallað verður um þróun í íslensku efnahagslífi síðastliðin ár og horfur næstu misserin. Fundarstjóri verður Gunnar Ólafur Haraldsson, aðjúnkt við Hagfræðiskor HÍ og forstöðumaður Hagfræðistofnunar HÍ.

Dagskrá:

8.15 **Húsið opnað**
8.25 **Upphafsorð** – Lárus Welding, forstjóri Glitnis
8.30 **Efnahagsspá Greiningar Glitnis 2007–2011**
Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur Greiningar Glitnis
8.45 **Efnahagsundrið**
Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Glitnis
9.00 **Ótrygg húsnæðislán í Bandaríkjunum og efnahagsleg áhrif þeirra**
Jarkko Soikkeli, sérfræðingur í greiningu hjá FIM
9.15 **Spurningar og svör**
9.35 **Lokaorð**

GLITNIR

Vinsamlega staðfestið þátttöku á www.glitnir.is/greiningarfundur – allir velkomnir.

Menn geta hugsanlega lært að hreyfa hluti með heilanum

Brasíliski vísindamaðurinn **Dr. Miguel Nicolelis** stundar rannsóknir sem hafa gert öpum kleift að hreyfa hluti með heilanum. Nicolelis vonar að hægt verði að nota rannsóknirnar til að hjálpa lömuðu fólki að hreyfa sig. Hann heldur fyrirlestur í Háskólanum í Reykjavík á miðvikudaginn. Nicolelis sagði *Inga Frey Vilhjálmssyni* frá þessum byltingarkenndu rannsóknum sínum.



DR. MIGUEL NICOLELIS Vísindamaðurinn ræðir um rannsóknir sínar á getu apa til að færa hluti með taugaboðum í Háskólanum í Reykjavík á miðvikudaginn klukkan 17.

Árið 2003 komust Nicolelis og félagar hans við Duke-háskóla í Norður-Karólínu ríki í Bandaríkjunum að því að hægt væri að kenna Rhesusöpum að hreyfa vélarm með heilanum. Meðal annars vegna þessa var Nicolelis valinn einn af hundrað áhrifamestu vísindamönnum í heimi árið 2004 af tímaritinu Science.

Vísindamennirnir tengdu rafskaut við heila apanna. Með rafskautunum námu tölvur þeirra þau taugaboð sem heilafrumur apanna sendu frá sér þegar þeir gerðu tiltekna handahreyfingu. Aparnir fengu djúsglas í hvert skipti sem þeir gerðu hreyfinguna. Vísindamennirnir endurtóku tilraunina oft og með tímanum náðu þeir að átta sig nákvæmlega á því hvaða taugaboð apinn sendi frá sér þegar hann hreyfði sig. Eftir ákveðið mörg skipti hættu vísindamennirnir að láta apana beita höndunum til að færa hlutina. Vísindamennirnir komu fyrir skynjara í vélarmi sem nam taugaboðin sem apinn sendi frá sér þegar hann vildi framkvæma hreyfinguna.

Vísindamennirnir komust að því að apinn gat hreyft vélarminn með heilanum: taugaboðin voru þau sömu og þegar apinn gerði hreyfinguna sjálfur. Þegar apinn áttaði sig á því að hann þyrfti ekki að hreyfa sig sjálfur til að framkvæma hreyfinguna þá hætti hann því. Rannsóknin var atferlisfræðileg í grunninn því kortleggja þarf tengslin á milli taugaboðanna og hreyfingarinnar áður en apinn er látinn stjórna vélarminum með heilanum.

Lamaðir hreyfi sig

Nicolelis segist vona að í framtíðinni verði hægt að nota þessar tilraunir til þess að hjálpa lömuðu fólki við að hreyfa sig.

„Maður sem er lamaður fyrir neðan mitti getur ekki hreyft sig af því að taugafrumur, til dæmis í mænunni, geta ekki numið taugaboðin sem heili hans framleiðir. Heili lamaðs manns heldur áfram að framleiða taugaboðin en meiðslin koma í veg fyrir að hann geti hreyft sig. Hugmyndin er að einn daginn verði hægt að greina þessi taugaboð og senda þau til gervilims. Hinn lamaði myndi þá hugsa hvaða hreyfingu hann vill framkvæma. Í staðinn fyrir að taugaboðin verði send í lamaðan líkamshluta þá verða þau send í gerviliminn á um 300 millísekúndum. Gervilimurinn mun bregðast við taugaboðunum og framkvæma þá hreyfingu sem hinn lamaði hugsaði sér," segir Nicolelis og bætir við að síðan rannsóknin var gerð á öpunum hafi hann gert ýmsar aðrar útfærslur á hugmyndinni.

> Þegar hinn lamaði hugsar sér einhverja hreyfingu myndu taugaboðin sem stjórna henni senda boð til ólíkra hluta búningsins og maðurinn gæti hreyft sig og jafnvel gengið.

Aukabeinagrind fyrir lamaða

Nicolelis segir að um þessar mundir séu hann og samstarfsmenn hans að þróa búning, sem svipar til búninga geimfara, sem er ætlað að hjálpa lömuðum að hreyfa sig. „Hinn lamaði myndi klæðast búningnum, sem myndi verða með skynjurum sem nema taugaboð, og myndi heili hans stjórna honum. Þegar hinn lamaði hugsar sér einhverja hreyfingu myndu taugaboðin sem stjórna henni senda boð til ólíkra hluta búningsins og maður-

→ Dr. Miguel Nicolelis

Dr. Miguel Nicolelis er prófessor í taugalíffræði og heilbrigðisverkfræði við Duke University Medical Center í Norður-Karólínu ríki í Bandaríkjunum.

Fæðingarstaður og ár: Sao Paulo í Brasilíu árið 1961.

Námsferill: Dr. Nicolelis útskrifaðist með læknisgráðu árið 1984 frá University of Sao Paulo Medical School og doktorsgráðu frá Institute of Biomedical Science, University of Sao Paulo árið 1989.

Rannsóknarefni: Samskipti manns-heilans og véla.

Helsta vísindafrek: Fékk rhesus-apa til þess að hreyfa vélarm með huganum árið 2003.

Viðurkenningar: Hefur meðal annars verið útnefndur einn af af áhrifamestu vísindamönnum samtímans af tímaritunum Science og Scientific American.

Fyrirlestur á Íslandi: Nicolelis heldur fyrirlestur í stofu í 101 Háskólanum í Reykjavík miðvikudaginn 19. september. Í fyrirlestrinum ræðir hann niðurstöður nýlegra rannsókna þar sem virkni stórra hópa taugafrumna er mæld og greind og henni beitt til þess að stjórna vélum. Fyrirlesturinn er öllum opinn.

Heimasíða Nicolelis: http://www.nicolelislab.net/

ÓMETANLEGT AÐ FÁ NICOLELIS TIL ÍSLANDS

„Það er alveg frábært að fá hann hingað. Þegar prófessorinn sem ég lærði hjá í Iowa í Bandaríkjunum heyrði að Nicolelis væri að koma til að halda fyrirlestur hérna héldu þeir að ég væri að grínast. Þeir sögðu að það væri mjög erfitt að fá jafn háttskrifaðan vísindamann til Iowa. En það var ekkert mál að fá hann til að koma til Íslands," segir Karl Ægir Karlsson, lektor í heilbrigðisverkfræði við Háskólann í Reykjavík.

Karl Ægir segir að Nicolelis sé meðal fremstu sérfræðinga á sviði taugavísinda og heilbrigðisverkfræði í heiminum. „En á sínu sérsviði, að samþætta heila við vélar, þá er hann sá fremsti í heiminum. Það hefur enginn komist lengra eða náð betri árangri. Ég minnist þess ekki að jafn stórt nafn á sviði heilbrigðisverkfræði hafi haldið fyrirlestur hér á landi. Það er ómetanlegt fyrir nemendur og vísindasamfélagið allt að fá slíkan vísindamann hingað til lands," segir Karl Ægir.

KARL ÆGIR KARLSSON Lektor í heilbrigðisverkfræði við Háskólann í Reykjavík segir að það sé hvalreki að fá Nicolelis til Íslands.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

inn gæti hreyft sig og jafnvel gengið," segir Nicolelis.

Hann segir að á næstu vikum verði prófað hversu raunhæf þessi hugmynd sé. „Samstarfs-aðili okkar í Japan er að smíða vélmenni fyrir okkur. Við ætlum að nota taugaboð apa sem við erum með í Duke til að stjórna gönguhreyfingum vélmennisins í Japan. Þetta verður gert í gegnum internetið. Vonandi gengur þetta upp því þá getum við þróað hugmyndina áfram og jafnvel notað hana til að hjálpa lömuðu fólki," segir Nicolelis.

Sömu aðferð má hugsanlega beita svo að lamaðir einstaklingar, eða aðrir með skerta hreyfigetu, geti lært að aka bíl, stjórna heimilistækjum, svara í síma eða annað slíkt; allt eftir því við hvaða erfiðleika viðkomandi á við að stríða.

Enn ekki reynt á mönnum

Aðspurður segir Nicolelis að rannsóknirnar hafi enn ekki verið notaðar til að hjálpa lömuðum, en að hann vonist til þess að það verði hægt eftir nokkur ár. „Það er langtímamarkmið okkar og tilgangur rannsóknanna," segir Nicolelis. „Við vonum að innan fimm ára komumst við að því hvort við getum notað þessa tækni á menn en það eru ýmsar hindranir sem standa í vegi fyrir því."

Hann segir að til dæmis sé ekki vitað hversu lengi örflagan, sem koma þarf fyrir í heila hins lamaða með skurðaðgerð til að nema taugaboðin, geti verið þar. Ör-flagan er látin tvo millimetra inn í heilann. „Einn api sem við höfum unnið með hefur til dæmis verið með örflöguna í heilanum á sér í sex ár og enn höfum við ekki séð neinar alvarlegar aukaverkanir af því þó að þær leiði af sér örlitla ertingu," segir Nicolelis. Hann segir að þetta bendi til þess að hugsanlega muni mönnum heldur ekki verða meint af því. „Þetta er góðs viti fyrir okkur og vonandi aðra líka. En enn sem komið er þurfum við aðeins lengri tíma til að þróa þessa tækni," segir Nicolelis. Hann hlakkar að koma til Íslands því hann hefur haft mikinn áhuga á landi og þjóð frá því hann var barn.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Færum saman á franska strönd

Stefán Pálsson grunar að Osama bin Laden hafi fengið gott „makeover“ fyrir nýjasta myndband sitt. Sjálfur hefur hann aldrei farið í litgreiningu en **Heiðar Jónsson** er þónokkuð viss um að Stefán sé haust, sumar eða blanda af hvoru tveggja. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti snyrtinn og sagnfræðinginn og ræddi við þá um símtöl Jesú og Júdasar og ábyrgð Heiðars á útliti Framsóknarflokksins.

HRINGJA ENN Í HREYFIL Heiðar Jónsson og Stefán Pálsson kunna báðir símanúmer Hreyfils og þakka það söng Flosa Ólafssonar. Stefán telur þó að Ríkissjónvarpið hafi sjokkerað þjóðina meir en Síminn með Jesú-auglýsingu sinni þegar þeir notuðu hálfnakið fólk í auglýsingu fyrir afnotagjöldin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hafa leiðir ykkar legið saman áður? Hver er ykkar fyrsta minning hvor um annan?

Heiðar: Við höfum nú sést. Það stemmir, er það ekki?

Stefán: Já, en við höfum nú svo sem aldrei talað saman áður. Mín fyrsta minning um Heiðar er þegar hann var að lappa upp á framsóknarmenn á sínum tíma og tók þá í litgreiningu. Okkur vinstri róttæklingunum þótti það að stjórnmálamenn væru að spá í það hvernig bindið væri á litinn síðasta sort af pólitík. En sennilega hefur Heiðar haft sitt í gegn þegjandi og hljóðalaust og ég hugsa að það sé enginn stjórnmálaflokkur í dag sem sleppi því alveg að spá í þetta. Að minnsta kosti ekki rétt fyrir kosningar.

Heiðar: Ég er búinn að vera svo lengi í burtu og svo nýkominn heim að það er mjög stutt síðan ég sá Stefán í fyrsta skipti í sjónvarpi og þá tengdist það einhverjum mótmælum. Ég man að ég hugsaði með mér að þetta væri náttúrulega ekki Helgi Hóseasson, en kannski einhvers konar Helgi Hóseasson nútímans.

Hefur þú farið í litgreiningu Stefán, fengið ráðgjöf með klæðaburð eða einhvers konar stíllistun um ævina? Og þú Heiðar, hefur þú keppt í ræðumennsku, spurningakeppnum eða tekið þátt í mótmælagöngum? Hvaða árstíð er Stefán, Heiðar og hvaða stjórnmálaflokki myndirðu telja að Heiðar tilheyrði, yrðir þú að skjóta, Stefán?

Stefán: Nei, ég hef nú ekki farið í litgreiningu en það næsta sem ég hef komist því er þegar ég var táningur og álpaðist inn á framboðslista. Á þeim tíma, eða árið 1995, hafði maður ekki heyrt um neitt sem hét fótósjopp eða slíkt og ég var því afskaplega undrandi þegar ég sá svo myndina af mér í kosningablaðinu en þá var mikið búið að slétta mig. Við vorum nokkur sem þóttum þurfa þess með.

Heiðar: Ef fyrirlestrarnir mínir yrðu taldir saman er ég örugglega sá Íslendingur sem haldið hefur lengstu ræðu allra tíma en ég hafði mitt aðallifibrauð af því að halda tölu yfir fólki áður en ég fór út. Þannig að ég hugsa nú að ég myndi tala flesta í kot um ýmislegt annað en tísku og hef gert það.

Stefán: Maður man nú svo sem líka eftir því þegar Heiðar var einn helsti málsvari fegurðarsamkeppna. Á þeim árum þegar fegurðarsamkeppnir voru kannski líka öllu stærra númer í þjóðfélaginu. Íslenskar fegurðardrottningar urðu þjóðþekktar á einni nóttu og við vorum sannfærð um að þær seldu fyrir okkur fisk í heilu gámaskipin.

Á RÖKSTÓLUM

Heiðar: Sem þær gerðu svo líklega sumar.

Stefán: Mögulega já. En nú er það helst fegurðarsamkeppni strákanna sem kemst í fréttirnar.

Heiðar: Og í raun geta kvenfrelsiskonur ekki gagnrýnt fegurðarsamkeppnir lengur því strákarnir eru orðnir svo áberandi í keppnunum í dag.

Stefán: Ég veit nú ekki hvort þær myndu taka alveg undir það.

Heiðar: Maður væri allavega ekki lengi að kveða þær í kútinn með það. En hvað litgreiningu Stefáns varðar er málið ekki alveg svo einfalt. Maður þarf að bera liti við og skoða. Ef ég væri hins vegar með litakortin gæti ég sýnt þér Stefán í vitlausum litum og þá liti skeggrótin hans út fyrir að vera subbuleg. Aftur á móti væri skeggrótin flott og snyrtileg væri ég með réttu litina. Það er miklu auðveldara að litgreina karlmenn en konur því þar hefur maður skeggrótina til að bera saman við. Annars finnst mér hann voða flottur í litunum sem hann er í núna. Hann er í muskulitum, litum sem eru ekki hreinir og tærir og ég hef grun um að hans litaskali liggi þar, sem þýðir þá að annaðhvort er hann haust eða sumar eða bland af tvennu. Haustið er jarðlitir og sumarið er meira í blámalitunum. Hann má þá ekki vera í skærum litum og haustfólki fer mjög illa að grána. Það sérðu til dæmis hjá fólki eins og Bjarna Fel. Þótt hann sé ekkert ægileg tískuvera þá þurfti að setja skol í hárið á honum þegar hann fór að eldast. Það sama þurfti líka að gera með Steingrím Hermannsson en hann hefði ekki tollað lengi í pólitík með grátt hár. Á meðan ég og Friðrik Sophusson erum bráðmyndarlegir þannig.

Stefán: Maður spyr sig hversu mikla ábyrgð Heiðar ber á því að við sátum uppi með Framsóknarflokkinn í öll þessi ár. Hann verður bara að bera hana á bakinu. Ef ég ætti að skjóta Heiðari í einhvern stjórnmálaflokk er það auðvitað Framsókn.

Jesús og Júdas hringjast á og biskup kallar slíkt smekkleysu. Stuðar notkun á trúarbrögðum í markaðssetningu ykkur? Hafið þið einhvern tímann látið glepjast af auglýsingamennsku og komið heim með eitthvert rugl úr búðinni?

Heiðar: Ég er prestsonur og fósturfaðir minn hefði orðið rúmlega 100 ára í ár. Ef ég opinberlega segist ekki vera gífurlega hneykslaður, sem ég reyndar er, þá myndi hann ábyggilega koma og flengja mig. Mér finnst þetta guðlast. Ég veit ekki hvert við erum eiginlega komin í markaðssetningu. Hvað næst?

Stefán: Ég hins vegar er ekki kristinn og er meira að segja félagi í Ásatrúarfélaginu. Í sjálfu sér finnst mér ég því ekkert hafa upp á dekk með þetta. Það getur ekki verið okkar heiðingjanna að tjá okkur um það hvort eitthvað sé særandi fyrir aðra og ef kristnir menn, eins og Heiðar, segja að þeim sé misboðið þá er það bara tilfellið. Mér hefur reyndar alltaf fundist tvíeggja að reyna að kynna fyrirtæki með hætti sem stuðar kannski umtalsverðan hluta af kúnnahópnum.

> Ég man að ég hugsaði með mér að þetta væri náttúrulega ekki Helgi Hóseasson, en kannski einhvers konar Helgi Hóseasson nútímans.

Ég segi það til dæmis, sem mikill stuðningsmaður Fram, að ég versla síður við fyrirtæki sem auglýsa hjá KR-ingum.

Heiðar: Annars man ég ekki eftir því að hafa látið glepjast af auglýsingum.

Stefán: Ég held reyndar að þetta sé ekki mesta fár vegna auglýsingar í Íslandssögunni. Metið hugsa ég að sé dillibossaauglýsing Ríkissjónvarpsins fyrir um tuttugu árum. Það fór allavega ekki framhjá neinum að þeir ættu að borga afnotagjöldin það árið. Sigmund þurfti ekki að gera annað í mánuð en að teikna þetta. Ef símaauglýsingin hefði birst á þeim tíma held ég að fólk hefði barist á götunum. En eftir að Flosi söng símanúmer Hreyfils held ég að ég hafi hreinlega gleymt öllum símanúmerum hjá öðrum leigubílastöðum.

Heiðar: Þar er ég alveg sammála. Ég panta ennþá bílana hjá Hreyfli. Jafnvel þó ég hafi gleymt öllum öðrum íslenskum símanúmerum. Það var virkilega góð herferð.

Þessa dagana er Stefán að grúska við sagnfræðistörf í Reykjavíkur-Akademíunni. Og Heiðar þjónar í háloftunum og hjálpar fólki að líta sem best út. Hvaða manneskja úr mannkynssögunni værir þú til í að vera, Heiðar, og hvaða manneskja hefur vakið athygli þína nýlega fyrir allsherjar „makeover“, Stefán?

Heiðar: Ég öfunda Stefán ekkert smávegis af því að geta verið í grúskinu. Grúsk er alveg það sem ég sé í hillingum. Ég væri til í að fá vitana aftur mannvædda og geta grúskað í þeim. En manneskja til að hafa verið yrði Martein Lúther King. Ég á svartan tengdason og var skiptinemi í Bandaríkjunum á þeim tíma sem svarta fólkið kom með vopnuðum vörðum í skólann. Líf mitt hefur því einhverra hluta vegna orðið fyrir töluverðum áhrifum frá kynþáttafordómum og kynþáttahálfgerðum ráðsmönnum. *Hvað segir þessir þróun okkur um samfélagið? Hvaða auðmann mynduð þið vinna fyrir sem heimilisþjónar yrðuð þið að gera slíkt?*

Heiðar: Veistu, ég held að ég geti bara ekki tjáð mig um þetta, ég er svo argur. Kannski ef þú ert auðmaður þá þarftu þetta. Mér finnst óskaplega furðulegt að auðmenn skuli auglýsa svona og koma upp um kapítalískan smáborgarahátt sinn með svona auglýsingum.

Stefán: Það er nú eiginlega ekki hægt annað en að taka undir þetta með Heiðari. Og það er eitt og annað í nýríkraflottræfilsskapnum sem maður klórar sér í kollinum yfir.

Heiðar: En yrði ég að vinna fyrir auðmann held ég að það yrði rosafjör og stelpur í kringum Richard Branson. Ég hef hitt hann og hann er þrælskemmtilegur.

Stefán: Ég myndi reyna að gera gott úr þessu og þar sem aðaltískan hjá auðmönnum núna er að kaupa sér fótboltalið væri hægt að velja einhvern ríkisbubbann sem ætti almennilegt fótboltalið. Og það mætti ekki vera West Ham. Einhver hlýtur að þurfa að bera skjalatöskuna fyrir Roman Abramovich þegar hann fer á Chelsea-leiki.

Að lokum. Hvað mynduð þið gera saman ef ég myndi afhenda ykkur ávísun upp á eina milljón króna og þið yrðuð að eyða henni í sameiginlega afþreyingu?

Heiðar: Ég hef nú engar áhyggjur af því. Mér líst nú þannig á Stefán af því að tala við hann að ég myndi velja einhverja glæsilega menningarborg, jafnvel tvær eða þrjár, og sitja á kaffihúsum, ræða málin og deila hugmyndum.

Stefán: Það yrði að vera góður matur og ekki væri verra ef kaffihúsið okkar væri með dálítið góðan viskíbar líka.

Heiðar: Já, þar dett ég út. Og af kaffibarnum líka. Og þarf heldur ekki að fara út að reykja.

Stefán: En þetta hljómar vel. En við mættum samt ekki fara alltof sunnarlega mín vegna, ég þoli ekki mikla sól. Við yrðum að finna eitthvert millistig.

Heiðar: Þá dettur mér strax í hug að við gætum átt góðar stundir á ströndinni á Bretagne-skaga, rétt hjá París. Þar er mikil menning og þar dvaldi fína fólkið í gamla daga.

VELJUM LÍFIÐ

Næstu námskeið að hefjast

Computer and office courses for beginners and advanced users

María Björk Guðmundsdóttir
Skrifstofustjóri Hive á Akureyri

„Tölvu- og skrifstofunámið hjá Tölvuskólanum Þekkingu var fróðlegt, fjölbreytt, skemmtilegt og umfram allt mjög gagnlegt.
Ég var í vinnu samhliða náminu og strax í byrjun gat ég nýtt mér þekkingu úr skólanum í starfi mínu. Kennararnir voru líka alveg frábærir og skiluðu sínu í tímum og því var ekki mikið um heimanám.
Góður skóli, gott starfsfólk, góð menntun."

Tölvu- og bókhaldsnám

Stutt og hnitmiðuð 200 stunda námsbraut sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.

Að námi loknu eiga þátttakendur að vera færir um að sinna flestum skrifstofustörfum sem ritarar og öflugir tölvunotendur og sem fulltrúar og bókarar í bókhaldsdeildum stærri fyrirtækja.
Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu (ECDL).

Tölvugreinar:
Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, PowerPoint, Internet og Outlook, stafrænar myndavélar og vinnsla stafrænna mynda.

Viðskiptagreinar:
Verslunarreikningur, virðisaukaskattur, reglur og skýrslur, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald

Hefst 25. september. Kennt er þrisvar í viku og er boðið upp á morgun og kvöldhópa. Lengd námskeið 200 stundir og er metið til eininga.
Verð kr. 153.000,- Allt innifalið, kennslubækur og alþjóðleg próf.
Ýmsir greiðsluskilmálar og staðgreiðslulán.

Annað starfsnám

Bókhald 1
Sérlega hagnýtt 100 stunda bókhaldsnámskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu. Hentar einnig þem sem vilja styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu.
Kennt er þrisvar í viku. Morgunnámskeið hefjast 12. okt. og 8. nóv.
Kvöld- og helgarnámskeið hefjast 13. okt og 8. nóv .
Verð kr. 94.000,- Allt innifalið.

Bókhald 2
Stutt og hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi. Hentar þeim sem hafa bókhaldsreynslu eða hafa lokið fyrri áföngum í bókhaldi og þurfa að ná frekari skilningi og færni í færslu bókhalds.
Kennsla hefst 27. sept. Morgun- eða kvöldnámskeið.
Lengd 32 std. Verð kr. 36.000,-

ECDL tölvunám

Alþjóðlegt tölvunám fyrir fólk á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

- **Windows tölvugrunnur**
- **Word ritvinnsla**
- **Excel töflureiknir**
- **Internet og tölvupóstur í Outlook**
- **PowerPoint**

Hefst 25. sept og lýkur 1. nóv. Kennt er þrisvar í viku og er boðið upp á morgun og kvöldnámskeið. Mögulegt er að skipta á milli morgun- og kvöldhópa (t.d. fyrir vaktavinnufólk).
Lengd 84 std. Verð kr. 65.000,- Allt innifalið.

Námskeið á næstunni

Excel 1
Grunnnám ætlað þeim sem lítið eða ekkert hafa unnið í Excel. Næstu námskeið hefjast 25. september, kennt er tvisvar í viku, morgun- og kvöldnámskeið í boði. Lengd 21 std. Verð kr. 21.000,-

Excel 2 – stjórnun og skipulag
Kennsla hefst 17. okt. Lengd 21 std. Verð kr. 21.000,-

Vefsíðugerð í Dreamweaver
Eitt vinsælasta vefþróunarforritið á markaðnum í dag.
Kennsla hefst 19. sept. Lengd 26 std. Verð kr. 29.000,-

Eldri borgarar 60+
Næstu námskeið; Byrjendur og Framhald hefjast 3. og 4. október. Lengd 30 std. Verð kr. 20.500,-

Byrjendanámskeið
42 stundir. Verð kr. 32.900,- Morgun og kvöldnámskeið. Hefst 3. október.

Almennt tölvunám
63 stundir. Verð kr. 39.900,- Morgun- og kvöldnámskeið. Hefst 25. október.

Vefsíðugerð – framhald
31 stund. Dreamweaver, HTML og Javascript.
Verð kr. 32.000,- Hefst 8. október.

Sjá nánari lýsingar og stundaskrár á vef skólans www.tsk.is.

TÖLVUSKÓLINN
ÞEKKING
REYKJAVÍK & AKUREYRI
FAXAFEN 10 | 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 | 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS | SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

Hin ástralska Maddie

Fá mál, ef einhver, hafa fengið viðlíka athygli og hvarf hinnar fjögurra ára gömlu **Madeleine McCann** úr hótelíbúðinni Praia da Luz í Portúgal föstudaginn 3. maí á þessu ári. Málið og sá fjölmiðlasirkus sem fylgt hefur í kjölfarið er þó ekkert einsdæmi í sögunni en fyrir um 30 árum hvarf níu vikna gamalt stúlkubarn, Azaria Chamberlain, úr tjaldi foreldra sinna á ferðalagi þeirra í Ástralíu. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* rifjaði upp þá atburðarás sem varð til þess að móðir Azaria sat saklaus í fangelsi í sex ár.

Óhætt er að fullyrða að í dag þekkja flestir íbúar Vesturhluta Evrópu andlit Madeleine McCann. Það er ekki á hverjum degi sem páfinn sjálfur blessar mynd af týndu barni líkt og móðir Madeleine fékk hann til að gera og knattspyrnugoðið David Beckham ákallaði heimsbyggðina og bað alla um að litast um eftir Maddie litlu. Breskir fjölmiðlar hafa sömuleiðis farið hamförum í leitinni að Madeleine og tekið virkan þátt í málinu, meðal annars með fundarverðlaunum og stöðugum fréttaflutningi frá Portúgal.

Madeleine-mál í Ástralíu

Margir muna eflaust eftir vinsælli bíómynd frá níunda áratug síðustu aldar, A Cry in the Dark, þar sem Meryl Streep lék móður sem dæmd var fyrir morð á dóttur sinni, Azaria Chamberlain, en barnið hvarf úr tjaldi fjölskyldunnar á ferðalagi í óbyggðum Ástralíu. Myndin byggir á sannsögulegum atburðum og vakti mikla athygli en móðirin, Lindy Chamberlain, náði að sanna sakleysi sitt eftir að hafa setið í sex ár í áströlsku fangelsi. Að þeim tíma liðnum kom í ljós kom að Azaira hafði verið numin brott af villihundi, líkt og móðirin hafði alla tíð haldið fram.

Þótt vissulega séu engir villihundar eða dingóar, eins og þeir kallast, ráfandi um ferðamannastaði í Portúgal, er margt er líkt með máli Madeleine McCann og Azaria Chamberlain. Börnin hverfa annars vegar úr tjaldi og hins vegar úr hótelíbúð að kvöldi til þar sem foreldrarnir sitja utan við svefnstaðina að snæðingi. Hvarfið á sér stað á ferðalagi fjölskyldna barnanna og mikil leit er gerð að þeim en þrátt fyrir allt finnst ekkert sem bendir til hver afdrif þeirra urðu. Grunur fellur fljótt á foreldrana og þá einkum mæðurnar eftir að vefengjanleg sönnunargögn eru lögð fram í málum þeirra og í kringum hvarfið og grunsemdirnar upphefst mikill fjölmiðlasirkus sem enn sér ekki fyrir endann á máli McCann-hjónanna.

Sagan af Azaria

Það var í ágúst árið 1980 sem Azaria Chamberlain, níu vikna gömul, hvarf úr tjaldinu við Isa-fjallið í norðanverðum óbyggðum landsins. Hjónin Michael og Lindy Chamberlain höfðu haldið í ferðalag út í óbyggðirnar ásamt börnum sínum, Aidan, Reagan og Azaria. Að kvöldi 17. ágúst barst neyðaróp úr tjaldi Chamberlain-hjónanna þegar Lindy uppgötvaði að Azaria var horfin. Sagði hún að villihundur hefði tekið barnið sitt og kom það heim og saman við lýsingar annarra vitna sem höfðu séð hjörð slíkra dýra á vappi um svæðið.

Hjónin gerðu lögreglunni strax viðvart og í kjölfarið hófst mikil leit að stúlkubarninu sem bar engan árangur þrátt fyrir að um þrjú hundruð manns hefðu myndað keðju og gengið um óbyggðirnar. Fjölmiðlar í Ástralíu fylgdust með leitinni af miklum áhuga og málið tók óvænta stefnu þegar ferðamaðurinn Wally Goodwin fann blóðug föt Azaria nálægt villihundagreni, tæpri viku eftir að hún hvarf. Við þann fund kom í ljós að lögreglan reyndist starfi sínu ekki vaxin en sönnunargögnin voru snert á staðnum þar sem þau fundust og nánast eyðilögð. Dánardómstjóri úrskurðaði tæpu ári síðar að nánast öruggt væri að Azaria hefði verið tekin af villihundum en jafnframt að einhver hefði fjarlægt líkið.

Lögregluyfirvöld voru ekki alls kostar sátt við þessa niðurstöðu og héldu rannsókn málsins áfram. Í september árið 1981 steig doktor nokkur fram, James Cameron, og taldi sig geta sýnt fram á að Azaria hefði verið skorin á háls og að á fötum hennar mætti sjá handarfar. Auk þess fundust hemóglóbín líkamsvessar fósturs í fjölskyldubíl þeirra hjóna en meinafræðingar töldu að slíkt efni gæti einungis komið úr kornabarni. Yfirvöld útbjuggu kæru þar sem Lindy var sökuð um að hafa skorið dóttur sína á háls, komið líkinu fyrir í myndavélartösku og að því loknu átti hún að hafa snúið aftur til tjaldsvæðisins.

Síðar um kvöldið hafi hún, þegar börnin voru sofnuð, farið inn í tjaldið og leikið atburðarásina. Þegar leitarflokkarnir voru síðan önnum kafnir við að störf hafi Lindy losað sig við líkið. Á meðan Lindy var ákærð fyrir meint morð á dóttur sinni var Michael ákærður sem vitorðsmaður.

Fjölmiðlar kröfðust fórna

Ástralskir fjölmiðlar höfðu gert sitt til að þrýsta á yfirvöld um að halda rannsókninni gangandi þrátt fyrir að sönnunargögn væri ótraust. Nánast daglega birtu þeir litríkar samsæriskenningar um Chamberlain-hjónin þar sem Lindy var sögð vera norn og trúar-söfnuðurinn sem þau tilheyrðu, Sjöunda dags aðventistar, átti að eiga það til að fórna smábörnum á altari Guðs. Jafnframt fannst almenningi í Ástralíu þau ekki nógu sorgmædd að sjá opinberlega og ekki bætti úr skák að lögreglunni barst nafnlaus ábending um að nafnið Azaria þýddi í raun „fórn í óbyggðum“. Síðar kom í ljós að nafnið þýðir í raun „Blessun guðs“.

Þrátt fyrir að framganga saksóknara hafi verið ámælisverð, sönnunargögn grunsamleg, og mörg hver mjög hæpin, var Lindy engu að síður dæmd í lífstíðarfangelsi fyrir morðið á Azaria þann 29.október árið 1982 en Michael slapp með átján mánaða dóm. Næstu tvö árin reyndu fjölskyldur þeirra að fá málinu áfrýjað en allt kom fyrir ekki.

Sex ár liðu þar til í ljós kom hvað gerst hafði þessa nótt og þá réð tilviljun happi. Snemma árs 1986 hrapaði fjallgöngumaður til bana við Ayers-klettana og nokkrum dögum síðar fundust líkamsleifar hans sem villihundar höfðu átt við. Í þeirri leit fannst einnig hið týnda sönnunargagn, jakkinn sem Lindy hafði áður lýst yfir að Azaria hefði klæðst. Sá fundur varð til þess að mál Lindy og Michael var opnað að nýju og í september 1988 snéri áfrýjunarréttur við öllum dómum gegn þeim hjónum og voru þau hreinsuð af öllum ákærum. Lindy og Michael voru síðar dæmdar bætur sem nægðu þó ekki fyrir nema einum fjórða af lögfræðikostnaði þeirra og þremur árum síðar skildu þau. Í máli Azaria kom vald fjölmiðla klárlega í ljós og hve mikil áhrif þeir geta haft á skoðanir almennings. Enda var framganga þeirra í máli þessu harðlega gagnrýnd.

Með opnum huga

Segja má að mál Madeleine og Azaria hafi orðið að hálfgerðum „fórnarlömbum“ fjölmiðla þótt með ólíkum hætti sé. Á meðan móðir Azaria lenti í nornaveiðum áströlsku pressunnar sem sneri almenningi gegn henni hafa breskir fjölmiðlar lagt mikið á sig til að sýna þau Kate og Gerry í jákvæðu ljósi. Hjónin njóta samúðar landa sinna og ættingjar þeirra hafa haft greiðan aðgang að bresku sjónvarpi og dagblöðum þar sem orð á borð við „einelti“ og „ofsóknir“ hafa oftar en ekki verið notuð um rannsókn portúgölsku lögreglunnar þótt erlendir fréttaskýrendur bendi á móti á það að portúgalska lögreglan sé jafnan mjög varkár og nákvæm í vinnubrögðum. Eftir fimm mánuði virðist portúgalska lögreglan helst gruna Kate um að bera ábyrgð á hvarfi dóttur sinar. Óvíst er þó hvaða stefnu málið mun taka og hvort sönnunargögn málsins séu það sterk að þau bendi eindregið til sektar hennar. Lindy Chamberlain hefur síðustu árin ferðast vítt og breitt um heiminn og haldið fyrirlestra um mátt fjölmiðla í erfiðum málum. Á heimasíðu sinni skrifar hún orð þessi sem ættu að geta reynst fjölmiðlum og öðrum gott veganesti þegar kemur að því að mynda sér fyrirframgerðar skoðanir: „Above all, in everything that you do with your life, keep an open mind.

SÝKNUÐ Árið 1988 voru hjónin Lindy og Michael Chamberlain loks sýknuð en þá hafði Lindy setið inni í sex ár fyrir morðið á dóttur sinni.

➜ Atburðarás í máli Azaria Chamberlaine:

17. ágúst 1980: Azaria hverfur úr tjaldi Chamberlaine-hjónanna. Þrjú hundruð manns leita að stúlkunni en með engum árangri. Lindy heldur því fram við yfirheyrslu að villihundar hafi rænt barninu hennar.

24. ágúst 1980 Wally Goodwin finnur blóðug föt sem Azaria klæddist. Lögreglumenn sem koma á staðinn eyðileggja sönnunargögnin með því að snerta þau.

20. febrúar 1981 Dánardómstjórinn Dennis Barrit lýsir því yfir við réttarhöld að villihundar hefðu drepið Azaria. Hann taldi jafnframt líklegt að einhver mannlegur máttur hefði fjarlægt líkið. Réttarhöldin eru sýnd beint í áströlsku sjónvarpi.

September 1981 ögreglan hefur rannsókn að nýju eftir að Dr. James Cameron telur fullsýnt með ljósmyndatækni að Azaria hafi verið skorin á háls. Chamberlain-hjónin eru ákærð. Rannsóknin vekur athygli og fjölmiðlar sýna málinu mikinn áhuga. Óteljandi samsæriskenningar og ásakanir eru birtar á síðum blaðanna.

29. október 1982 Linda Chamberlain er dæmd í lifstíðarfangelsi. Michael Chamberlain fær átján mánaða dóm sem vitorðsmaður.

Snemma árs 1986 Fjallgöngumaðurinn David Brett deyr eftir að hann hrasar á svipuðum slóðum og Azaria hvarf. Leit lögreglunnar að líki Bretts leiðir hana að mikilvægu sönnunargagni sem sannar sakleysi Lindy og Michael.

15.september Áfrýjunardómstóll í Ástralíu snýr við öllum dómum í máli Lindy og Michael og hreinsar mannorð þeirra. Þau skilja árið 1991.

AZARIA LITLA Azaria var rétt um tveggja mánaða gömul þegar hún hvarf úr tjaldi foreldra sinna á ferðalagi þeirra í Ástralíu.

HVAÐ ER Í VÆNDUM? Mál Madeleine McCann er í biðstöðu meðan saksóknari fer yfir gögn í málinu.

➜ Tímalína í máli Madaleine McCann

3.maí: Madaleine McCann hverfur í Portúgal. Umfangsmikil leit hefst strax.

15.maí: Robert Murat fær stöðu grunaðs manns eftir að lögreglan í Portúgal leitar í húsnæði móður hans.

26.maí: Lögreglan lætur útbúa mynd af manni sem sást halda á litlu barni við hótelíbúð McCann-hjónanna.

30.maí: McCann-hjónin hitta páfann í Róm sem blessar ljósmynd af Madaleine.

6.júní: Þýskur fréttamaður spyr hjónin á blaðamannafundi hvernig þeim líði með það að sífellt fleiri virðast vilja bendla þau við hvarf dóttur sinnar.

17.júní: Rannsóknarlögreglumaðurinn Olegario Sousa viðurkennir að mikilvæg sönnunargögn kunni að hafa glatast sökum þess hversu illa gekk að girða af íbúð McCann-hjónanna.

10.júlí: Robert Murat er aftur kallaður í yfirheyrslu.

6.ágúst: Lögreglan segist ekki hafa fundið nein ný sönnunargögn hjá Murat.

7.ágúst: Blóðsblettir sem taldir eru vera úr Madaleine koma í ljós. Rannsóknarstofa í Birminham fær gögnin í sínar hendur.

11.ágúst: Lögreglan heldur áfram með rannsóknina í því ljósi að Madaleine kunni að vera látin.

31.ágúst: McCann-hjónin höfða mál á hendur dagblaðinu Tal & Qual sem fullyrti að lögreglan teldi þau hafa myrt dóttur sína.

6.september. Kate McCann er færð til yfirheyrslu sem stendur yfir í ellefu tíma. Blóð, sem sagt er vera úr Madaleine, finnst í bílaleigubíl sem hjónin höfðu tekið á leigu 25 dögum eftir að Madaleine hvarf. Hár sem gæti verið af höfði stúlkunnar finnst í skottinu.

7.september. Kate fær stöðu grunaðs aðila í málinu og sömuleiðis eiginmaður hennar.

10.september: Saksóknari í Algarve fær málskjölin í sínar hendur.

sport

» ÍÞRÓTTABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS 6.TBL 2007



»MICAH RICHARDS
DÝRLINGURINN Í MANCHESTER

»MEISTARADEILD EVRÓPU
ALLT UM LIÐIN

»RAGNAR SIGURÐSSON
KOSTAR YFIR 100 MILLJÓNIR

GAMLIR EN GÓÐIR

» MARKAHÆSTU LEIKMENN LANDSINS HITTUST Á HRAFNISTU

SPORTMYND/ANTON

Iceland Express
1011 ...alltaf opið!
Virðar
vodafone

» ÉG ER

Nafn: Hakan Mild

Aldur: 36 ára

Starf: Framkvæmdastjóri IFK Gautaborg

Fyrri félög: Trollhättans FK, IFK Göteborg, Servette, Real Sociedad, Wimbledon

Landsleikir: 74 (8 mörk)

Staða: Miðjumaður

Árangur sem leikmaður:

- Deildarmeistari í Svíþjóð: 1990, 1991, 1993, 1996
- Bikarmeistari í Svíþjóð: 1991
- Bronsverðlaun á HM: 1994

Þekkt ummæli:

„Leiðtogahæfileikar hans og ástríða fyrir félaginu er einstök og verður ekki hægt að leysa af. Ég vildi óska að hann myndi spila eitt ár í viðbót."

- Arne Erlandsen, þáverandi þjálfari IFK, eftir að Mild hafði spilað sinn síðasta leik, þá 34 ára að aldri.

-Vissir þú...

... að Mild hafði félagsskipti til Gautaborgar í alls fjögur skipti sem leikmaður. „Gautaborg er mitt lið í Svíþjóð. Ég get ekki hugsað mér að spila neinsstaðar annars staðar," lét hann eitt sinn hafa eftir sér.

... að árið 2001 var Mild seldur frá Gautaborg til Wimbledon. Honum fannst félagið fá svo lítinn pening fyrir sig svo hann ákvað að þiggja ekki tæplega 5 milljóna króna bónus sem hann átti inni hjá félaginu. Þessi hollusta gerði Mild að dýrlingi í augum stuðningsmanna Gautaborgar.

... að 11. desember 2005 spilaði Mild sinn síðasta leik á ferlinum fyrir Gautaborg, gegn Lyn í Royal League keppninni. Stuðningsmennirnir sungu nafn hans allar 90 mínútur leiksins.

Ragnar Sigurðsson hefur spilað frábærlega með Gautaborg í sumar og eru kaupin á honum sögð vera þau bestu á þessari leiktíð.
SPORT/GUÐMUNDUR SVANSSON

MILD UM RAGNAR...

Helstu kostir: „Hugarfarið. Það er algjörlega fyrsta flokks. Hann leggur sig allan fram, hvort sem um er að ræða í leikjum eða á æfingum. Hann er stöðugt að reyna að bæta sig og þannig hugarfar er það sem skilur á milli góðra leikmanna og frábærra leikmanna."

Helstu gallar: „Boltatækni. Ragnar er orðinn mun yfirvegaðri og betri á boltanum en hann var í fyrstu en hann á ennþá mikið inni. Þá mætti hann tala meira inni á vellinum og segja samherjunum til. En hvort tveggja eru smáatriði sem munu koma með aldrinum og aukinni reynslu."

BESTI VARNAR-MAÐURINN Í SVÍÞJÓÐ

» Håkan Mild er einn reyndasti landsliðsmaður Svía frá upphafi og lifandi goðsögn hjá IFK Gautaborg þar í landi. Eftir afar farsælan feril sem leikmaður hjá félaginu var Mild gerður að yfirmanni knattspyrnumála hjá félaginu í ársbyrjun 2006. Eitt af hans fyrstu verkefnum í nýja starfinu var að koma til Íslands í leit að efnilegum leikmönnum og í þeirri ferð fann hann Ragnar Sigurðsson.

EFTIR VIGNI GUÐJÓNSSON

„Við keyptum Ragnar sem framtíðarleikmann og það stóð alls ekki til að hann yrði byrjunarliðsmaður á tímabilinu í ár. Hann var hins vegar alltaf inni í myndinni og eftir að hann fékk tækifærið hefur hann ekki litið til baka. Hann hefur spilað stórkostlega síðan hann komst í liðið. Ég er kannski ekki hlutlaus, en í þeim leikjum leikjum sem ég hef séð í sænsku deildinni á tímabilinu hef ég ekki komið auga á betri varnarmann en Ragnar," segir Mild.

VERÐLAGÐUR Á 100 MILLJÓNIR

Ragnar Sigurðsson er 21 árs gamall varnarmaður sem ólst upp hjá Fylki og fékk snemma tækifærið með meistaraflokki. 18 ára gamall fékk hann eldskírn sína í efstu deild og sumarið 2005 festi hann sig í sessi sem lykilmaður í vörn Fylkis. Þá virðist hann vera orðinn fastamaður í landsliði Eyjólfs Sverrissonar eftir frábæra frammistöðu gegn Spánverjum og Norður-Írum í síðustu viku.

Gautaborg keypti Ragnar af Fylki í október á síðasta ári. Mild vill ekki gefa upp hvað Gautaborg greiddi Fylki fyrir Ragnar en hann segir að um algjör kjarakaup hafi verið að ræða, miðað við frammistöðuna á sínu fyrsta ári með liðinu. „Kaupin á Ragnari eru með þeim betri á árinu í Svíþjóð," segir hann.

Nokkur stærri félög frá meginlandi Evrópu, til dæmis Club Brugge í Belgíu og Kaiserslautern í Þýskalandi, hafa þegar borið víurnar í Ragnar en Mild segir Gautaborg ekki hafa nokkurn áhuga á að missa hann. Samkvæmt heimildum Sport er Ragnar verðlagður á yfir 100 milljónir króna, sem undirstrikar hvað best í hversu miklum metum hann er.

VERÐUR MIKLU BETRI

Mild sá Ragnar spila þrjá leiki með Fylki á sínum tíma og einn leik með u-21 árs landsliði Íslands. „Við skoðuðum hann mjög vel og fullvissuðum okkur um að hann yrði okkur liðsstyrkur. Allir sjá að hann er mjög fljótur og öflugur í loftinu, en hann var nokkuð samt nokkuð hrár. Hæfileikarnir voru hins vegar augljóslega til staðar og hann hefur náð gríðarlegum framförum á skömmum tíma hér í Svíþjóð."

Mild bætir við að þjálfarar og forráðamenn hafi mikla trú á Ragnari. „Við erum sannfærðir um að hann eigi eftir að verða miklu betri. Ég tel mig þekkja nokkuð vel til íslenskrar knattspyrnu og held að hann verði einn af bestu varnarmönnum sem Ísland hefur nokkurn tíma átt." «

DRAUMALIÐIÐ

» SINISA KEKIC Sinisa Valdimar Kekic, leikmaður Víkings, kom til Íslands árið 1996 og spilaði með Grindavík í áratug. Í fyrra söðlaði hann um og gekk í raðir Þróttar í 1. deildinni áður en hann skipti yfir í Víking fyrir núverandi tímabil. Kekic er að flestra mati einn albesti leikmaður sem spilað hefur í efstu deild á Íslandi og er nú, þrátt fyrir að vera orðinn 37 ára gamall, í fullu fjöri með Víkingum í Landsbankadeildinni. Sport fékk Kekic til að velja draumalið sitt í íslenska boltanum. Gjaldgengir í liðið voru leikmenn sem hann hefur spilað með eða á móti á sínum ferli hér á landi.

„Þetta var gríðarlega erfitt val og ég vildi óska að ég gæti stillt upp í 2-3 lið. Ef allir þessir leikmenn væru í toppformi yrði þetta lið svo gott sem ósigrandi."



512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

Á ÞRIÐJUDAG KL. 18:30

PORTO LIVERPOOL

MEISTARADEILDIN

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

STERKASTA DEILD Í HEIMI

Á ÞRIÐJUDAG KL. 18:30
Porto - Liverpool Sýn
AC Milan - Benfica Sýn Extra
Real Madrid - Werder Bremen Sýn Extra 2

Á MIÐVIKUDAG KL. 18:30
Sporting - Man. Utd. Sýn
Arsenal - Sevilla Sýn Extra
Barcelona - Lyon Sýn Extra 2

Upphitun hefst kl. 18:00
Umfjöllun um alla leiki kvöldsins kl. 20:40

sýn
besta sætið

ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% afslátt af fyrsta mánuðinum.

Alþjóðavæðing enska boltans

11 FJÖLDI erlenda leikmanna sem voru í byrjunarliðum félaga sinna í fyrstu umferð ensku úrvalsdeildarinnar árið 1992.

340 FJÖLDI erlenda leikmanna sem voru á mála hjá félögum ensku úrvalsdeildarinnar í lok síðasta tímabils.

10 MILLJÓNIR króna sem voru árlegt meðalkaup leikmanna í ensku úrvalsdeildinni árið 1992. Í dag fær Scott Parker jafnmikið í vikulaun hjá West Ham.

25 MILLJARÐAR króna sem Sky greiddi fyrir sjónvarpsrétt á ensku úrvalsdeildinni árið 1992.

225 MILLJARÐAR króna sem Sky og Setanta greiddi nýlega fyrir sjónvarpsrétt á ensku úrvalsdeildinni næstu þrjú árin.

83 MILLJARÐAR króna sem fengist hafa fyrir sölu á sýningarrétti ensku úrvalsdeildarinnar til landa utan Bretlands. Rétturinn nær til þriggja ára og er enska úrvalsdeildin sýnd í alls 208 löndum um allan heim.

5 FJÖLDI erlendra knattspyrnustjóra í ensku úrvalsdeildinni. Árið 1992 var enginn erlendur stjóri.

40 PRÓSENTAMUNURINN á heildarhagnaði félaga ensku úrvalsdeildinnar og félaga í ítölsku A-deildinni. Hagnaður stærstu ensku félaganna var mun meiri hlutfallslega.

9 FJÖLDI enska úrvalsdeildarfélaga sem eru í eigu útlendinga. Árið 1992 var ekkert félag í eigu útlendings. Árið 2003 var það eitt félag, Fulham, og hafði eigandi þess átt heima í Bretlandi í 30 ár.

40 MILLJÓNIR króna sem David Dein borgaði árið 1983 fyrir eignahlut sinn í Arsenal. Í dag er hlutur hans talinn vera átta milljarða króna virði.

FEITUSTU BITARNIR Á MARKAÐNUM

Samningar fjölda leikmanna Landsbankadeildar karla munu renna út eftir núverandi tímabil og er allt útlit fyrir að nokkur stór nöfn verði á lausu. Það má því búast við miklu fjöri á leikmannamarkaðnum hér heima í haust, en eftir 15. október er samningslausum leikmönnum frjálst að ræða við önnur félög. Sport skoðaði þá leikmenn sem eru líklegir til að vera eftirsóttir.

GRÉTAR SIGFINNUR SIGURÐARSON

Víkingi. 24 ára varnarmaður.

Frábær varnarmaður sem hefur forsögu deilna hjá Víkingi. Var lánsmaður hjá Val fyrir tveimur árum og vildi þá ekki snúa aftur í Víking. Hafði þó á endanum ekki um annað að velja, enda samningsbundinn félaginu. Náði mjög vel saman með Atla Sveini Þórhallssyni á sínum tíma og Valsmenn vilja ábyggilega endurbyggja það samstarf.

Líkleg til að hafa áhuga: Valur, KR.

SINISA KEKIC

Víkingi. 37 ára sóknarmaður.

Þrátt fyrir að vera orðinn 37 ára hefur Kekic sýnt í sumar að hann er liðsstyrkur fyrir hvaða lið sem er. Framhald Kekic veltur á því hvort Víkingar falli í haust, en þó er hann allt eins líklegur til að vera áfram hjá liðinu. Endurkoma „heim" til Grindavíkur gæti þó verið freistandi kostur.

Líkleg til að hafa áhuga: Fram, Grindavík, Þróttur, Fjölnir.

BJÖRGÓLFUR HIDEAKI TAKEFUSA

KR. 27 ára sóknarmaður.

Magnaður markaskorari sem hefur spilað langt undir getu í sumar. Í sínu besta formi er Björgólfur einn albesti framherji efstu deildar. Framhaldið veltur á gengi KR á komandi lokaspretti Landsbankadeildarinnar í ár enda Björgólfur alltof góður leikmaður til að spila í 1. deild.

Líkleg til að hafa áhuga: FH, Valur, Fylkir, Keflavík, ÍA, Breiðablik, Fram, Víkingur, Þróttur

SIGMUNDUR KRISTJÁNSSON

KR. 24 ára miðjumaður.

Flinkur vængmaður sem býr yfir miklum hæfileikum. Hefur átt fast sæti í liði KR í sumar en átt misjafna leiki. Í sínu besta formi er Sigmundur jafngóður og hver annar í Landsbankadeildinni en hann á það til að týnast inn á milli. Uppalinn Þróttari sem hefur líklega takmarkaðan áhuga á að spila í 1. deild.

Líkleg til að hafa áhuga: Valur, Fylkir, Fram, Þróttur, Grindavík.

BALDUR INGIMAR AÐALSTEINSSON

Val. 27 ára miðjumaður.

Einn hæfileikaríkasti leikmaður Landsbankadeildarinnar. Var verðlaunaður fyrir góða frammistöðu með Valsmönnum í sumar með sæti í landsliðinu. Gæti fengið tækifæri í atvinnumennsku í haust en er annars líklegur til að vera áfram hjá Val, nema eitt af hinum stóru félögunum geri honum risatilboð.

Líkleg til að hafa áhuga: FH, KR.

TRYGGVI SVEINN BJARNASON

KR. 24 ára varnarmaður.

Stór og stæðilegur miðvörður sem hefur aldrei náð sér almennilega á strik með KR. Sýndi það og sannaði með ÍBV að hann hefur allt til brunns að bera sem miðvörður þarf í Landsbankadeildinni. Eilítið mistækur en gríðarlega öflugur á góðum degi.

Líkleg til að hafa áhuga: Fylkir, Fram, Víkingur, Keflavík, Fjölnir, Grindavík.

BJARNI ÞÓRÐUR HALLDÓRSSON

Fylki. 24 ára markmaður.

Frábær markvörður sem varð undir í samkeppninni við Fjalar Þorgeirsson hjá Fylki og var því lánaður til Víkings í sumar. Stóð sig mjög vel þar til Ingvar Kale snéri aftur úr meiðslum og tók byrjunarliðssætið. Er því líklegur til að spila annars staðar á næsta tímabili. Verður væntanlega mjög eftirsóttur af liðum sem vantar öflugan markmann.

Líkleg til að hafa áhuga: Fram, Fjölnir, KR.

STEINÞÓR GÍSLASON

Val. 23 ára varnarmaður.

Öflugur bakvörður sem átti við meiðsli að stríða framan af tímabili og varð þannig fórnarlamb þess breiða leikmannahóps sem Valur hefur á að skipa. Gæti hugsað sér til hreyfings vegna skorts á tækifærum og ætti að geta plummað sig vel í hvaða liði sem er.

Líkleg til að hafa áhuga: KR, Fram, ÍA, Fylkir, Keflavík, Breiðablik, Þróttur, Grindavík.

AUÐUNN HELGASON

FH. 33 ára varnarmaður.

Margreyndur landsliðsmaður og fyrrum atvinnumaður. FH-ingur í húð og hár en skortur á tækifærum í sumar gæti orðið til þess að Auðunn hugsi sér til hreyfings. Þó verður að teljast afar ólíklegt að Auðunn svíki lit.

Líkleg til að hafa áhuga: Valur, KR, Fylkir, Breiðablik, Fram, Keflavík, Fjölnir, Grindavík, Þróttur.

HJÁLMAR ÞÓRARINSSON

Fram. 21 árs sóknarmaður.

Tækniskur og fljótur sóknarmaður sem hefur átt misjafna leiki hjá Fram í sumar en býr yfir meiri hæfileikum en flestir aðrir leikmenn Landsbankadeildarinnar. Mun væntanlega freista þess að komast í atvinnumennsku en verður annars væntanlega undir smásjánni hjá fjölmörgum liðum fyrir næstu leiktíð.

Líkleg til að hafa áhuga: Valur, ÍA, Keflavík, Breiðablik, Þróttur, Fjölnir, Fylkir.

AÐRIR SEM ERU ÁN SAMNINGS:*

Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir
Sigurvin Ólafsson
Guðmundur Steinarsson
Kristinn Magnússon
Skúli Jón Friðgeirsson
Heimir Snær Guðmundsson
Guðmundur Benediktsson
Kristinn Hafliðason
Örn Kató Hauksson
Guðjón Árni Antoníusson
Ingvi Rafn Guðmundsson
Stefán Örn Arnarson
Albert Brynjar Ingason
Páll Einarsson
Gunnar Örn Jónsson
Kristján Óli Sigurðsson
Magnús Páll Gunnarsson
Hólmar Örn Eyjólfsson
Jón Þorgrímur Stefánsson
Þórður Birgisson
Dean Martin
Kári Steinn Reynisson

Margir af erlendu leikmönnum deildarinnar semja einungis til eins árs í senn og eru því með lausa samninga. Ljóst er að þeir leikmenn sem staðið hafa sig best með félögum sínum í sumar munu vekja áhuga annarra liða, hafi þeir á annað borð áhuga á að spila aftur á Íslandi á næstu leiktíð. ***Samkvæmt upplýsingum frá KSÍ***

SALA ÚTSALA ÚTSALA Ú

A ÚTSALA ÚTSALA ÚTSA

Við berjum niður

verðið!

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

LEIÐ MICAH ÚR UNGLINGALIÐINU Í AÐALLIÐIÐ

Maí 2005: Valinn efnilegasti leikmaður Man. City eftir að hafa spilað stórkostlega fyrir unglingalið félagsins á tímabilinu.

Júlí 2005: Tekur þátt í fullu undirbúningstímabili með aðalliðinu og spilar reglulega í æfingaleikjum – sem framherji. Skoraði þrjú mörk í jafnmörgum leikjum á undirbúningstímabilinu og er verðlaunaður með sæti í leikmannahópi aðalliðsins. Fær treyju nr. 45.

September 2005: Er orðinn yfirburðamaður í varaliði City og skorar meðal annars mark í 3-2 sigurleik gegn Wigan.

Október 2005: Spilar sinn fyrsta leik með aðalliði City í úrvalsdeildinni gegn Arsenal í október 2005, liðinu sem hann studdi með ráðum og dáðum í æsku. Lék þá sem framherji.

Janúar 2006: Orðinn fyrirliði varaliðsins og U-19 ára liðs Man. City, aðeins 17 ára gamall.

Febrúar 2006: Spilar sinn fyrsta leik á heimavelli með aðalliðinu þegar hann kemur inn á fyrir Joey Barton. Lék þá sem miðjumaður.

Febrúar 2006: Er í fyrsta sinn í byrjunarliði aðalliðsins í leik gegn Charlton í ensku úrvalsdeildinni. Spilaði allan leikinn í stöðu hægri bakvarðar.

Febrúar 2006: Skorar sitt fyrsta mark fyrir aðalliðið þegar hann jafnar metin gegn Aston Villa í bikarkeppninni.

Mars 2006: Orðinn fastamaður í byrjunarliði City og hefur ekki litið til baka síðan þá. Spilaði sem hægri bakvörður í fyrstu en hefur nú verið færður í stöðu miðvarðar.

19 ÁRA DÝRLINGUR

Ef eitthvert félag hefði viljað kaupa hinn 19 ára gamla Micah Richards af Manchester City fyrir ári síðan hefði það þurft að punga út um tveimur milljörðum króna. Ekkert félag var tilbúið að greiða svo háa upphæð. Í dag myndi uppboð á leikmanninum hefjast í þremur milljörðum króna, hið minnsta. Micah Richards er ekki aðeins einn allra efnilegasti leikmaður sem upp hefur komið á Englandi í áraraðir – hann er þegar orðinn einn af þeim bestu.

EFTIR VIGNI GUÐJÓNSSON

Micah Richards hefur stimplað sig rækilega inn á fyrsta mánuði tímabilsins sem einn albesti varnarmaður ensku úrvalsdeildarinnar. Richards hefur blómstrað í stöðu miðvarðar – stöðu sem hann hafði aldrei spilað áður á sínum ferli þar til Sven-Göran Eriksson, nýr stjóri City, ákvað að það væri sú staða sem hentaði honum best. Á föstudaginn var Micah verðlaunaður fyrir frammistöðu sína með því að vera valinn leikmaður mánaðarins. Lið City fór einstaklega vel af stað í haust, vann fyrstu þrjá leiki sína í deildinni og fékk ekki á sig mark, en síðan þá hefur liðið þó aðeins dalað. Varnarleikur liðsins hefur ekki verið betri í áraraðir og vilja stuðningsmenn liðsins helst þakka það frammistöðu Micah. 19 ára gamall er hann þegar kominn í guðatölu stuðningsmanna félagsins.

CITY ER MITT FÉLAG

Þrátt fyrir nokkur gylliboð frá stærstu félögum Englands hefur Micah hug á að vera áfram hjá City um ókomin ár og taka þátt í uppbyggingu Erikssons. „Hjá stóru liðunum er algengt að þú sért hvíldur í öðrum hverjum leik og ég tel að það sé ekki hentugt fyrir ungan leikmann eins og mig. Það er líka mikilvægt að spila hvern einasta leik til að festa sig í sessi hjá landsliðinu," útskýrir Micah og er augljóst að hann ber mikla virðingu fyrir sænska þjálfaranum. „Tungumálin í búningsklefanum eru mörg og ólík það er mikið af nýjum leikmönnum í liðinu. Samt er andinn góður og allir ná að skilja hver annan. Það er ákveðið afrek sem er Eriksson að öllu leyti að þakka."

ER RÉTT AÐ BYRJA

Micah spilaði á miðjunni með unglingaliðum Man. City en fékk tækifærið hjá Stuart Pearce, fyrrverandi stjóra City, í hægri bakverðinum fyrir tveimur árum. Þá var Micah 17 ára, en þrátt fyrir ungan aldur stóð hann sig frábærlega og festi sig í sessi sem byrjunarliðsmaður. Og þótt hann hafi spilað sem miðvörður með félagsliði sínu á þessu tímabili er hann notaður sem bakvörður í landsliði Englands. Fjölhæfnin er óumdeilanleg en þjálfarinn, Simon Clifford, skólastjóri brasilísku knattspyrnuakademíunnar í Bretlandi, þaðan sem Micah útskrifaðist á táningsaldri, telur að hans besta staða sé á miðjunni.

„Hann er miðjumaður að upplagi og ég tel fullvíst að hann muni enda þar. Hann getur orðið betri en Steven Gerrard. Það segi ég vegna þess að hann býr yfir meiri hæfileikum en hann. Fólk hefur séð hversu góður hann er að verjast en færri hafa séð að hann er gríðarlega tæknískur og skorar mikið af mörkum ef hann er framar á vellinum," segir Clifford.

Það eina sem skiptir Micah sjálfan máli er að fá að spila – og skiptir þá engu máli hvar á vellinum það er. Hann hefur tjáð Steve McLaren að hann þurfti engar áhyggjur að hafa af sér. „Hann má láta mig spila hvar sem er á vellinum. Ég mun ekki bregðast honum." Sjálfstraustið sem endurspeglast í þessum nýlegu ummælum Richards eru einkennandi fyrir þann karakter sem hann býr yfir. Þá er þetta sjálfstraust líklega það sem skilur hann frá öðrum jafnöldrum hans í ensku úrvalsdeildinni. „Ég er bara 19 ára en þetta er mitt þriðja tímabil og mér líður eins ég sé lykilmaður. En ég er bara rétt að byrja."

VISSIR ÞÚ...

...að Micah er útskrifaður úr brasilískum fótboltaskóla á Englandi sem þjálfar efnilega leikmenn þar í landi að brasilískum sið. Áherslan er lögð á tækni og leikskilning og hefur Micah látið hafa eftir sér að sú þjálfun sem hann hlaut í skólanum hafi gert sig að þeim fjölhæfa leikmanni sem hann er í dag.

...að faðir Micah hefur horft á hverja einustu mínútu í hverjum einasta leik sem sonur hans hefur spilað á ferlinum, ef undan eru skildir tveir leikir þar sem hann komst ekki úr vinnu.

...að þrátt fyrir að hafa ekki farið leynt með áhuga sinn á leikmanninum hefur Chelsea aldrei gert formlegt tilboð í Micah. City hefur aðeins einu sinni hafnað tilboði í Micah, frá Tottenham í júlí 2006. Það hljóðaði upp á 620 milljónir króna.

UMMÆLI

„Hann verður betri og betri með hverjum leik. Það eru enginn takmörk fyrir hversu góður Micah getur orðið. Hann er 19 ára og hann tapar ekki návígi eða skallaeinvígi. Hvernig verður hann hefur nokkur ár?"
Richard Dunne, félagi Micah í vörn City.



„Ég hef aldrei unnið með varnarmanni sem er jafn fljótur og líkamlega sterkur."
Sven Göran Eriksson, þjálfari City.

„Ef fram heldur sem horfir mun Micah verða lykilmaður í enska landsliðinu næstu 15 árin."
Steve McLaren, þjálfari enska landsliðsins.

„Enginn er betri maður á mann en Micah. Það er nánast ómögulegt að komast fram hjá honum."
Simon Clifford, skólastjóri brasilísku knattspyrnuakademíunnar.



» ÞURFUM EKKI AÐ SELJA HANN

Sven Göran Eriksson, þjálfari City.

Sven-Göran Eriksson hefur lofað stuðningsmönnum Man. City að þeir muni ekki þurfa að horfa á eftir **Micah Richards** líkt og þegar **Shaun-Wright Phillips** fór til Chelsea fyrir metfé á sínum tíma. Eriksson segir City vera í góðum höndum hjá nýja eigandanum **Thaksin Shinawatra** og félagið þurfi ekki á peningnum að halda. „Ég skil áhyggjur stuðningsmannana en held að þær séu óþarfar. Ég hefði aldrei komið til þessa félags ef aðstæður væru þannig að það seldi sína bestu leikmenn. Við munum gera allt til að halda leikmanni í hans gæðaflokki hjá liðinu. Hann er ánægður hér og okkur dettur ekki í hug að selja hann."

Eriksson hefur gríðarlega mikið álit á Micah og segist hafa fylgst grannt með honum í tvö ár. „Hann var á lista mínum yfir þá leikmenn sem komu til greina í landsliðshóp fyrir HM í fyrra en því miður meiddist hann og átti því ekki möguleika. Ég vissi að hann væri góður leikmaður áður en ég kom hingað – bara ekki svona rosalega góður. Og hann á bara eftir að verða betri," segir Eriksson.

Sá sænski hefur sagt frá því að eitt það fyrsta sem hann gerði á sinni fyrstu æfingu með City var að spyrja Micah hvar á vellinum hann vildi spila. Svarið sem Eriksson fékk frá Micah var eftirfarandi: „Mér gæti ekki verið meira sama."

Micah Richards hefur gríðarlegan stökkkraft, eins og sést vel á þessari mynd.

ASUS FARTÖLVUR

TASKA OG MÚS FYLGIR ÖLLUM FARTÖLVUM

TILBOÐ SEM HITTA BEINT Í MARK

ALVÖRU LEIKJAVÉL

ASUS G1-AK005G

- 15.4" TFT WSXGA+ breiðskjár
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 Duo T7200 2.00GHz örgjörvi
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400rpm harður diskur
- nVidia GeForce Go 7700 512MB skjákort
- Intel High Definition samhæft hljóðkort ofl.
- Windows Vista Ultimate stýrikerfi

Bakpoki og laser mús fylgja leikjavélinni

TILBOÐ 159.990
FULLT VERÐ kr. 199.990

FRÁBÆR FYRSTA VÉL

ASUS X51R-AP009A

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár
- Intel Celeron M520 1.6GHz örgjörvi
- ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Windows Vista Home Basic stýrikerfi
- Sound Blaster Pro hljóðkort og fl.

15.4" TFT WGA SKJÁR

VERÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 69.990

ÖFLUG VÉL - FRÁBÆRT VERÐ

ASUS F5R-AP138C

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T2130 1.83GHz örgjörvi
- ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Azaila samhæft hljóðkort og fl.

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

VERÐ 69.990
FULLT VERÐ kr. 89.990

VEL ÚTBÚIN VÉL - TIL Í ALLT

ASUS F5V-AP021C

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T2450 2.0GHz örgjörvi
- ATI RADEON Express X2300 896MB skjákort
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Sound Blaster Pro hljóðkort og fl.

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

VERÐ 89.990
FULLT VERÐ kr. 109.990

CORE 2 DUO OG BLUE TOOTH

Asus F3SE-AS069C

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 Duo T5450 1.66GHz örgjörvi
- ATI MOBILITY RADEON X2500 896MB skjákort
- 2048MB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Sound Blaster Pro hljóðkort og fl.

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

VERÐ 99.990
FULLT VERÐ kr. 119.990

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2007

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspitalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

ÍBÚNINGS-KLEFANUM

Með Sigmundi Kristjánssyni

Hver er best klæddur?
Gústi Gylfa. Hann er á rándýrum samningi hjá bræðrunum (Hugo & Boss)

Hver er verst klæddur?

Rúnar Kristinsson. Hann þarf að koma sér úr belgísku tískunni sem fyrst.

Hver hlustar á verstu tónlistina?
Kristinn Magnússon er með 3. stig í trompetleik og var í blásturssveit Melaskóla á sínum tíma. Guðmundur Reynir er klassískur píanóleikari og er tónlistarsmekkur þeirra því í samræmi við það.

Hver á flottasta bílinn?
Pétur Marteins. Sænski eðalvagninn er sannkölluð „dýrari týpan".

Hver á ljótasta bílinn?
Kristinn Magnússon ekur um á eldgömlu geimskipi, sem hann vill meina að konur falli fyrir.

Hver er stæltastur?

Gústi Gylfa, flottasti gamli maður sem ég hef séð.

Hver er alltaf á síðustu stundu?
Stefán Logi er sjaldan á réttum tíma – brjálað að gera hjá honum að selja parket.

Hver eyðir mestum tíma fyrir framan spegilinn?
Skúli Jón. Til að verða flottasti strákurinn í Verzló þarf að leggja mikið á sig.

Hver er hjátrúarfyllstur?
Framherjar liðsins, Takefusa, Grétar Hjartar og Kolvetnis-Jói eru frekar steiktir í þessum málum.

Hversu góður er þjálfarinn þinn í fótbolta, á skalanum 1-10?
Hef ekki ennþá séð Loga spila, en Steini Gísla í dag fær 7 í einkunn.

5 ERFIÐUSTU ANDSTÆÐINGARNIR

Varnarmaðurinn Ívar Ingimarsson hefur leikið sem atvinnumaður í Englandi frá árinu 1999 og er nú á sínu öðru tímabili með Reading í ensku úrvalsdeildinni. Sport fékk Ívar til að segja frá fimm erfiðustu andstæðingum sem hann hefur mætt á sínum ferli.

Eftir Vigni Guðjónsson

DIDIER DROGBA
Félag: Chelsea
Aldur: 29 ára

„Stór og líkamlega sterkur, mjög góður skallamaður sem getur einnig skorað glæsileg mörk fyrir utan teiginn. Ég hef spilað á móti honum þrisvar núna og það er alltaf jafn skemmtilegt. Það er alltaf nóg að gera gegn Drogba og eftir leik á móti honum kemur maður allur lurkum laminn af velli."

ANDY JOHNSSON
Félag: Everton
Aldur: 26 ára

„Gegn Andy gefst aldrei nein hvíld. Hann er ekki aðeins fljótur og alltaf að reyna að komast aftur fyrir varnir andstæðinganna heldur er hann einnig ótrulega duglegur að djöflast í varnarmönnum og gefa þeim engan tíma á boltanum. Skorar kannski ekki eins mikið og hann vildi, en með hraða og dugnaði leggur hann upp tækifæri fyrir samherjana."

CRAIG BELLAMY
Félag: West Ham
Aldur: 28 ára

„Eins leiðinlegt og það er nú að segja það þá er Bellamy einfaldlega mjög góður leikmaður, með hraðann sem sitt helsta vopn. Hann er sá allra fljótasti sem ég hef spilað gegn. Ég spilaði með Brentford gegn Newcastle í bikarnum fyrir 5-6 árum. Það var 1-1 þegar Bellamy kom inn á í framlengingu – hann skoraði þrennu."

RONALDO
Félag: Man. Utd.
Aldur: 22 ára

„Þótt hann sé ekki framherji hef ég fengið það hlutverk að dekka hann í hornum og aukaspyrnum. Í stuttu máli er það alveg skelfilegt – hann er svo snöggur og sterkur. Maður þyrfti eiginlega að geta teipað sig fastan við hann. Þegar ég sé hann spila er ég alltaf þakklátur fyrir að hafa ekki endað sem bakvörður."

DIRK KUYT
Félag: Liverpool
Aldur: 27 ára

„Mjög hreyfanlegur framherji, stendur nánast aldrei kyrr. Mjög góður á bolta og með miklar færslur, þegar hann gefur boltann reynir hann alltaf að hlaupa í eyður til að fá hann aftur. Mjög snöggur á fyrstu metrunum."

Ívar átti í nokkrum vandræðum með að velja aðeins fimm leikmenn á sinn lista yfir erfiðustu andstæðingana í gegnum tíðina. Varnarmaðurinn sterki, sem gegnt hefur lykilhlutverki hjá Reading frá árinu 2003, segir urmul af góðum framherjum í ensku úrvalsdeildinni en í neðri deildunum séu einnig mjög öflugir sóknarmenn sem fótboltaáhugamenn á Íslandi kannast lítið við. „Það eru margir virkilega góðir framherjar í neðri deildunum sem ég hef fengið að kljást við í gegnum tíðina," segir Ívar.

Ekki er hægt að segja að það komi á óvart að sjá þau nöfn sem eru á lista Ívars. Didier Drogba og Cristiano Ronaldo voru bestu leikmenn síðasta tímabils á Englandi og Dirk Kuyt stóð sig frábærlega á sinni fyrstu leiktíð með Liverpool. Þrátt fyrir að hafa fengið takmörkuð tækifæri hjá Rafa Benitez er Craig Bellamy gríðarlega erfiður andstæðingur, að sögn Ívars, og þá er Andy Johnson mikill markahrellir. „Ég hefði getað nefnt marga aðra leikmenn. Næstu menn á listann væru líklega Mark Viduka, sterkur leikmaður með góða tækni og veit hvar markið er. Svo er Michael Owen frábær, þegar hann er heill heilsu," segir Ívar en athygli vekur að hvorki Wayne Rooney né Thierry Henry komast á listann.

sport
Útgefandi: 365, Ritstjóri: Vignir Guðjónsson, vignir@frettabladid.is

Forsíðumyndina tók Anton Brink af knattspyrnumönnunum Helga Sigurðssyni, Tryggva Guðmundssyni og Jónasi Grana Garðarssyni á Hrafnistu.

Sendum frítt um land allt!
Jeppadekk
GT RADIAL
MAXXIS
Heilsársdekk
31" kr. 12.900
(31x10.50R15)
33" kr. 15.900
(33x12.50R15)
Úrval annarra stærða upp í 38".
Felgustærð 15", 16" 17" og 18".
Nánar á jeppadekk.is
Við mælum með míkróskurði
PIPAR • SÍA • 70622
JEPPADEKK.is
Alorka • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

AF HVERJU HELD ÉG MEÐ

» LIVERPOOL „Ég hef haldið með Liverpool frá því ég man eftir mér, líklega vegna þess að það var lið áttunda áratugarins og það fyrsta sem náði mínum augum og eyrum. Ég hef fylgst með liðinu af miklu áhuga síðan og stutt í gegnum súrt og sætt. Liverpool byrjar tímabilið mjög vel og það eru greinilega miklar framfarir frá því í fyrra. Ég vona bara að framfarirnar verði nægilegar til að vinna deildina í ár."

» KR „Ég er uppalinn í Breiðholtinu og þar var ekkert öflugt félag með góðan aðbúnað. Margir fóru því til annarra liða og ég fór sjálfur í Fram. Á unglingsárunum kynntist ég mörgum KR-ingum og fór að hafa taugar til liðsins og eftir að ég flutti í Vesturbæinn er ekki aftur snúið. Nú spila dætur mínar með félaginu og ég er svarthvítur inn að beini."

Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi

Útborgun
í hverjum mánuði!

OKTÓBER 2007

SUNNUDAGUR	MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR	LAUGARDAGUR
30	1 Útborgun vaxta 40	2	3	4	5	6
7	8 41	9	10	11	12	13
14	15 42	16	17	18	19	20
21	22 43	23	24	25	26	27
28	29 44	30	31	1	2	3

NÓVEMBER 2007

SUN.	MÁN.	ÞRI.	MIÐ.	FIM.	FÖS.	LAU.
28	29	30	31	Útborgun vaxta	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	1

DESEMBER 2007

SUN.	MÁN.	ÞRI.	MIÐ.	FIM.	FÖS.	LAU.
25	26	27	28	29	30	Útborgun vaxta
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31	1	2	3	4	5

NÝJUNG

Vaxtaauki
innlánsreikningur

Innistæða	Vextir á mánuði*
1.000.000	9.958
3.000.000	29.875
5.000.000	53.333
10.000.000	106.667
15.000.000	160.000
20.000.000	215.833

* Samkvæmt vaxtatöflu Netbankans 12. sept. 2007

Viðskiptavinir fá greidda vexti mánaðarlega í stað árlega. Ef vextirnir liggja óhreyfðir inni á reikningnum safna þeir vaxtavöxtum.

- Háir vextir, greiddir út mánaðarlega
- Stighækkandi vextir eftir innistæðu
- Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Vaxtaauki er kjörinn fyrir fólk sem á sparifé og vill nota vextina til að standa straum af mánaðarlegum útgjöldum.

Reikningurinn er óverðtryggður og er innistæðan laus til útborgunar hvenær sem er.

Farðu inn á www.nb.is og stofnaðu reikning strax í dag.

Netbankinn

www.nb.is • Sími 550 1800

Hmminn og hf / SÍA 9070881

GÓÐUM UNGUM LEIKMÖ

Helgi Sigurðsson (33), Jónas Grani Garðarsson (34) og Tryggvi Guðmundsson (33) eru samtals 100 ára gamlir og eru samkvæmt flestum stöðlum komnir fram yfir sín bestu ár í boltanum. Samt sem áður hefur enginn í Landsbankadeildinni skorað eins mikið og þeir í ár. Sport hitti þremenninganna að máli á eina staðnum sem var við hæfi, Hrafnistu – dvalarheimili aldraðra í Reykjavík, og ræddi við þá um aldurinn, mörkin og íslenska boltann.

Eftir Vigni Guðjónsson

Tryggvi Guðmundsson, Helgi Sigurðsson, Jónas Grani Garðarsson.

Hvernig finnst ykkur umræðan um ykkur „gömlu karlana“ sem skorið mest? Á hún rétt á sér og ef svo er, má þá ekki túlka hana sem ákveðin áfellisdóm yfir yngri kynslóðinni?

Tryggvi: Það þarf ekki að vera svo skelfilegt að eldast. Þetta veltur náttúrulega allt á því hvernig menn hugsa um líkamann.

Helgi: Ég fíla mig allavega þannig að ég sé í betra formi en fyrir 3-4 árum þannig að aldurinn er ekki allt.

Tryggvi: En þessi staðreynd, að við gamlingjarnir skorum mest, setur vissulega ákveðin spurningarmerki við æskuna. Ég og Helgi höfðum verið í atvinnumennsku og þegar ég kom heim fannst mér vera minna af ungum og virkilega góðum leikmönnum en áður. Það eru alltaf nokkrir slíkir leikmenn en þeir eru færri en áður.

Helgi: Ég man að þegar við Tryggvi vorum að byrja í kringum tvítugsaldurinn þá vorum við alltaf að skora um og yfir tíu mörk í deildinni.

Tryggvi: Einmitt, ég og þú og Doddi (Þórður Guðjónsson, leikmaður ÍA) vorum allir með yfir tíu mörk á sama tímabilinu (sumarið 1993), ekki orðnir tvítugir.

Helgi: Þetta sér maður ekki gerast svo glatt í dag.

Hvað hefur þá breyst á þessum rúma áratug?

Helgi: Það er erfitt að segja. Hluti skýringarinnar er vissulega að leikmenn eru að fara fyrr út í atvinnumennsku en samt er það ekki allt. Ég er 18-19 ára að skora 14 mörk. Maður fer ekki mikið yngri en það út.

Tryggvi: Já, sama hér. Ég var 19 ára og skoraði 13 mörk.

Er þetta ekki einfaldlega ferlið í boltanum í dag? Ef menn geta eitthvað, þá fara þeir út um leið og þeir treysta sér til. Síðan koma þeir heim tíu árum seinna og eru ennþá bestir?

Tryggvi: Jú, en samt má ekki einblína um of á þá skýringu að menn séu að fara fyrr út. Ég held að þetta snúist líka svolítið um yngri flokka þjálfun og svo lifum við náttúrulega í mjög breyttu samfélagi í dag. Þegar við vorum yngri fórum við ekki bara á fótboltaæfingu. Bæði fyrir og eftir æfingu vorum við í fótbolta. Það komst ekkert annað að en bolti. Maður sér þetta ekki lengur í dag. Það er farið á fótboltaæfingu og eftir hana er farið heim í PlayStation.

Hvernig líður ykkur í líkamanum? Finnið þið árin hellast yfir ykkur?

Tryggvi: Nei, ekki ennþá. Maður spilar allavega 90 mínútur í flestum leikjum og jafnvel 120 mínútur.

Helgi: Ég finn helst fyrir því að maður er kannski lengur að ná sér eftir leiki. Sjúkraþjálfarinn Grani þarf ekki að hafa áhyggjur af þessu, hann nuddar sig bara sjálfur.

Grani: Já, einmitt (hlær).

Jónas Grani er menntaður sjúkraþjálfari og starfar sem slíkur meðfram boltanum. Hann mun seint nudda sig sjálfur og leitar líklega heldur á náðir síns nánasta samstarfsmanns, Ásmundar Arnarssonar, þjálfara 1. deildar liðs Fjölnis, sem einmitt tekur á móti Tryggva og félögum í FH í úrslitum VISA-bikarsins eftir nokkrar vikur. Tryggvi starfar sem markaðsráðgjafi hjá Skjá einum en Helgi vatt kvæði sínu í kross í haust og er byrjaður í viðskiptafræði í Háskólanum í Reykjavík. Hann tekur það sérstaklega fram að hann er ekki elsti nemandinn.

SAKNA HVOR ANNARS

Helgi og Grani spiluðu saman hjá Fram í 1. deildinni í fyrra og þóttu þá ná einstaklega vel saman í fremstu víglínu Safamýrarliðsins; skoruðu saman 21 mark. Helgi ákvað hins vegar að ganga í raðir Vals síðasta haust þar sem hann hefur fundið sig afar vel.

Grani, saknarðu Helga?

Grani: Já, að sjálfsögðu. Bæði innan vallar sem og utan hans. Frábær leikmaður og góður félagi. Ég hefði ekkert á móti því að hafa hann í liði Fram í dag.

Tryggvi: Maður hefur nú heyrt þessa Framara tala um hversu gott það hefði verið að vera með Helga í liðinu, hann með ellefu og Grani með tíu. Þá væri liðið líklega eitthvað ofar á töflunni.

Grani: Ég vil nú meina að ég sé miðjumaður og væri nú varla búinn að skora eins mikið ef ég væri í þeirri stöðu. En leikurinn gengur út á að skora mörk og ég hef alltaf verið að reyna það. Það hefur gengið óvenju vel í sumar.

Helgi: Ég spyr nú bara hvar Fram væri án Grana? Hann er kominn með tíu mörk í liði sem er neðarlega í deildinni, sem er náttúrulega ótrúlega góður árangur.

Tryggvi, þú spilaðir lengi með Grana hjá FH. Saknar þú hans?

Tryggvi: Já, ég sakna hans sárt. Hann fékk náttúrulega miklu færri mínútur en hann hefði viljað en tölfræðin á þessum mínútum hlýtur að hafa verið með því besta sem gerist – hátt í mark í leik.

Er Grani þá markheppnastur af ykkur?

Tryggvi: Nei, þetta kvikindi er náttúrulega heppnast (bendir á Helga).

Helgi: Ég þakka hrósið, Tryggvi.

Tryggvi: Helgi er náttúrulega mjög hæfileikaríkur en hann á það til að ætla að setja boltann í vinstri vinkilinn og hann endar í hægra horninu. En hei, mark er mark.

Grani: Já, sammála þessu. Helgi er heppnastur en Tryggvi er gráðugastur.

Tryggvi: Nei, nei, nei. Helgi er miklu gráðugri en ég.

Helgi: (hlær) Auðvitað spilar heppni einhvern þátt en þetta snýst um að koma sér á réttan stað á réttum tíma. Ég held að Grani sé fremstur af okkur í því. Það er hans styrkleiki og ástæðan fyrir því að hann hefur skorað tíu mörk. Ég held að það hafi ekkert með heppni að gera.

LEIKUR FH OG VALS RÆÐUR ÚRSLITUM

Lokaspretturinn í Landsbankadeildinni er framundan og hefst 16. umferðin með fjórum leikjum í kvöld. Tryggvi og Helgi eru á svipuðum slóðum með liðum sínum í deildinni og berjast hatrammlega um Íslandsmeistaratitilinn. Grani er hins vegar hluti af liði Fram, sem berst fyrir lífi sínum á hinum enda töflunnar.

Helgi Sigurðsson, Val

Fæðingardagur: 17/09/1974

Leikir/Mörk í sumar: 15/11

Leikir/Mörk frá upphafi í efstu deild: 80/46

Landsleikir/mörk: 6/10

Tryggvi Guðmundsson, FH

Fæðingardagur: 30/07/1974

Leikir/Mörk í sumar: 14/3

Leikir/Mörk frá upphafi í efstu deild: 136/88

Landsleikir/mörk: 37/9

Jónas Grani Garðarsson, Fram

Fæðingardagur: 15/03/1973

Leikir/Mörk í sumar: 15/10

Leikir/Mörk frá upphafi í efstu deild: 76/33

Landsleikir/mörk: Enginn

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FRUMKVÆÐI OG FRAMSÆKNI

...við á Línuhönnun sækjumst eftir því

EN ÞÚ?

- FINNST ÞÉR VERKEFNASTJÓRNUN SPENNANDI ?
- ERT ÞÚ MEÐ SNIÐUGA FRAMHALDSMENNTUN SEM NÝTIST VEL Í STARFI ?
- ERT ÞÚ MEÐ ALMENNA ÞEKKINGU Á BYGGINGARFRAMKVÆMDUM ?
- ERT ÞÚ MEÐ GÓÐA SKIPULAGSHÆFILEIKA ?
- ERT ÞÚ TIL Í AÐ TAKAST Á VIÐ STÓR OG KREFJANDI VERKEFNI ?

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2007

ISO 9001
ISO 14001

Frekari upplýsingar gefa Ásta Björk Sveinsdóttir starfsmannastjóri, sími: 585-1505, asta@lh.is og Sigríður Sigurðardóttir, sími: 585-1578, sigridur@lh.is.

Línuhönnun verkfræðistofa

Suðurlandsbraut 4A
108 Reykjavík
www.lh.is

Sími: 585 1500
Fax: 585 1501
lh@lh.is

Umsækjendur geta einnig sótt um á heimasíðu okkar: **www.lh.is**

Sérfræðingur í fyrirtækjaviðskiptum

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

Störf sérfræðinga í fyrirtækjaviðskiptum í útibúum á höfuðborgarsvæðinu eru laus til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni í lifandi starfsumhverfi þar sem áhersla er lögð á frumkvæði, sterka liðsheild og árangur.

Helstu verkefni:

- Umsjón með samskiptum við fyrirtæki í viðskiptum við útibúið
- Úrvinnsla gagna, svo sem ársreikninga, stöðu trygginga, áhættumats rekstraraðila og mat lánsumsókna
- Skýrslugerð og ýmis undirbúningur lánsumsókna fyrir útibússtjóra og/eða lánanefnd

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af fjármálastjórn fyrirtækja er kostur
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Góð þekking á atvinnurekstri og efnahagslífi
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

Nánari upplýsingar veitir Berglind Ingvarsdóttir á starfsmannasviði í síma 410 7914.

Umsóknir fyllist út og sendist ásamt fylgigögnum á www.landsbanki.is fyrir lok dags 25. september nk.

Landsbankinn

ÍSLENSKA · SÍA.IS / LBI 39091 09/07

INNHEIMTUSTJÓRI

Fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á sveigjanlegar heildarlausnir sem byggja á sérþekkingu á sviði hraðsendinga, sjó- og flugfraktar. Þjónustunet DHL nær til meira en 220 landa og svæða og yfir 285.000 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu um heim allan. Hjá DHL á Íslandi starfa um 70 manns og góður starfsandi einkennir vinnustaðinn sem býður upp á alþjóðlegt og krefjandi starfsumhverfi.

DHL er leiðandi fyrirtæki á alþjóðlegum flutningamarkaði. Fyrirtækið leitar að öflugum starfsmönnum í krefjandi og áhugaverð störf.

Starfssvið
- Ábyrgð á skipulagi og verklegri framkvæmd innheimtu
- Ábyrgð á eftirliti með innheimtu og skuldasöfnun viðskiptavina
- Ábyrgð á samskiptum við innheimtuaðila
- Samskipti og samningagerð við viðskiptavini og mat á lánshæfi
- Þróun innheimtuferla á pappírslausum viðskiptum

Menntunar- og hæfniskröfur
- Viðskiptafræði eða sambærilegt nám
- Reynsla af innheimtustarfi eða mikil starfsreynsla af sambærilegu starfi skilyrði
- Þekking á bókhaldi og fjármálum
- Góð tölvukunnátta skilyrði, þekking á Navision Financials kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Nákvæmni og vandvirkni
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður Dröfn Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SKRIFSTOFUSTARF

Würth á Íslandi var stofnað 1988 og hefur nú þjónustað sína viðskiptavini í 19 ár. Wurth samsteypan samanstendur af 370 fyrirtækjum í 83 löndum og hjá samsteypunni starfa um 60.0000 manns. Í upphafi einbeitti Würth á Íslandi ehf. sér fyrst að þjónustu við bifreiðaverkstæði, en síðar við tré- og málmiðnaðinn ásamt þjónustu við almennan iðnað. Wurth á Íslandi er fjölskylduvænt fyrirtæki og þar ríkir sterk starfsmannastefna. Áhersla er lögð á að starfsfólk fyrirtækisins sé ánægt og fái að þroskast í starfi.

Würth á Íslandi ehf. óskar eftir að ráða kraftmikinn og áhugasaman einstakling í skrifstofustarf. Um framtíðarstarf er að ræða. Viðkomandi verður að geta hafið störf sem fyrst.

Starfssvið
- Símavarsla og móttaka viðskiptavina
- Umsjón með móttöku
- Skráningarvinna og skýrslugerð

Viðkomandi mun einnig sinna öðrum tilfallandi skrifstofustörfum.

Hæfniskröfur
- Reynsla af skrifstofustörfum æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þjónustulund og fagleg framkoma

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Netsérfræðingur óskast

Leitað er að metnaðarfullum og árangursdrifnum einstaklingum til liðs við okkur í tæknideild Gagnaveitu Reykjavíkur. Tæknideild sér um tæknilega uppbyggingu, rekstur og viðhald á gagnaflutningskerfi GR.

Starfssvið:
- Skilgreining á kröfum til alls netbúnaðar.
- Skipulagning á útbreiðslu IP/MPLS netkerfis.
- Val og innkaup á netbúnaði.
- Uppfylla kröfur GR um uppitíma og viðgerðir á IP/MPLS netkerfinu.
- Mælingar á gæðum og afkastagetu netbúnaðar.
- Tækni- og rekstrarleg samskipti við þjónustuveitur.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í verkfræði, tölvunarfræði eða sambærilegu.
- Reynsla af hönnun, uppbyggingu og rekstri flókinna netkerfa er æskileg.
- Fagleg, markviss og öguð vinnubrögð.

Gagnaveita Reykjavíkur, dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, vinnur að uppbyggingu, þjónustu og rekstri á gagnaflutningskerfi byggt á ljósleiðaratækni. Um ljósleiðaranetið rekur Gagnaveitan öflugt dreifi- og samskiptakerfi fyrir sjónvarp, síma og Internet, byggt á IP/MPLS tækni.

capacent RÁÐNINGAR

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga: www.capacent.is

GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar.

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

HÚSASMIÐUR HVAMMSTANGA

Staða húsasmiðs hjá vinnuflokki Vegagerðarinnar Hvammstanga er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Samiðnar.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Starfssvið
- Vinna við brúasmíð
- Ýmis tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur
- Sveinspróf í húsasmíði
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinsson (sigurdur.eysteinsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 1. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Bridgesamband Íslands leitar að öflugum aðila til að gegna stöðu framkvæmdastjóra.

Starfið felur í sér umsjón með daglegum rekstri sambandsins, fjáröflun, fræðslustarf, samskipti við fjölmiðla, félagsmenn og erlenda aðila.

Framkvæmdastjóri sinnir mótahaldi á vegum sambandsins, sér um félagaskrá og stigaskráningu.

Frumkvæði, drifkraftur og metnaður eru lykilatriði í starfinu. Þekking á rekstri er æskileg.

Vinnutími framkvæmdastjóra er sveigjanlegur. Álag er meira yfir vetrarmánuði, möguleiki er að semja um lengra sumarfrí en tíðkast á almennum vinnumarkaði.

Umsjón með starfinu hafa Guðmundur Baldursson (gudmundur@logoflex.is) forstjóri Bridgesambandsins og Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Sölumaður

565134

Verslunar- og þjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða til sín sölumann í hreinlætistækja- og gólfefnadeild.

- Í starfinu felst sala og ráðgjöf til viðskiptavina, bera ábyrgð á sölu og eftirfylgni auk annarra tilfallandi verkefna.
- Leitað er að traustum og öflugum sölumanni og er kostur að viðkomandi hafi þekkingu og/eða reynslu úr sambærilegu starfi. Viðkomandi þarf að vera þjónustulundaður, heiðarlegur og með góða framkomu. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00-18:00 og annan hvern laugardag. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is ATVINNUMIÐLUN

CAPACENT GÓÐAN DAG!

Capacent er stærsta rannsóknar-, ráðgjafar- og ráðningarfyrirtæki landsins þar sem yfir 100 sérfræðingar með fjölbreytta reynslu og menntun stuðla að bættum árangri viðskiptavina. Markmið Capacent er að starfsfólk sé ánægt í starfi og hafi tækifæri til að vaxa og þróast á sínu sviði. Þetta teljum við að skili okkur hæfara starfsfólki og fyrirtækinu betri árangri. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á vefsíðu Capacent: www.capacent.is.

Capacent óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku og símavörslu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Vinnutími er frá kl: 13:00- 17:00.

Starfssvið
- Símsvörun
- Móttaka viðskiptavina
- Svörun fyrirspurna
- Upplýsingagjöf
- Umsjón með móttöku og fundarherbergjum

Menntunar- og hæfniskröfur
- Haldgóð starfsreynsla
- Reynsla af samskiptum við viðskiptavini kostur
- Framúrskarandi þjónustulund
- Góð íslensku- og enskukunnátta, færni í einu Norðurlandamáli kostur
- Lipurð í samskiptum og jákvætt viðmót
- Hæfni til að vinna undir áreiti og álagi
- Þróun á nýjum vörum

Hæfniskröfur:
- Sveinspróf í rennismíði æskilegt
- Góð kunnátta á CAD / CAM
- Almenn tölvuþekking
- Skipulagður

Hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.

Við umsóknum og fyrirspurnum tekur
Hjörvar Kristjánsson, framkvæmdastjóri
Netfang: hjorvar@dng.is
Sími: 894 2411.

DNG

Naustatang 2 • 600 Akureyri
Sími 461 1122 • www.dng.is

Hagfræðingur á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands auglýsir lausar til umsóknar tvær stöður hagfræðinga á hagfræðisviði bankans. Hagfræðisvið annast rannsóknir og greiningu á þróun efnahags- og peningamála, gerir þjóðhags- og verðbólguspár og tekur þátt í mótun stefnunnar í peningamálum. Hagfræðisvið hefur m.a. umsjón með útgáfu Peningamála og enskri þýðingu þeirra, Monetary Bulletin.

Staða 1
Verkefni hagfræðingsins verða m.a.:
- Að fylgjast með framvindu efnahagsmála, greina gögn og skrifa um niðurstöður.
- Tilfallandi rannsóknarverkefni og ráðgjöf á sviði þjóðhagfræði.
- Þátttaka í öðrum verkefnum hagfræðisviðs eftir atvikum.

Áskilið er a.m.k. meistarapróf í þjóðhagfræði og lögð er áhersla á að umsækjandi hafi þekkingu og áhuga á efnahagsmálum. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði íslensku og ensku, og hæfileika til að setja fram fræðilegt efni á skýran hátt. Auk þekkingar á hefðbundnum hugbúnaði væri það kostur ef umsækjandi hefði góða þekkingu á notkun hugbúnaðar til tölfræðigreiningar og hagmælinga. Umsækjandi þarf að hafa góða samskiptahæfileika og vera reiðubúinn til hópvinnu af ýmsu tagi.

Staða 2
Verkefni hagfræðingsins verða m.a.:
- Almennar rannsóknir, einkum á sviði peninga- og þjóðhagfræði.
- Þátttaka í gerð verðbólgu- og þjóðhagsspáa bankans og gerð líkana til spágerðar og endurbætur þeirra.
- Tilfallandi verkefni og ráðgjöf á ábyrgðarsviðum Seðlabankans.

Áskilið er a.m.k. meistarapróf í hagfræði og lögð er áhersla á að umsækjandi hafi gott vald á aðferðum til hagrannsókna og notkun hugbúnaðar til tölfræðigreiningar og hagmælinga. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á mæltu og rituðu máli og hæfileika til að setja fram fræðilegt efni á skýran hátt. Umsækjandi þarf að hafa góða samskipta-hæfileika og vera reiðubúinn til hópvinnu af ýmsu tagi.

Upplýsingar um starfið veitir Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur, í síma 5699600. Umsóknum skal skilað fyrir 27. september 2007 til rekstrarstjóra Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

Atlantsskip óska eftir fólki

Almenn bókhaldsstörf í fjárreiðudeild

Starf:
- Almenn bókhaldsstörf
- Bókun fylgiskjala
- Afstemmingar
- Kostnaðareftirlit

Hæfniskröfur:
- Reynsla af bókhaldi og bókhaldskerfum æskileg
- Almenn tölvukunnátta
- Nákvæmni
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: birgir@atlantsskip.is, fyrir 21. sept. nk.

Atlantsskip er eitt stærsta flutningafyrirtæki landsins og annast völuflutninga til og frá landinu og um allan heim, á sjó, í lofti og á landi. Atlantsskip byggja starfsemi og þjónustu fyrirtækisins á lítilli yfirbyggingu, persónulegum samskiptum og sveigjanleika. Því er Atlantsskip kraftmikið þjónustufyrirtæki. Hlutverk Atlantsskipa er að bjóða viðskiptavinum sínum trausta og örugga flutningsþjónustu með ánægju þeirra að leiðarljósi.

***Atlantsskip ehf.** Vesturvör 29 / 200 Kópavogur*
*Sími 591 3000 / **www.atlantsskip.is***

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

PIPAR • SÍA • 71774

KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Félagsþjónusta Kópavogs:
- Yfirmaður fjölskyldudeildar
- Félagsráðgjafi
- Liðveitandi/persónulegur ráðgjafi og tilsjón
- Aðstoð við heimilisstörf
- Stuðningsfjölskyldur

Sundlaug Kópavogs:
- Laugarvarsla karla
- Laugarvarsla kvenna

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:
Digranesskóli:
- Skólaliði 100%
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%

Hjallaskóli:
- Kennari í leikrænni tjáningu
- Umsjónarkennari á miðstig
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stundakennari í albönsku
- Stuðningsfulltrúi 60%

Hörðuvallaskóli:
- Starfsmenn í Dægradvöl 50%

Kársnesskóli:
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stuðningsfulltrúi í Dægradvöl 50% e.hád.

Kópavogsskóli:
- Störf við ræstingar (75%)

Íþróttahús Kópavogsskóla:
- Baðvarsla kvenna 80%

Lindaskóli:
- Stærðfræðikennari á eldra stigi
- Starfsmaður í Dægradvöl
- Gangavörður/ræstir

Salaskóli:
- Umsjónark. á yngsta stig, fullt eða hlutast.
- Textílkennari, hlutastarf
- Starfsfólk í Dægradvöl, hlutastarf

Smáraskóli:
- Dönskukennari í 8.-10. bekk
- Heimilisfræðikennari
- Tónmenntakennari 50%
- Stuðningsfulltrúar
- Skólaliðar
- Umsjónarkennari á yngsta stig

Snælandsskóli:
- Þroskaþjálfi/stuðningsfulltrúi
- Dægradvöl 50%

Vatnsendaskóli:
- Skólaliði 100%
- Starfsmaður í Dægradvöl 30-50% e. hád.
- Matráður kennara 60%

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Víðilsstaðir | Völlunes

Hrafnista Reyjavík

Hjúkrunarfræðingar – húsnæði getur fylgt
Hjúkrunarfræðinga vantar á kvöld og næturvaktir, starfshlutfall samkomulag.
Uppl. á www.hrafnista.is eða hjá Ölmu, hjúkrunarforstjóra í síma 693-9564 á skrifstofutíma, alma@hrafnista.is

Hjúkrunarritari 100% starf.
Fjölbreytt og skemmtilegt starf. Tölvukunnátta nauðsynleg

Sjúkraliðar og starfsfólk við aðhlynningu

Góður starfsandi
Laus störf í boði, vaktavinna, starfshlutfall samkomulag
Einnig vantar á fastar næturvaktir.

Uppl. á www.hrafnista.is eða hjá Magneu í síma 585-9529, magnea@hrafnista.is

Hrafnista Hafnarfirði
Heimilislegt umhverfi og góður starfsandi

Hjúkrunarfræðingar
Höfum lausar eru stöður í vaktavinnu, starfshlutfall samkomulag.
Uppl. á www.hrafnista.is og hjá Ölmu hjúkrunarforstjóra í síma 693-9564, alma@hrafnista.is

Sjúkraliðar og starfsfólk við aðhlynningu
Laus störf í boði, vaktavinna, starfshlutfall samkomulag
Uppl. á www.hrafnista.is eða hjá Magneu í síma 585-9529, magnea@hrafnista.is

Vífilsstaðir
Notalegur vinnustaður í fallegu umhverfi

Hjúkrunarfræðingar eða hjúkrunarnemar - Helgarvinna
Höfum lausar eru stöður í vaktavinnu um helgar, starfshlutfall samkomulag.

Sjúkraliðar og starfsfólk við aðhlynningu
Laus störf í boði, einkum morgunvaktir
Uppl. gefur Ingibjörg í síma 599-7011, ingat@vifilsstadir.is

Sveitarfélagið ÁLFTANES

Félagsráðgjafi

Sveitarfélagið Álftanes auglýsir eftir félagsráðgjafa til starfa á sviði félagslegrar ráðgjafar á nýju velferðar- og skólasviði sem verið er að stofna. Starfmaðurinn mun sinna fyrst og fremst verkefnum samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Starfssvið:
Félagsleg ráðgjöf í einstaklings- og fjölskyldumálum.
Fjárhagsaðstoð.
Málefni eldri borgara.
Barnavernd og forvarnir í málefnum barna.

Menntunar- og hæfniskröfur:
Starfsleyfi félagsráðgjafa skv. lögum nr. 95/1990.
Reynsla á sviði barnaverndar og/eða félagsþjónustu æskileg.
Lipurð í mannlegum samskiptum.
Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð.
Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu.

Um er að ræða 100% starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist á netfangið bjorn@alftanes.is eða til Sveitarfélagsins Álftaness, Bjarnastöðum, 225 Álftanesi, fyrir 1. október 2007.

Nánari upplýsingar veitir Björn Steinar Pálmason skrifstofustjóri í síma 550 2300.

Í dag eru íbúar á Álftanesi rúmlega 2.300 en uppbygging er hröð og er gert ráð fyrir fjölgun um 1.000 manns á næstu 3-4 árum. Í sveitarfélaginu er rekinn einn grunnskóli, tveir leikskólar og áformað er að byggja þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara 2008-2009. Samið hefur verið um uppbyggingu nýrrar íþróttamiðstöðvar og sundlaugar en áætlað er að þau mannvirki verði tekin í notkun fyrir árslok 2008. Sveitarfélagið stendur framarlega í umhverfismálum og unnið er að ýmsum verkefnum á því sviði.

Nánari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á heimasíðu þess:
www.alftanes.is.

Tónlistarstjóri Ástjarnarkirkju

Ástjarnarkirkja í Hafnarfirði leitar að tónlistarstjóra með reynslu af kirkjustarfi í 70% starf.
Um er að ræða spennandi uppbyggingarstarf í nýjasta Þjóðkirkjusöfnuði Hafnarfjarðar, sem spannar Ásland og Velli. Helgihald fer fram í nýrri kapellu safnaðarins á framtíðar kirkjulóð að Kirkjuvöllum 1.

Tónlistarstjórinn starfar náið með presti og æskulýðsfulltrúa söknarinnar að mótun helgihalds og safnaðarstarfs komandi ára með sérstakri áherslu á barna og unglingastarf.

Starfsskyldur eru m.a.
- tónlistarflutningur við vikulegt helgihald barna
- hálfsmánaðarlegt helgihald fullorðinna, auk hátíða
- æfing og efling kirkjukórs
- uppbygging barnakórs
- stuðningur við barna- og æskulýðsstarf

Nánari upplýsingar veita:
séra Bára Friðriksdóttir söknarprestur,
bara.fridriksdottir@kirkjan.is
og Hermann Erlingsson formaður söknarnefndar
hermannbjorn@gmail.com

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til Ástjarnarkirkju, Pósthólf 115, 220 Hafnarfirði,
Merkt "Tónlistastjóri Ástjarnarsóknar" fyrir 20 september n.k.

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Laus störf á aðalskrifstofu Velferðarsviðs

Upplýsinga- og kynningarfulltrúi

Óskað er eftir að ráða öflugan upplýsinga- og kynningarfulltrúa á skrifstofu sviðsstjóra. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf í metnaðarfullu og skemmtilegu starfsumhverfi, þar sem hæfileikar starfsmanna fá notið sín. Við bjóðum uppá þátttöku í þróun starfsumhverfis og verkefna og tækifæri til símenntunar og starfsþróunar.

Helstu verkefni:
- Upplýsingamiðlun
- Samskipti og samstarf við fjölmiðla
- Gerð fréttatilkynninga
- Umsjón með vefsíðu sviðsins og samstarf um vefmál innan borgarkerfisins
- Útgáfa kynningarefnis og umsjón með kynningarmálum
- Hönnun og birting auglýsinga
- Ráðgjöf við stjórnendur á sviði upplýsinga- og kynningarmála

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af upplýsinga- og kynningarmálum
- Þekking og reynsla af samskiptum við fjölmiðla æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott vald á framsetningu efnis á rituðu og mæltu máli
- Gott vald á ensku og einu norðurlandamáli

Leitað er að starfsmanni í fullt starf sem getur hafið störf sem fyrst.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Nánari upplýsingar veitir Lóa Birna Birgisdóttir starfsmannastjóri netfang: loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is og í síma 411 9000.
Skriflegum umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík eða á ofangreint netfang **- merkt „Upplýsinga- og kynningarfulltrúi" fyrir 28. september nk.**

Mannauðsráðgjafi

Óskað er eftir öflugum mannauðsráðgjafa til starfa í mannauðsþjónustu sviðsins. Við bjóðum upp á fjölbreytt og krefjandi starf í metnaðarfullu og skemmtilegu starfsumhverfi, þar sem hæfileikar starfsmanna fá notið sín. Við bjóðum upp á þátttöku í þróun starfsumhverfis og verkefna og tækifæri til símenntunar og starfsþróunar.

Helstu verkefni:
- Veita ráðgjöf um símenntun og annast símenntun fyrir ákveðna hópa
- Veita ráðgjöf um ráðningar, kjaramál og vinnurétt
- Veita ráðgjöf um stjórnun og starfsmannamál
- Vinna að bættu starfsumhverfi
- Þátttaka í vinnuhópum á sviði starfsmannamála bæði innan sviðs og borgarkerfisins
- Ýmis verkefni sem lúta að því að gera starfsstaði Velferðarsviðs að aðlaðandi og eftirsóknaverðum vinnustöðum.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála æskileg
- Þekking og reynsla á sviði mannauðsmála æskileg
- Þekking á kjarasamingum og vinnurétti æskileg
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

Við leitum að starfsmanni í fullt starf sem getur hafið störf sem fyrst.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Nánari upplýsingar veitir Lóa Birna Birgisdóttir starfsmannastjóri, netfang: loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is og í síma 411 9000.
Skriflegum umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík eða á ofangreint netfang, - **merkt „Mannauðsráðgjafi" fyrir 28. september nk.**

Lögfræðingur

Laus er til umsóknar tímabundin staða lögfræðings á skrifstofu sviðsstjóra. Um hlutastarf getur verið að ræða.

Helstu verkefni:
- Ráðgjöf við yfirstjórn, aðra stjórnendur og starfsmenn sviðsins á grundvelli þeirra laga er gilda um velferðarþjónustu á vegum sveitarfélaga.
- Umsjón með samskiptum við aðrar opinberar stofnanir varðandi ýmis álitaefni í daglegum rekstri auk þess að sinna öðrum tilfallandi verkefnum hverju sinni.

Menntun og hæfni:
- Embættispróf í lögfræði.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af störfum í stjórnsýslu er æskileg.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Stéttarfélags lögfræðinga.
Nánari upplýsingar veitir Helga Benediktsdóttir, lögfræðingur, í síma 411 9015 / 411 9000.
Umsóknir sendist til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík **fyrir 26. september nk.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Ása segir að það sé mikið líf og fjör í Ísaksskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tónlistarnámið kom sér vel

Ása Valgerður Sigurðardóttir er tónmenntakennari í Ísaksskóla.

„Ég byrjaði að kenna í Ísaksskóla í fyrra svo þetta er annar veturinn minn hér," segir Ása en frá því að hún útskrifaðist úr Kennaraháskólanum árið 1995 hafði hún fram að því kennt í Snælandsskóla í Kópavogi.

Að sögn Ásu var hún ekki ákveðin í því fyrr en hún var nánast byrjuð í tónmenntakennaranáminu á sínum tíma að það væri það sem hún vildi læra. „Árið eftir stúdent starfaði ég á leikskóla og fann mig í því að vinna með börnum og sá mikinn tilgang í því svo ég skráði mig í Kennaraháskólann. Ég var ekki ákveðin þá í að fara í tónmenntadeildina en eftir kynningu á henni var ekki aftur snúið."

Ása lærði á hljóðfæri sem barn og sá grunnur kom sér vel í kennaranáminu að hennar sögn. „Þess vegna hvet ég nú börn og unglinga til þess að gefa tónlistinni tækifæri því maður veit aldrei hvaða stefnu maður tekur í lífinu og hvenær það getur komið sér vel að kunna á hljóðfæri,"

Nemendur Ásu í Ísaksskóla eru á aldrinum fimm til níu ára. „Ég spila líka undir í söng á sal, en sérstaða skólans felst í raun og veru í miklum og góðum samsöng. Inn í samsönginn fléttast mikið samstarf og allir kennarar skólans koma að honum og syngja með nemendunum inni í stofunum. Í skólanum er sérstök söngnefnd sem í eru kennarar úr öllum árgöngum þannig að lögin eru valin af fleirum en mér. Þau eru þar af leiðandi alls konar, allt frá ættjarðarlögum til enskra laga en nemendurnir læra ensku hérna á öllum aldursstigum. Það er því ekki hægt að segja annað en að það sé mjög vel hlúð að tónmenntinni hér í Ísaksskóla."

Tónmenntakennarastarfið hefur fjölmarga kosti að sögn Ásu. „Það er náttúrulega mikill kostur að hafa þetta frábæra samstarfsfólk á bilinu fimm til níu ára. Þetta eru skarpir krakkar, frumlegir í hugsun og einlægir sem koma manni sífellt á óvart. Starfið er líka mjög fjölbreytt og árstíðabundið þar sem verkefnin fara svolítið eftir árstíðum og fjölskylduvænt."

Ása segir að í Ísaksskóla sé mjög jákvæður andi hjá bæði nemendum og kennurum fyrir tónmenntinni. „Tónmennt er eitthvað sem höfðar yfirleitt til krakka á þessum aldri. Söngur, taktþjálfun, virk hlustun, notkun skólahljóðfæra og samspil er grunnurinn í tónmenntakennslu. Hér er unnið fjölbreytt starf og við erum alltaf að skipta um verkefni þannig að flestir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Ég hef verið að flétta leiklist töluvert inn í tónmenntakennsluna síðustu ár í samstarfi við leiklistarkennara með mjög góðum árangri. Við höfum sett upp sýningar og nemendurnir læra framsögn, að setja sig í spor annarra og fara út úr eigin ramma og beita röddinni þannig að eftir þeim sé tekið. Foreldrar eru mjög ánægðir með þetta og börnin læra mikið því kröfur samfélagsins eru svolítið að þora að láta í sér heyra og koma sjálfum sér og skoðunum sínum á framfæri."

emilia@frettabladid.is

Vinnustaðir eru kjörinn vettvangur til að stuðla að jafnrétti.

Jafnræði í starfi

NÝLEGA KOM ÚT SKÝRSLA Á VEGUM ALÞJÓÐA VINNUMÁLASTOFNUNARINNAR UM ÞANN VANDA SEM MISMUNUN Á VINNUSTÖÐUM ER.

Mismununin byggist á ýmiss konar fordómum og er fólki þá til dæmis mismunað vegna kynferðis, trúarbragða, aldurs, lífshátta, fötlunar, þjóðernis og fleira. Í skýrslunni er farið yfir hvernig ástandið er í heiminum í dag hvað þetta varðar og hvað hefur áunnist, hvað hefur versnað og hvaða ný vandamál hafa bæst við. Bent er á að vinnustaðirnir séu kjörinn vettvangur til að stuðla að jafnrétti og að það skili sér þegar fram í sækir, bæði efnahagslega og heilsufarslega. Í skýrslunni er bent á nauðsyn þess að lagaákvæðum sem banna mismunun sé fylgt eftir og að aðilar vinnumarkaðarins og aðrir er að málinu koma taki á vandamálum um leið og þau koma upp. Skýrsluna má lesa í heild sinni á vef Alþjóða vinnumálastofnunar, www.ilo.org. *- hs*

Styrkir til krabbameinsrannsókna o.fl.

Sjóður Kristínar Björnsdóttur auglýsir styrki til að rannsaka krabbamein í börnum og unglingum og til aðhlynningar krabbameinssjúkum börnum.

Minningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnsen auglýsir styrki til rannsókna á krabbameini og til tækjakaupa.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Krabbameinsfélagsins, www.krabb.is. Frestur til að skila umsóknum er til 13. október 2007 á skrifstofu Krabbameinsfélagsins, Skógarhlíð 8, 125 Reykjavík.
Tilgreina skal í hvorn sjóðinn er sótt.

Krabbameinsfélagið

HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR

Lögfræðingur

Héraðsdómur Reykjavíkur óskar eftir því að ráða lögfræðing með embættispróf eða masterspróf í starf samkvæmt 17. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla (aðstoðarmaður dómara). Laun eru samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags lögfræðinga og fjármálaráðuneytisins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir, ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal senda Ólöfu Finnsdóttur, skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, Dómhúsinu við Lækjartorg, 101 Reykjavík, en hún veitir jafnframt nánari upplýsingar um starfið í síma 560 4900.

Umsóknarfrestur er til og með 30. september n.k. en tekið er á móti umsóknum rafrænt á netfangið heradsdomur.reykjavikur.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Reykjavík, 16. september 2007

Helgi I. Jónsson
dómstjóri
Dómhúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík
www.domstolar.is

Grunnskóli Seltjarnarness
Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli

Laus eru til umsóknar eftirfarandi störf

Náttúrufræði á unglingastigi
Kennara vantar. Tímabundin kennsla vegna forfalla.

Upplýsingar/umsókn:
Baldur Pálsson, aðstoðarskólastjóri.
Sími 5959 250.
baldur@seltjarnarnes.is

Skólaliðar óskast. Um er að ræða fjölbreytt og líflegt starf með ungu fólki.

Upplýsingar/umsókn:
Hafsteinn Jónsson, umsjónarmaður fasteigna.
Sími 822 9120.

Á Seltjarnarnesi eru um 640 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk.
Skólaskjól er lengd viðvera fyrir nemendur í 1. - 4. bekk í Mýrarhúsaskóla.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

www.grunnskoli.is

Augl. þörf 2200385

SMÁRAGARÐUR

www.smaragardur.is

Smáragarður fasteignafélag óskar eftir starfsfólki

» Fjármálastjóri

Viðkomandi þarf að vera viðskiptafræðingur eða með sambærilega menntun. Reynsla er nauðsynleg.

Helstu verkefni:
- Gerð mánaðarlegra uppgjöra.
- Gerð áætlana.
- Utanumhald leigusamninga.
- Gerð leigusamninga.
- Samningaviðræður við leigutaka.
- Umsjón með kaupsamningum.
- Utanumhald um frjálsa og sérstaka skráningu.
- Stýra fjármögnunarferli framkvæmda.

» Verkefnastjóri Þróunarverkefni

Viðkomandi þarf að vera tækni- eða verkfræðingur og hafa mikla og góða reynslu af verklegum framkvæmdum. Einnig þarf viðkomandi að hafa mikla leiðtogahæfileika og vinna hratt og örugglega. Hæfni í mannlegum samskiptum er afar mikilvæg.

Helstu verkefni:
- Koma að nýjum og spennandi þróunarverkefnum fyrir fyrirtækið.
- Hafa umsjón með undirbúnings-, hönnunar-, & byggingarframkvæmdum nýbygginga Smáragarðs.
- Umsjón með þarfagreiningum.
- Gerð kostnaðaráætlana.
- Gerð tímaáætlana.
- Leiða hönnunarvinnu verkkaupa.
- Samningagerð við verktaka og hönnuði.
- Yfirumsjón með verklegum framkvæmdum.

» Verkefnastjóri Rekstur & viðhald fasteigna

Viðkomandi þarf að hafa tækninám að baki. Iðnmenntun kostur. Viðkomandi þarf einnig að hafa mikla og góða reynslu af verklegum framkvæmdum. Hæfni í mannlegum samskiptum er afar mikilvæg.

Helstu verkefni:
- Rekstur og viðhald fasteigna.
- Hafa yfirumsjón með viðhaldsframkvæmdum.
- Gerð viðhalds- og kostnaðaráætlana.
- Samningagerð við verktaka og hönnuði.

Umsóknir sendast á Hauk Guðmundsson
á netfangið haukur@smaragardur.is fyrir 1. október.

Smáragarður er eitt af stærstu fasteignafélögum landsins. Það á og rekur um 100.000 m² húsnæðis víða um land. Starfsemi félagsins felst aðallega í þróun lóða, rekstri fasteigna og umsjón með byggingum og byggingaframkvæmdum. Í dag er Smáragarður með í byggingu um 62.500 m2 af húsnæði.

Vegna mikilla verkefna framundan óskar Eykt eftir að ráða:

Smiði í ýmiss konar smíðavinnu
- Vinna við klæðningar, úti og inni.
- Mótauppsláttur.
- Vinna á trésmíðaverkstæði.

Viðgerðarmaður
Umsjón með rekstri og viðhaldi tækja og búnaðar Eyktar.
Einnig fyrirbyggjandi viðhald og yfirferð búnaðar eftir notkun.

Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi reynslu af viðgerðum á vinnulyftum og öðrum búnaði sem fyrirtækið rekur og geti unnið sjálfstætt. Vélvirkja- eða vélstjóramenntun æskileg.

Vörubílstjóri með meirapróf
- Þarf að vera með meirapróf og kranaréttindi
- Sjálfstæður í vinnubrögðum
- Skipulagður

Nánari upplýsingar veita:
Magnea Guðmundardóttir í síma 595 4412 - magnea@eykt.is - www.eykt.is og á skrifstofu framkvæmdasviðs Eyktar við Skúlagötu 63.

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Eykt ehf. / Lynghálsi 4 / 110 Reykjavík
Sími: 595 4400 / Fax: 595 4499
Netfang: eykt@eykt.is / www.eykt.is

KORNER

Hársnyrtistofan Korner.
Óskum eftir hársnyrtisveini eða meistara til starfa.
Leitum eftir jákvæðum einstaklingi sem hefur frumkvæði, faglegan metnað og þæginlega framkomu.

Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Uppl. í síma 897-4878 eftir kl 19 á kvöldin.
Einnig er hægt að senda umsókn á korner@korner.is

Glerskurðarmaður
Óskum eftir að ráða glerskurðarmann, þarf að geta stjórnað glerskurðarvél.
Upplýsingar gefur Ólafur í síma 54 54 300.
Smiðjuvegi 7
200 Kópavogi

Glasscutter
We are looking for an experienced Glasscutter, to operate a cutting machine.
Call Olafur for more information, tel. 54 54 300
Smiðjuvegi 7
200 Kópavogi

Pracownik do ciecia szkto
Zatrudnimy pracownika do ciecia szkla, powinien znac sie na obsludze stolu do ciecia szkla.
Dzwonic do Wojtka 867 8552
Smiðjuvegi 7
200 Kópavogi

Ispan GLER OG SPEGLAR

Mata

Bílstóri óskast
Vegna aukinna umsvifa þá vantar okkur röskan mann í útkeyrslu. Um era ð ræða dreifingu á ávöxtum og grænmeti. Veið leitum að starfsmanni með réttinda til að aka bifreið allt að 3.5 t og einnig allt að 5 t eða meirapróf.

Leitum að jákvæðum og röskum aðila sem vill vinna í krefjandi og skemmtilegu umhverti. Vinnutími frá kl. 7:00. Töluverð yfirvinna.

Áhugasamir sendi umsókn til Mötu ehf. á netfangið toti@mata.is eða hafi samband við Þórarinn í síma 4121300.

Driver wanted
Looking for experienced drivers to deliver fruits and vegetables in and around Reykjavík. The drivers needs to have license for driving vans up to 3,5 t and or trucks up to 5 t.

Working time from 7:00 and lot of overtime.

Please contact Þórarinn at tel. 4121313 or toti@mata.is

FRAMkvæmdastjóri

Aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Fram óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa.

Í starfinu felst umsjón með rekstri félagsins og mannvirkjum, fjármálastjórn auk samskipta við félög og stofnanir.

Leitað er að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og hefur góða samskiptahæfileika.
Umsóknarfrestur er **til 24. september n.k.** Umsóknir um menntun og fyrri störf skulu sendar til Knattspyrnufélagsins Fram, Safamýri 26, merktar aðalstjórn, eða á netfangið gbo@gbo.is.

FRAM

Bílsstjóri

Óskum eftir að ráða bílstjóra á 5. Tonna bíl.
Upplýsingar gefur Ólafur í 54 54 300

Ispan
GLER OG SPEGLAR
Smiðjuvegi 7 • 200 Kópavogi

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

Aðstoðarleikskólastjóri í Laufskálum

Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Laufskálum, Laufrima 9, Grafarvogi.

Leikskólinn er fjögurra deilda og er byggingin björt með miklu opnu rými sem býður uppá fjölbreytt vinnusvæði bæði fyrir kennara og nemendur. Í Laufskálum er meðal annars lögð áhersla á að nemendur hafi áhrif á námsval og að allir starfsmenn taki þátt í að móta leikskólastarfið.

Menntunar- og færnikröfur:
- Leikskólakennaramenntun áskilin
- Hæfni og reynsla í stjórnun æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Staðan er laus 1. des. nk.
Upplýsingar veitir Halldóra Pétursdóttir, leikskólastjóri í síma 587-1140 og 693-9818, eða Auður Jónsdóttir, mannauðsráðgjafi í síma 411-7000.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir skulu berast til Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík eða starfsumsoknir.leikskolar@leikskolar.is.

Umsóknarfrestur er til 1. október 2007.

Nánari upplýsingar um laus störf á Leikskólasviði er að finna á **www.leikskolar.is**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Lausar stöður í leik- og grunnskólum

Grunnskólar

Áslandsskóli (664 5501 leifur@aslandsskoli.is)
Skólaliðar

Hraunvallaskóli (664 5872 einar@hraunvallaskoli.is)
Kennsla á yngsta stigi
Skólaliði
Leikskólakennarar/annað uppeldismenntað starfsfólk (sigrunk@hraunvallaskoli.is)

Lækjarskóli (664 5877 haraldur@laekjarskoli.is)
Skólaliðar

Setbergsskóli (664 5880 gudosk@setbergsskoli.is)
Skólaliði

Víðistaðaskóli (664 5891 annakr@vidistadaskoli.is)
Stuðningsfulltrúi
Skólaliði

Leikskólar

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Álfaberg (555 3021 alfaberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun. (Álfaberg er leikskóli fyrir 5 ára börn)

Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Starfsmenn til stuðnings

Hlíðarberg (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Síðdegisstöður

Hlíðarendi (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hraunvallaskóli (664 5835 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Leikskólakennarar/starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hvammur (565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Skilastaða

Hörðuvellir (555 0721 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Kató (555 0198 kato@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Leikskólinn er tveggja deilda og tekst á við forystuverkefni í samkennslu

Norðurberg (555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Stekkjarás (517 5920/664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar, þroskaþjálfi og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Skilastöður

Tjarnarás (565 9710 tjarnaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Sérkennslustjóri

Víðivellir (555 2004 vidivellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Þroskaþjálfar

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla.
Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR
VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **sima 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

Listaverkasamkeppni

Alcoa Fjarðaál efnir til samkeppni um útilistaverk í Reyðarfirði

Verkið er útilistaverk við álver Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Ætlunin er að verkið endurspegli aðstæður á staðnum þar sem álverið er. Á jörðinni Hrauni, þar sem það stendur, kallast á gamli og nýi tíminn. Öðrum megin þjóðvegarins er eitt nútímalegasta álver heims, búið nýjustu og bestu tækni, en hinum megin eru Sómastaðir sem er lítið hlaðið steinhús í eigu Húsasafns Þjóðminjasafns Íslands. Það var reist árið 1875 og á bænum var lengst af stundaður landbúnaður. Það er einnig kostur að verkið taki mið af næsta umhverfi álversins sem stendur við fjörð, umlukinn háum fjöllum.

Samkeppnin er tvískipt:

1 Opin hugmynda-samkeppni

Þeir myndlistarmenn sem taka þátt í samkeppninni senda inn hugmynd að útilistaverki við álverið. Myndræn framsetning hugmyndar þarf að rúmast á tveimur blöðum af stærðinni A4, en einnig á að fylgja með stutt greinargerð á einu A4 blaði um hugmyndina að baki verkinu, efnisval og uppbyggingu. Engin frekari gögn eiga að fylgja tillögunni.

Hugmyndinni þarf að skila til Alcoa Fjarðaáls, Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík, fyrir kl. 16:00 mánudaginn 15. október 2007. Tillögur skulu merktar: „Útilistaverk í Reyðarfirði“ og þeim skal skila inn undir dulnefni, eins og nánar er lýst í skilmálum keppninnar á vefsvæðinu **www.alcoa.is**

Sé tillaga send í pósti gildir póststimpill hennar, annars skal hún hafa verið lögð inn á ofangreindum tíma. Þá mun dómnefnd skipuð þremur mönnum, tveimur frá Alcoa Fjarðaáli og einum frá SÍM, velja 5-7 tillögur og bjóða listamönnunum sem eiga þær að þróa þær áfram í lokaðri samkeppni.

Samkeppnin fer fram samkvæmt samkeppnisreglum Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM).

2 Lokuð samkeppni um útilistaverk

Þeir myndlistarmenn sem komast í þennan síðari hluta samkeppninnar eru beðnir um að útfæra hugmyndina og koma með tillögu að verki. Þeir þurfa að lýsa tækninni sem notuð verður og efninu sem verkið verður unnið úr, gera líkan að verkinu og greina frá stærð þess og umfangi. Þeir eru einnig beðnir um að koma með tillögu um staðsetningu verksins og hvort nota eigi lýsingu. Kostnaðaráætlun þarf einnig að fylgja.

Þessi hluti samkeppninnar tekur rúma tvo mánuði og er miðað við að tillögum að verkunum verði skilað til Alcoa Fjarðaáls, Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík, fyrir klukkan 16:00, 1. febrúar 2008. Ef skilað er í pósti er miðað við póststimpil. Allir sem taka þátt í þessum hluta keppninnar fá greidda þóknun og höfundur vinningstillögu fær 700 þúsund krónur.

Fimm manna dómnefnd, skipuð þremur fulltrúum Alcoa Fjarðaáls og tveimur fulltrúum SÍM, fjallar um tillögurnar og skilar áliti fyrir lok mars 2008. Alcoa Fjarðaál ákveður að lokum hvaða tillögu fyrirtækið kaupir, hvort það kaupir enga, eina eða fleiri.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA ER ALC 39153 09/2007

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál
ALCOA

the PIER

nýtt á Íslandi!

GLÆSILEG OG SPENNANDI HÚSGAGNA- OG GJAFAVÖRUVERSLUN

Fyrsta Pier verslunin var stofnuð í San Mateo, Kaliforníu í Bandaríkjunum árið 1962. Í dag eru um 1100 verslanir víðs vegar um Norður-Ameríku. Árið 1989 opnaði fyrsta Pier verslunin í Bretlandi, undir nafninu The Pier. Í dag eru 46 verslunareiningar á Englandi, Skotlandi, Wales og Írlandi.

Nú er komið að Íslandi og verður fyrsta búðin opnuð í október í Smáranum, Kópavogi. Einnig eru fyrirhugaðar opnanir víðar í heiminum.

Allt frá upphafi hefur markmið Pier verið að bjóða viðskiptavinum sínum vandaðar og einstakar vörur, víðs vegar að úr heiminum, á hagstæðu verði.

Erum að leita að hressu og þjónustulunduðu fólki í hlutastarf og eða helgarvinnu í nýrri, glæsilegri húsgagna- og gjafavöruverslun. Æskilegt er að umsækjendur hafi náð a.m.k. átján ára aldri og hafi auga fyrir útliti og fallegum hlutum.

A WORLD OF INSPIRATION PIER FOR YOUR HOME

Umsóknir, með upplýsingum um fyrri störf og óska-vinnutíma, sendist á: pier@pier.is fyrir 20. september

ÖRYGGISVÖRÐUR

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaupum starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

Samkvæmt könnun VR, Fyrirtæki ársins 2006, eru ánægðustu starfsmenn í stórmörkuðum og matvöruverslunum landsins í Hagkaupum.

Hagkaup óska eftir að ráða öryggisvörð til starfa. Um er að ræða fullt starf. Starfið felst í staðbundinni öryggisgæslu og almennu rýrnunareftirliti í verslunum Hagkaupa. Hagkaup leggja mikinn metnað í öryggismál í verslunum sínum og fá öryggisverðir Hagkaupa víðtæka þjálfun til að geta sinnt starfi sínu sem best.

Við leitum að einstaklingi sem er líkamlega hraustur, heiðarlegur, með hreint sakavottorð, metnaðargjarn og útsjónasamur. Umsækjendur yngri en 25 ára koma ekki til greina.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu Hagkaupa Skeifunni 15 eða í tölvupósti (starfsmannahald@hagkaup.is) fyrir **21. september.** Allar nánari upplýsingar veitir Arndís Arnarsdóttir starfsmannafulltrúi í síma 563 5000.

ÚRVAL + ÞÆGINDI + FERSKT & FRAMANDI + GÓÐ KAUP = SKEMMTILEGAST AÐ VERSLA

HAGKAUP Skemmtilegast að versla

hagar

Sérvörusvið Haga óskar eftir að ráða

Birgðabókara fyrir Debenhams

Starfshlutfall 100%

Helstu verkefni:
- Stofnun og uppfærsla vörumasters
- Skráning og bókun innlendra- og erlendra vörusendinga
- Bókun aðflutningsgjalda í fjárhagsbókhald
- Samskipti við erlenda og innlenda birgja
- Umsjón og úrvinnsla vörutalninga í samráði við birgðastjóra
- Ýmis önnur verkefni

Hæfniskröfur:
- Reynsla af bókhaldsstörfum eða birgðabókhaldi kostur
- Reynsla af Navision eða öðru sambærilegu kerfi
- Góð þekking á Excel
- Frumkvæði í starfi og öguð vinnubrögð.
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð.

Áhugasamir sendi umsóknir og ferilskrá á gudbjorgm@hagar.is
Umsóknarfrestur er til og með 23. september

Sérvörusvið Haga er staðsett í Smáralindinni. Þar starfa 13 manns, birgðabókarar, fjárhagsbókarar og aðrir sérfræðingar sem sinna störfum fyrir Sérvörufyrirtæki Haga. Sérvörufyrirtæki Haga eru: Debenhams, Útilíf, Íshöfn (Topshop, Dorthy Perkins, Evans, Oasis, Coast, Jane Norman), Noron(Zara), og RES (Karen Millen,Warehouse og All Saints). Samtals reka þessi fyrirtæki 20 sérvöru- og tískuvöruverslanir.

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Tjarnarmýri 39, Seltjarnarnesi

Falleg 4ra herb. útsýnisíbúð
Opið hús í dag frá kl. 14-15

Frum

Einstaklega björt og falleg 106 fm 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum í vönduðu fjölbýli á þessum eftirsótta stað. Íbúðin skiptist í bjart hol, rúmgóða stofu með útsýni til suðurs, opið eldhús með fallegri hvítri innréttingu, 2 herberbi og baðherbergi auk vinnu-og /eða sjónvarpsstofu á efri hæð. Mjög góð lofthæð í eldhúsi og stofu og útgangur úr eldhúsi á flísalagðar suðursvalir. Massívt eikarparket á gólfum. Stæði í upphitaðri bílageymslu og 10 fm sér geymsla í kj.
Stutt í skóla og leikskóla. Verð 37,5 millj.
Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-15.
Íbúð merkt 0302.
Verið velkomin.

HVERNIG VERÐUR MAÐUR PRESTUR?

Til að verða prestur þarf fyrst að ljúka 90 eininga BA-námi í guðfræði við Háskóla Íslands.

Góð söngrödd frekar æskileg

Fyrr á öldum voru prestar nánast einu menntuðu menn samfélagsins og menn leituðu til þeirra með flest sín vandamál. Í aldanna rás hefur starf prestsins breyst töluvert en gengur þó enn út á það að vera fulltrúi kirkjunnar og þjóna henni.

Prestar halda almennar guðsþjónustur og sjá einnig um ýmsar kirkjulegar athafnir eins og skírnir, fermingar, brúðkaup og jarðarfarir. Prestar þurfa að vera hæfir í mannlegum samskiptum því stór hluti starfsins felst í því að vera fólki til halds og trausts og veita stuðning á erfiðum tímum. Prestar þurfa einnig að hafa góða framkomu og ekki skemmir fyrir að hafa góða söngrödd þótt það sé ekki skilyrði.

Námið
Til að læra til prests þarf fyrst að ljúka 90 eininga BA námi í guðfræði við Háskóla Íslands. Margir fara í guðfræði án þess að ætla sér beinlínis að læra til prests og einhverjir taka til að mynda djáknapróf en vígjast ekki til prests. Að loknu BA prófi tekur við tveggja ára embættispróf og að því loknu geta nemendur vígst til prests.

Námsgreinar
Innan guðfræðinnar er námsefnið fremur fjölbreytt. Þar má nefna fög eins og sagnfræði, bókmenntafræði og kirkjusögu. Meðal námsgreina til embættisprófs eru almenn trúarbragðafræði, siðfræði, gamlatestamentisfræði, nýjatestamentisfræði, kennimannleg guðfræði, hebreska, gríska, kirkjufræði og trúfræði.

Starf að loknu námi
Það fá ekki allir prestar brauð þótt þeir ljúki prestsnámi. Oft er barist um brauðin og þótt nýir prestar séu vígðir á ári hverju fjölgar sóknunum hægt. Margir prestar sinna öðrum störfum og eru ekki sóknarprestar neins staðar. Á sumum sjúkrahúsum eru starfandi prestar, þeir kenna kristinfræði í skólum, vinna að hjálparstarfi, starfa á vegum þjóðkirkjunnar og sinna fræðslustarfi svo fátt eitt sé nefnt.

- hs

Nýr bæklingur fyrir erlenda starfsmenn er kominn út.

Upplýsingabæklingur fyrir erlent vinnuafl

Út er kominn nýr bæklingur fyrir erlenda starfsmenn.

EES-vinnumiðlun á Íslandi (EURES) gaf nýverið út bækling um lífs- og vinnuskilyrði á Íslandi og er bæklingurinn á ensku. Þessari útgáfu verður eflaust vel fagnað af erlendum starfsmönnum, en í honum má finna hagnýtar og greinagóðar upplýsingar um flest það sem útlendingar á íslenskum vinnumarkaði þurfa að vita og hafa í huga fyrstu mánuðina á Íslandi.

Í hinum nýja bæklingi er farið yfir skráningu inn í landið, atvinnuleit, skattakerfið, framfærslukostnað, félagsleg réttindi, skólakerfið og fleira sem nauðsyn er og gott að vita í upphafi nýs lífs í nýju landi.

Með nýja upplýsingabæklingnum vill EES-vinnumiðlun á Íslandi stuðla að aukinni þekkingu erlendra starfsmanna á réttindum sínum og skyldum á íslenskum vinnumarkaði, og íslensku samfélagi yfirleitt.

- þlg

STYRKIR

Auglýsing frá barnamenningarsjóði

Meginhlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á sviði barnamenningar. Til barnamenningar teljast verkefni á sviði lista og menningar sem unnin eru fyrir börn og/eða með virkri þátttöku barna.

Umsóknir skulu berast menntamálaráðuneytinu, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík, í síðasta lagi 15. október 2007. Umsóknareyðublöð fást hjá menntamálaráðuneytinu og á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is

Stjórn Barnamenningarsjóðs
12. september 2007

TILKYNNINGAR

GARÐABÆR

www.gardabaer.is

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á eftirfarandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Akra (Arnarneslands) í Garðabæ, skv. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingartillagan varðar lóðirnar nr. 1, 3 og 5 við Maltakur og felur í sér innbyrðis skiptingu lóðanna þannig að úr þremur lóðum verða tvær. Gildandi skipulag gerir ráð fyrir 18 íbúðum samtals í þremur tveggja hæða húsum. Gert er ráð fyrir bílageymslum neðanjarðar.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 17. september 2007 til og með 29.október 2007. Hún er ennfremur aðgengileg á vef Garðabæjar www.gardabaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 29. október 2007. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri

Tækni- og umhverfissvið

Próf í verðbréfaviðskiptum

Veturinn 2007-2008

Prófnefnd verðbréfaviðskipta stendur fyrir prófum í verðbréfaviðskiptum veturinn 2007-2008 sem hér segir: Próf vegna I. hluta verða haldin 5., 8. og 12. nóvember 2007, próf í II. hluta verða dagana 29. og 31. janúar og 2. febrúar 2008, próf í III. hluta verða haldin 19., 21., 23. og 25. apríl 2008.

Lengd hvers prófs er allt að 4 klukkustundir. Í prófsefnislýsingu prófnefndar kemur fram hvaða hjálpargögn eru leyfileg. Hana er hægt að nálgast á heimasíðu viðskiptaráðuneytisins www.vidskiptaraduneyti.is.

Um prófin fer samkvæmt reglugerð nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum.

Prófin verða haldin í húsakynnum Háskólans í Reykjavík, sem sjá mun um framkvæmd prófanna.

Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfaviðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þreytt. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0.

Vakin er athygli á bráðabirgðaákvæði við 5. gr. reglugerðar nr. 633/2003 sem segir að: Próftaki, sem hefur próf eldra en þriggja ára, er undanþeginn reglunni um að ljúka öllum prófum innan þriggja ára, nái hann að ljúka náminu fyrir 1. september 2008.

Skráning í prófin fer fram á heimasíðu Háskólans í Reykjavík www.simennthr.is eða með tölvupósti á netfangið elisabetth@ru.is í síðasta lagi viku fyrir hvern prófhluta. Prófgjald er kr. 9.000 fyrir hvert einstakt próf.

Vakin er athygli á að haustpróf (upptökupróf) verða ekki haldin nema að uppfylltum lágmarks þátttökufjölda (10 manns).

Reykjavík, 10. september 2007.
Prófnefnd verðbréfaviðskipta

HÚSNÆÐI ÓSKAST

TAV Teikniþjónusta arkitekta og verkfræðinga

Skrifstofuhúsnæði óskast
TAV óskar eftir 30-50 fm skrifstofuhúsnæði á svæði 103, 105 eða 108.
Aðalstarfsemi TAV er tækniteiknun í tölvum. Upplýsingar gefur Sigrún í síma 894 4949

FERÐIR

Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík

Farið verður á söguslóðir Berlínar 21.- 25. október næstkomandi. Bókun hjá Bændaferðum í síma 5702790 hið fyrsta. Fullgreiða þarf ferðina við bókun.

Parísarferð 2. - 5. nóvember næstkomandi. Bókun hjá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar í síma 5111515.

Jólaferð til Rudersheim í Þýskalandi 7. - 10 desember næstkomandi. Bókun hjá Bændaferðum í síma 5702790.

Innifalið: Flug, flugvallarskattur, gisting, morgunverður, skoðunarferðir, einn kvöldverður og íslensk fararstjórn.
Allar upplýsingar hjá ferðaskrifstofunum.
Efnt verður til kynningarfunda fyrir allar ferðirnar.

Stjórnin

ÞJÓNUSTA

FIRMA CONSULTING

Við finnum kaupendur og seljendur að fyrirtækjum

Firma Consulting (www.firmaconsulting.is) er ráðgjafafyrirtæki sem sérhæfir sig í ráðgjöf við kaup og sölu millistórra og stórra fyrirtækja.

Firma Consulting leggur áherslu á persónulega og faglega þjónustu með áherslu á gæði, trúnað og traust í vinnubrögðum sínum.

Firma Consulting veitir m.a. eftirtalda þjónustu:

- **Aðstoð við kaup og sölu fyrirtækja á Íslandi.**
- **Aðstoð við kaup og sölu fyrirtækja erlendis í samstarfi við sérhæfð fyrirtæki á því sviði.**
- **Aðstoð við sameiningu fyrirtækja.**
- **Aðstoð við verðmat á fyrirtækjum.**
- **Aðstoð við gerð kaupsamninga.**
- **Rekstrarráðgjöf.**

Magnús Hreggviðsson viðskiptafræðingur og löggiltur fyrirtækja-, fasteigna- og skipasali. Magnús er með áratuga reynslu af endurskoðunarstörfum, sem rekstrarráðgjafi, fyrirtækja- og fasteignasali, útgefandi, fasteignarekandi, „land-developer" í Smárahvammi og starfandi stjórnarformaður í nokkrum fyrirtækjum. Magnús er aðalráðgjafi hjá Firma Consulting. (magnus@firmaconsulting.is)

Firma Consulting, Þingaseli 10, 109 Reykjavík, GSM: (+354) 820 8800 og (+354) 896 6665, Fax: (354) 557 7766, Veffang: firmaconsulting.is

KENNSLA

VIGTARMENN

Námskeið til löggildingar vigtarmanna verður haldið á Neytendastofu, Borgartúni 21, dagana 1., 2. og 3. október nk.

Endurmenntunarnámskeið verður haldið 8. október.

Allar nánari upplýsingar um verð og skilmála, svo og aðstoð við skráningu þátttakenda, eru veittar í síma 510 1100 og á heimasíðunni **www.neytendastofa.is/mælifræðisvið/löggilding vigtarmanna/námskeið vigtarmanna.**

Skráningu lýkur föstudaginn 21. september nk.

NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100 • Bréfasími 510 1101
postur@neytendastofa.is • www.neytendastofa.is

TILKYNNINGAR

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Grunnskólakennarar skólastjórnendur

Umsóknarfrestur um námsleyfi grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla fyrir skólaárið 2008-2009 er til og með 20. október 2007.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að við úthlutun verði nám sem tengist list- og verkgreinum og nám sem tengist kennslu í samfélagsgreinum sett í forgang. Skal allt að 1/3 námsleyfa úthlutað vegna þess.

Umsækjandi sem æskir námsleyfis skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum og skuldbindingum, sbr. reglur Námsleyfasjóðs:

a) Hafa gegnt kennslustarfi í 10 ár samtals, í eigi minna en hálfu starfi og verið í starfi sl. fjögur ár.

b) Vera fastráðinn starfsmaður sveitarfélags eða aðila sem stofnað er til með samstarfi sveitarfélaga og taka laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna grunnskólans.

c) Ljúka 30 eininga háskólanámi, eða sambærilegu námi, miðað við 1/1 námsleyfi, og skal námið miða að því að nýtast viðkomandi í því starfi sem hann er ráðinn til að sinna.

d) Skuldbindi sig til að starfa að kennslu við grunnskóla eða að öðrum skólamálum í þágu sveitarfélaga í a.m.k. þrjú ár að námsleyfi loknu.

e) Senda Námsleyfasjóði skýrslu um störf sín og nám í námsleyfi innan fjögurra mánaða frá því að námsleyfi lauk. Skýrslan skal miðuð við að unnt sé að birta hana síðar og áskilur Námsleyfasjóður sér rétt til þess.

f) Enginn getur fengið hærri fjárhæð í námsleyfi en sem nemur tveggja ára föstum launum á starfsævi viðkomandi.

Tryggvi: Ég held að það sé alveg ljóst.

Helgi: Ég vona allavega að við komum okkur í þá stöðu að þetta verði hálfgerður úrslitaleikur og til þess verðum við að vinna næsta leik. FH er vissulega með aðeins betri stöðu en við erum einnig í kjörstöðu og lítum á þetta einföldum augum, vinnum við rest þá vinnum við þetta mót.

Grani: Ef FH vinnur þann leik þá er þetta búið. Ef ekki, þá munu úrslitin ekki ráðast fyrr en í lokaumferðinni og þá gæti það orðið markatalan sem ræður úrslitum. Þá spilar Valur við HK og FH við Víking, lið sem eru að berjast við okkur á botninum. Þetta er því mjög athyglisverð staða.

Helgi: Og það er aldrei gott að eiga eftir að spila gegn liði sem er að berjast fyrir lífi sínu í deildinni.

Tryggvi: Það er allavega nóg spenna og þess vegna hefur fólk meiri áhuga á deildinni en oft áður.

Grani: Þannig á það líka að vera.

Helgi: Einmitt. Það eru eiginlega öll lið í deildinni að berjast fyrir einhverju.

Tryggvi: Nema Keflvíkingar sem sigla lygnan sjó um miðja deild. Enda eru þeir búnir að losa sig við hálft liðið.

Munu KR-ingar falla?

Tryggvi: Þetta er algjörlega í þeirra höndum því þeir eiga eftir HK, Fram og Fylki. Þetta eru allt úrslitaleikir og ef þeir tapa þessum leikjum þá er alveg klárt mál að þeir eiga skilið að falla. Það er svo einfalt. Taflan lýgur ekki og það er oftast þannig að lélegasta liðið fellur.

Þótt strákarnir séu ekki endilega sammála um hvaða lið muni standa uppi sem sigurvegari Landsbankadeildarinnar eru þeir samstíga um að það lið sem fái flest stig eigi Íslandsmeistaratitilinn skilinn. Og þótt undarlegt megi virðast þá eru þeir einnig nokkuð sammála um hver verði markakóngur.

Ef þið megið ekki nefna hver annan, hvaða leikmenn hafa verið að spila best í sumar?

Grani: Eftir að Baldur Bett fór á miðjuna hjá Val finnst mér hann hafa sýnt hversu góður djúpur miðjumaður hann er.

Helgi: Sammála því. Maður tekur stundum ekki eftir því fyrr en maður fer heim og horfir á leikinn í sjónvarpinu hversu frábæra hluti Baldur er að gera. En þetta eru hlutir sem fólk tekur ekki endilega eftir.

Tryggvi: Ég get nefnt minn liðsfélaga, Davíð Þór Viðarsson, sem hefur tekið gríðarlegum framförum í sumar. Hann er til dæmis mjög ofarlega í stoðsendingum, sem er eitthvað sem Helgi þekkir lítið til.

Helgi: (hlær) Tryggvi, hættu nú. Ég get nefnt Matthías Vilhjálmsson. Hann er leikmaður sem hefur verið að skapa sér nafn í sumar og hefur staðið sig mjög vel eftir að hann fékk tækifæri.

Hvaða erlendi leikmaður hefur heillað ykkur mest?

Grani: Alexander Steen.

Tryggvi: Já, ég er sammála því. Mjög útsjónarsamur leikmaður og með góða boltatækni.

Helgi: Tvímælalaust Steen og líka varnarmaðurinn hjá ÍA (Dario Cingel). Skagamennirnir voru mjög heppnir með útlendingana.

Að lokum, hver ykkar fær gullskóinn?

Tryggvi: Ég held að það verði allavega ekki ég. Ég er heilum þremur mörkum á eftir Helga og ef ég þekki hann rétt þá mun hann ábyggilega skora einhver mörk til viðbótar. Ég verð bara að vona að þessi meiðsli Helga séu alvarlegri en hann heldur .

Helgi: (hlær) Ég er nú ekki kominn með þetta ennþá, eitt mark í Grana og Tryggvi þarf ekki nema eina þrennu og þá er hann kominn upp á topp.

Tryggvi: En svo við tölum í alvöru þá held ég að ef Helgi spilar þessa leiki sem eru eftir, þá tekur hann gullskóinn.

Grani: Ég held að ég verði að vera sammála því.

Helgi: Já, já, góð taktík, strákar – koma pressunni yfir á mig.

Tryggvi: Ég er allavega að vinna stigakeppnina, það er að segja mörk og stoðsendingar. Það má alveg koma fram í þessu viðtali.

Helgi: En málið er að þessi markakóngstitill er í raun algjört aukaatriði. Ég hef vissulega alltaf verið gráðugur í að skora mörk en ef ég þyrfti að fórna gullskónum til Tryggva eða Grana og verða meistari í staðinn þá myndi ég að sjálfsögðu gera það.

A-RIÐILL

LIVERPOOL

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Sigursælasta enska félagið í sögu Meistaradeildarinnar með fimm sigra í keppninni á bakinu. Vann síðast árið 2005 eftir ótrúlegan úrslitaleik við AC Milan.
Evróputitlar: Fimm sinnum Evrópumeistari meistaraliða og þrisvar Evrópumeistari félagsliða.
SÍÐASTA TÍMABIL:
Í heimalandinu: Hafnaði í þriðja sæti í ensku úrvalsdeildinni, 21 stigi á eftir meisturum Man. Utd. Lagði Toulouse frá Frakklandi í forkeppninni í ár.
Í Evrópukeppni: Komst alla leið í úrslitaleik Meistaradeildinnar þar sem liðið tapaði á móti AC Milan. Lagði lið á borð við Chelsea og Barcelona á leið í úrslitin.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 145
Sigrar: 84, jafntefli: 31, töp: 30
Þjálfari: Rafael Benítez – hefur margsannað ágæti sitt í Evrópu. Evrópumeistari 2005 og komst í úrslitaleikinn í vor. Taktískur og útsjónarsamur með eindæmum.
Lykilmaður: Steven Gerrard – leiðtogi liðsins og einn allra besti miðjumaður heims. Hefur oft bjargað liðinu áfram á ögurstundu og mun vera fremstur í flokki nú sem fyrr.

PORTO

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Hefur tvívegis orðið meistari og er titillinn árið 2004 sá eftirminnilegri. Undir stjórn Jose Mourinho varð Porto meistari, öllum að óvörum. Hefur 13 sinnum tekið þátt í Meistaradeildinni, sem er met sem liðið á ásamt Man. Utd.
Evróputitlar: Tvisvar Evrópumeistari meistaraliða, einu sinni Evrópumeistari félagsliða.
SÍÐASTA TÍMABIL:
Í heimalandinu: Varð portúgalskur meistari á ný eftir að hafa misst titilinn frá sér 2006.
Í Evrópukeppni: Komst upp úr riðlakeppni Meistaradeildarinnar en féll úr keppni gegn Chelsea í sextán liða úrslitum.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 151
Sigrar: 64, jafntefli: 37, töp: 50
Þjálfari: Jesualdo Ferreira – margreyndur, agaður og snjall þjálfari. Hefur þjálfað öll stóru liðin í Portúgal og er talinn líklegur til að taka við landsliðinu fljótlega.
Lykilmaður: Ricardo Quaresma – þessi leikni kantmaður kemur til með að mata Helder Postiga í sókninni. Þeir hafa náð afar vel saman og ríður á að Quaresma sýni snilli sína á meðal þeirra bestu.

BESIKTAS

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Hefur þrívegis spilað í riðlakeppni Meistaradeildarinnar en aldrei komist í 16-liða úrslit. Komst í 8-liða úrslit Evrópukeppni meistaraliða 1987. **Evróputitlar:** Engir
SÍÐASTA TÍMABIL:
Í heimalandinu: Liðið varð í öðru sæti tyrknesku deildarinnar, níu stigum á eftir meisturum Fenerbache, og þá vann liðið bikarkeppnina.
Í Evrópukeppni: Liðið spilaði í riðlakeppni Evrópukeppni félagsliða en komst ekki upp úr sínum riðli.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 52
Sigrar: 17, jafntefli: 11, töp: 24
Þjálfari: Ertuğrul Sağlam – talinn vera einn af mest spennandi þjálfurum Evrópu. Mikill markahrókur á árum áður en reynsluleysi hans sem þjálfari gæti verið honum dýrkeypt.
Þjóðerni: Tyrkneskur
Fæðingardagur: 19. nóvember 1969
Lykilmaður: Ricardinho – knár miðjumaður sem var í landsliðshópi Brasilíu á HM 2006. Skorar mörk og leggur upp. Lykilmaður í sóknaruppbyggingu liðsins.

MARSEILLE

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Marseille er eina franska liðið sem orðið hefur Evrópumeistari meistaraliða. Frá þeim sigri hefur liðið aðeins þrisvar komist í riðlakeppni Meistaradeildarinnar.
Evróputitlar: Evrópumeistari meistaraliða í eitt skipti.
SÍÐASTA TÍMABIL:
Í heimalandinu: Hafnaði í öðru sæti á eftir meisturum Lyon. Annað árið í röð tapaði liðið í úrslitaleik bikarkeppninnar.
Í Evrópukeppni: Tók þátt í forkeppni Evrópukeppni félagsliða en datt úr í fyrstu umferð.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 58
Sigrar: 28, jafntefli: 14, töp: 16
Þjálfari: Albert Emon – gamall leikmaður hjá Marseille sem er í miklum metum hjá félaginu. Kom því aftur í Meistaradeildina með góðum árangri á sínu fyrsta tímabili í fyrra.
Lykilmaður: Djibril Cissé – fer meðal annars aftur á sinn gamla heimavöll hjá Liverpool og þarf svo sannarlega að leiða liðið áfram. Marseille mun treysta mikið á markaskorun hans.

B-RIÐILL

VALENCIA

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Tvívegis hefur liðið hafnað í öðru sæti. Árið 1999 tapaði liðið fyrir Real Madrid og árið eftir beið liðið lægri hlut fyrir Bayern München.
Evróputitlar: Einu sinni unnið Evrópukeppni félagsliða og einu sinni Evrópukeppni bikarhafa.
SÍÐASTA TÍMABIL:
Í heimalandinu: Valencia hafnaði í fjórða sæti spænsku úrvalsdeildinnar og féll úr bikarkeppninni í sextán liða úrslitum.
Í Evrópukeppni: Liðið varð sigurvegari D-riðils Meistaradeildarinnar, lagði Inter í sextán liða úrslitum en tapaði fyrir Chelsea í átta liða úrslitum.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 78
Sigrar: 39, jafntefli: 22 töp: 17
Þjálfari: Quique Sánchez Flores – útsjónarsamur þjálfari sem er talinn meðal þeirra bestu á Spáni. Hefur sýnt hæfni sína og ætlar sér að ná langt í Evrópu þetta árið.
Lykilmaður: David Albelda – fyrirliðinn og akkerið á miðjunni. Frábærir leiðtogahæfileikar hans nýtast vel. Brýtur upp sóknir andstæðinganna og leiðir svo skyndisóknir síns liðs.

ROSENBORG

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Liðið vakti mikla athygli tímabilið '96-'97 þegar það komst alla leið í 8-liða úrslit, en tapaði þá fyrir Juventus. Hefur verið með í Meistaradeildinni allar götur síðan, fyrir utan tvö tímabil.
Evróputitlar: Engir.
SÍÐASTA TÍMABIL:
Í heimalandinu: Liðið varð norskur meistari og hirti þar með titilinn úr höndum Vålerenga, sem hafði unnið árið áður. Þetta var 20. meistaratitill Rosenborg frá upphafi.
Í Evrópukeppni: Var ekki í Evrópukeppni.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 116
Sigrar: 42, jafntefli: 25, töp: 29
Þjálfari: Knut Tørum – farsæll kappi sem var valinn besti þjálfari Noregs í fyrra. Á verðugt verkefni fyrir höndum og þarf að laða fram það allra besta í strákunum sínum til að stríða stóru liðunum.
Lykilmaður: Steffen Iversen – reynslubolti sem hefur síungt markanef. Er markahæsti leikmaður liðsins heima fyrir og reynsla hans ætti að vega þungt fyrir þá norsku.

CHELSEA

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Liðið tók fyrst þátt í keppninni árið 1999 en hefur verið með öll árin síðan þá. Alltaf komist í gegnum riðlakeppninna og komist í undanúrslit síðustu þrjú ár.
Evróputitlar: Tvisvar Evrópumeistari bikarhafa.
SÍÐASTA TÍMABIL:
Í heimalandinu: Eftir tvo meistaratitla í röð varð Chelsea að sætta sig við annað sætið á síðustu leiktíð. Liðið varð þó tvöfaldur bikarmeistari.
Í Evrópukeppni: Liðið vann sinn undanriðil og sló út Porto og Valencia áður en liðið tapaði fyrir Liverpool í undanúrslitum.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 62
Sigrar: 32, jafntefli: 16, töp: 14
Þjálfari: Jose Mourinho – taktískur og gríðarlega snjall þjálfari sem dreymir um að vinna Meistaradeildina með Chelsea. Umdeildur og litríkur karakter.
Lykilmaður: John Terry – einn besti miðvörður heims og einn af máttarstólpum liðsins. Feykiöflugur varnarmaður sem skorar líka mörk. Frábær leikmaður.

SCHALKE

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Er að taka þátt í riðlakeppninni í þriðja sinn en hefur aldrei komist áfram.
Evróputitlar: Einu sinni Evrópumeistari félagsliða.
SÍÐASTA TÍMABIL:
Í heimalandinu: Háði mikla baráttu við Stuttgart um titilinn en varð að lokum að sætta sig við annað sæti.
Í Evrópukeppni: Tók þátt í Evrópukeppni félagsliða en tapaði fyrir Nancy í fyrstu umferð og féll þannig úr leik.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 19
Sigrar: 7, jafntefli: 4, töp: 8
Þjálfari: Mirko Slomka – stýrði liðinu til þriðja sætis í riðlakeppninni í fyrra en komst í undanúrslit UEFA-keppninnar. Dæmigerður þýskur þjálfari með bein í nefinu.
Lykilmaður: Kevin Kuranyi – landsliðsframherjinn hefur verið iðinn við kolann og mun leika lykilhlutverk í markaskoruninni. Frá honum þurfa mörkin að koma.

MEISTARADEILDIN Á SÝN Í VETUR

Fjögurra mánaða bið eftir besta fótbolta sem boðið er upp á í heiminum í dag lýkur formlega á þriðjudag, en þá hefst riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu á ný. Eins og undanfarin ár mun sjónvarpsstöðin Sýn vera með beinar útsendingar frá öllum stærstu leikjunum. Sport kynnir hér til leiks öll liðin sem taka þátt í keppninni á þessari leiktíð.

Óhætt er að fullyrða að vetrardagskrá Sýnar hafi aldrei verið glæsilegri og fyrir utan Meistaradeildina eru fjölmargir viðburðir á dagskrá sem enginn íþróttaáhugamaður má missa af. Á meðal þess helsta sem boðið verður upp á Sýn á næstu vikum er:

FORSETABIKARINN Í GOLFI

Bandaríkin gegn öðrum heimsálfum utan Evrópu. Golf eins og það gerist allra best.

LANDSBANKADEILDIN
Hverjir verða meistarar og hverjir falla?

EVRÓPSKA MÓTARÖÐIN Í GOLFI
Nær Birgir Leifur að halda keppnisréttinum?

BOX

Vitali Klitschko snýr aftur í hringinn hinn 22. september.

ÞÝSKI HANDBOLTINN
Íslendingar í eldlínunni um hverja helgi.

SPÆNSKI BOLTINN
Fær Eiður Smári tækifærið hjá Barcelona?

ÁSKRIFTARSÍMINN ER 512-5100

GOTT FÓLK

Dell OptiPlex™ 745 borðtölva

Þitt verð:

81.200

65.221 án vsk.

Intel® Pentium E4300 Core™2 Duo örgjörvi
1,8GHz, 800MHz FSB, 2MB L2 Cache
1,0GB 667MHz DDR2 vinnsluminni (1X1024MB)
80GB (7,200 rpm) Serial ATA II harður diskur
48x DVD/CD-RW Combo geisladrif
Innbyggt Broadcom 5754 Gigabit PXE/ASF 2,0 netkort
Intel GMA 3000 skjákort með allt að 256MB minni
9 USB 2,0 (tvö að framan, eitt innbyggt)
Innbyggt ADI 1983 High Definition hljóðkort
Innbyggður hátalari
1x Ethernet, 1x Serial, 1x Parallel
Dell USB lyklaborð með íslenskum táknum
Dell 5 hnappa Premium USB Optical mús
Microsoft Windows XP Professional
280W spennugjafi, orkunotkun 105,29W max
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Öflugar hágæðatölvur fyrir atvinnulífið

Dell OptiPlex™ 745 er sérlega orkunýtin tölva, búin nýjustu tækni og búnaði sem auðvelt er að sníða að hvers konar atvinnurekstri. Sérsniðnar lausnir, fjarvinnslukerfi og sveigjanlegir öryggisþættir gera þér kleift að einfalda reksturinn og auka afköst fyrir hagstætt verð.

DELL™

© 2007 Dell Corporation Limited. Dell, vörumerkið Dell, Inspiron, eru vörumerki í eigu Dell Inc. Microsoft, Windows og Windows Vista eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Önnur nöfn eða vörumerki sem vísað er til í þessari auglýsingu geta verið í eigu annarra. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Xeon, and Xeon Inside eru skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum.

*** FYRIRVARAR:** Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

EJS www.ejs.is

C-RIÐILL

OLYMPIAKOS

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Olympiakos hefur komist í riðlakeppni keppninnar síðustu ellefu ár. Bestum árangri náði liðið árið 1999 er það komst í 8-liða úrslit.
Evróputitlar: Engir.

SÍÐASTA TÍMABIL:

Í heimalandinu: Liðið varð gríðskur meistari þriðja árið í röð og í 10. skipti á síðustu 11 árum.
Í Evrópukeppni: Liðið komst ekki upp úr riðlakeppni Meistaradeildarinnar. Liðið vann ekki leik í sínum riðli og olli árangurinn miklum vonbrigðum.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 94
Sigrar: 26, jafntefli: 22, töp: 46
Þjálfari: Takis Lemonis – gríðarlega umdeildur og margir stuðningsmenn vilja ekki sjá hann hjá félaginu, sem hann elskar þó og dáir. Þarf að standast ógnvænlega mikla pressu heima fyrir.
Lykilmaður: Antonios Nikopolidis – þessi litríki markmaður nálgast fertugsaldurinn óðfluga en er gríðarlega mikilvægur liðinu. Það liggur oft til baka og þarf að treysta á að Nikopolidis hafi engu gleymt.

WERDER BREMEN

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Besti árangur liðsins náðist árið 1989 þegar það tapaði fyrir AC Milan í undanúrslitum Evrópukeppni meistaraliða. Tekur nú þátt í riðlakeppninni þriðja árið í röð.
Evróputitlar: Einu sinni Evrópumeistari bikarhafa.

SÍÐASTA TÍMABIL:

Í heimalandinu: Liðið hafnaði í þriðja sæti þýsku úrvalsdeildarinnar en féll úr keppni í fyrstu umferð bikarkeppninnar.
Í Evrópukeppni: Bremen hafnaði í gríðarlega erfiðum riðli með Chelsea og Barcelona og varð að láta sér lynda þriðja sætið. Liðið komst því ekki áfram en fór þess í stað í Evrópukeppni félagsliða. Þar tapaði liðið fyrir Espanyol í undanúrslitum.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 46
Sigrar: 22, jafntefli: 8, töp: 16
Þjálfari: Thomas Schaaf – hefur verið hjá Bremen frá árinu 1972, fyrst sem leikmaður en nú þjálfari. Er mikils metinn í Þýskalandi.
Lykilmaður: Torsten Frings – einn af mörgum frábærum miðjumönnum Bremen. Hleypur vítateiga á milli, skorar og berst eins og vitleysingur.

REAL MADRID

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Sigursælasta félag Meistaradeildarinnar frá upphafi. Madrid varð meistari fyrstu fimm skiptin sem Evrópukeppni meistaraliða var haldin.
Evróputitlar: Níu sinnum Evrópumeistari meistaraliða, tvisvar Evrópumeistari félagsliða.

SÍÐASTA TÍMABIL:

Í heimalandinu: Real varð Spánarmeistari í fyrsta sinn frá árinu 2003 eftir æsilega keppni við Barcelona og Sevilla. Liðið komst ekki lengra en í 16-liða úrslit bikarkeppninnar.
Í Evrópukeppni : Liðið hafnaði í 2. sæti E-riðils Meistaradeildarinnar á eftir Lyon og mætti Bayern München í 16-liða úrslitum. Bayern fór áfram á mörkum skoruðum á útivelli.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 299
Sigrar: 173, jafntefli: 52, töp: 74
Þjálfari: Bernd Schuster – tók við Spánarmeisturunum í sumar og þarf að ná árangri strax. Náði frábærum árangri með Getafe og hefur sannað sig sem mjög fær þjálfari.
Lykilmaður: Ruud van Nistelrooy – hollenski markahrókurinn var frábær á sínu fyrsta tímabili með Real í fyrra og hefur alltaf spilað vel í Meistaradeildinni.

LAZIO

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Liðið hafði á frábæru liði að skipa um aldamótin og komst í undanúrslit keppninnar árið 2001. Það er langbesti árangur liðsins í keppninni .
Evróputitlar: Einu sinni Evrópumeistari bikarhafa.

SÍÐASTA TÍMABIL:

Í heimalandinu: Lazio varð í 3. sæti ítölsku úrvalsdeildarinnar, nokkuð á eftir meisturum Inter og Lazio.
Í Evrópukeppni: 30 stig voru dregin af Lazio fyrir keppnistímabilið 05/06 og endaði liðið í 16. sæti úrvalsdeildarinnar það ár. Liðið var því langt frá því að komast í Evrópukeppni í fyrra.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 44
Sigrar: 20, jafntefli: 10, töp: 14
Þjálfari: Delio Rossi – byrjaði að þjálfa aðeins 29 ára enda lélegur leikmaður. Hefur verið að færa sig upp á við og er nú kominn í draumastarfið. Hefur náð undraverðum árangri með Lazio.
Lykilmaður: Tommaso Rocchi – eitursnjall framherji. Skorar sæg af mörkum en leggur ekki síður mikið upp fyrir félaga sína. Gríðarlega mikilvægur Lazio.

D-RIÐILL

CELTIC

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Celtic varð fyrsta breska liðið til að vinna æðsta titil evrópskrar knattpyrnu þegar liðið varð Evrópumeistari 1967.
Evróputitlar: Einu sinni Evrópumeistari meistaraliða.

SÍÐASTA TÍMABIL:

Í heimalandinu: Celtic vann skosku deildina með yfirburðum og endaði 13 stigum á undan Rangers. Þá varð liðið bikarmeistari þriðja árið í röð.
Í Evrópukeppni: Liðið náði sínum besta árangri frá upphafi í riðlakeppni Meistaradeildarinnar og komst áfram. Liðið mætti AC Milan í 16 liða úrslitum og féll naumlega úr keppni.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 120
Sigrar: 60, jafntefli: 22, töp: 38
Þjálfari: Gordon Strachan – stórskemmtilegur karakter en um leið fær knattspyrnustjóri. Hefur gert frábæra hluti með Celtic, er metnaðarfullur og útsjónarsamur.
Lykilmaður: Shunsuke Nakamura – frábær leikmaður sem var valinn sá besti í Skotlandi á síðasta tímabili. Afar klókur miðjumaður sem bæði skorar mörk og leggur þau upp.

AC MILAN

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Frá því að núverandi fyrirkomulag var tekið upp í Meistaradeildinni árið 1991 hefur Milan 12 sinnum komist í riðlakeppnina. Aðeins Man. Utd. og Porto hafa oftar tekið þátt. Liðið á titil að verja í Meistaradeildinni í ár.
Evróputitlar: Sjö sinnum Evrópumeistari meistaraliða, tvisvar evrópumeistari félagsliða.

SÍÐASTA TÍMABIL:

Í heimalandinu: Liðið endaði í 4. sæti úrvalsdeildarinnar eftir að hafa byrjað tímabilið með átta stig í mínus.
Í Evrópukeppni: Milan vann H-riðil Meistaradeildarinnar í fyrra og sló út Celtic, Bayern og Man. Utd áður en það lagði Liverpool að velli í sjálfum úrslitaleiknum, 2-1.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 198
Sigrar: 108, jafntefli: 46, töp: 44
Þjálfari: Carlo Ancelotti – stýrði liðinu til Evróputitilsins á síðasta tímabili. Margreyndur og snjall stjóri sem er á meðal þeirra allra bestu.
Lykilmaður: Kaká – kjörinn besti leikmaður Meistaradeildarinnar í fyrra og er líklegur til að halda uppteknum hætti. Stórkostlegur leikmaður sem getur unnið leiki upp á eigin spýtur.

BENFICA

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Gullaldarlið Benfica á árunum ´61-'63 vann titilinn þá tvö ár í röð en síðan þá hefur árangurinn mun slakari. Á síðustu 15 árum eru 8 liða úrslit besti árangur liðsins.
Evróputitlar: Tvisvar sinnum Evrópumeistari meistaraliða.

SÍÐASTA TÍMABIL:

Í heimalandinu: Benfica hafnaði í þriðja sæti í Belgíu, annað árið í röð. Liðið endaði þó aðeins tveimur stigum á eftir meisturum Porto.
Í Evrópukeppni: Liðið hafnaði í þriðja sæti F-riðils og komst því í Evrópukeppni félagsliða. Þar beið liðið í lægri hlut fyrir Espanyol í 8 liða úrslitum.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 176
Sigrar: 86, jafntefli: 40, töp: 50
Þjálfari: José Antonio Camacho – margreyndur þjálfari, meðal annars hjá Real Madrid og landsliði Spánar. Tók við Portúgalska liðinu í sumar. Klókur og taktískur þjálfari.
Lykilmaður: Nuno Gomes – framherjinn er gríðarlega vinnusamur og er duglegur við að draga til sín leikmenn og leggja upp mörk auk þess sem hann skorar alltaf sín eigin.

SHAKHTAR DONETSK

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Liðið kemst nú í þriðja skiptið í riðlakeppni Meistaradeildarinnar á skömmum tíma en aðeins níu ár eru liðin frá því að liðið hóf að taka þátt í Evrópukeppni.
Evróputitlar: Engir.

SÍÐASTA TÍMABIL:

Í heimalandinu: Shakhtar endaði 11 stigum á eftir meisturum Dynamo Kiev í úkraínsku deildinni og tapaði einnig fyrir þessum erkifjendum sínum í bikarúrslitaleiknum.
Í Evrópukeppni: Í fyrra, rétt eins og átta ár þar á undan, endaði Shakhtar í Evrópukeppni félagsliða. Þar tapaði liðið fyrir Sevilla í sextán liða úrslitum, en spænska liðið vann síðan keppnina.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 44
Sigrar: 19, jafntefli: 8, töp: 17
Þjálfari: Mircea Lucescu – reynslubolti sem hefur náð undraverðum árangri með mörg lið. Er vinnualki sem talar sex tungumál og stefnir á að ná langt með úkraínska liðið.
Lykilmaður: Cristiano Lucarelli – var keyptur til Shakhtar í sumar í þeim tilgangi að skora mörk. Þau þarf hann að setja ætli liðið sér ekki að verða eftir í riðlakeppninni.

www.joiutherji.is
ENSKI boltinn!!

Þú færð treyjurnar hjá okkur
Mikið úrval af vörum tengdum liðunum.
Jói útherji
KNATTSPYRNUVERSLUN
Ármúla 36 – s. 588 1560

SÉRFRÆÐINGARNIR SVARA

	Logi Ólafsson	Ólafur Kristjánsson	Heimir Guðjónsson	Bjarni Jóhannsson
Hvert ensku liðanna mun ná lengst?	Manchester United	Liverpool	Chelsea	Arsenal
Hvaða lið vinnur Meistaradeildina í ár?	Manchester United	AC Milan	Chelsea	AC Milan
Hver verður markahæstur?	Kaka	Ruud van Nistelrooy	Kaka	Messi
Hver á að vera skilinn útundan; Ronaldinho, Messi, Eto´o eða Henry?	Eto´o	Messi	Eto´o	Eto´o
Hvor er betri, Sneijder eða Beckham?	Beckham	Sneijder	Sneijder	Beckham

BMW xDrive - skynvædda aldrifskerfið frá BMW.

BMW xDrive breytir slæmri færð í góða, þökk sé framúrskrandi veggripi og rásfestu. Á BMW 3 línunni nýtur þú ósvikinnar akstursánægju til fulls. Þegar skilyrði til aksturs eru góð, tryggir afturdrifið sportlegri takta og skemmtilegri svörun, en þú átt að venjast. Um leið og skilyrðin versna og færð þyngist, sér breytileg aflmiðlun xDrive aldrifskerfisins til þess, **að vélaraflið leitar á nokkrum sekúndubrotum til þeirra hjóla sem mesta veggripið hafa hverju sinni.** Færðin skiptir því ekki máli; **BMW xDrive tryggir bestu mögulegu aksturseiginleika, rásfestu og vegrip.** BMW 3 línan með xDrive veitir þér örugglega ósvikna akstursánægju við öll skilyrði. Komdu í reynsluakstur og upplifðu af eigin raun BMW 3 línuna með xDrive.

BMW 3 línan
325xi
330xi
335xi
330xd

www.bmw.is

Sheer
Driving Pleasure

Með bílinn handa þér

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is

E-RIÐILL

LYON

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Þrátt fyrir að hafa verið spáð mjög góðu gengi hefur Lyon ekki staðið undir væntingum síðustu ár. Aldrei komist lengra en í 8-liða úrslit.
Evróputitlar: Engir.

SÍÐASTA TÍMABIL:

Í heimalandinu: Liðið varð franskur meistari sjötta árið í röð og vann titilinn með miklum yfirburðum. Liðið féll þó snemma út úr bikarkeppninni, en Lyon hefur ekki orðið bikarmeistari síðan 1973.
Í Evrópukeppni: Lyon var stigahæsta liðið eftir riðlakeppni síðasta árs í Meistaradeildinni með 14 stig í sex leikjum. Það dugði þó skammt því liðið tapaði fyrir Roma í 16-liða úrslitum.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 66
Sigrar: 34, jafntefli: 14, Töp: 18
Þjálfari: Alain Perrin – Tók við Lyon í sumar af Gerard Houllier og á virkilega krefjandi verkefni fyrir höndum. Stýrði meðal annars Portsmouth á árum áður.
Lykilmaður: Juninho Pernambucano – Einn besti aukaspyrnusérfræðingur Evrópu. Frábær leikmaður með afburðar spyrnugetu og gott auga fyrir spili.

BARCELONA

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Barcelona hefur fimm sinnum keppt til úrslita í Evrópukeppni meistaraliða en tvisvar orðið meistarar, síðast árið 2006.
Evróputitlar: Tvisvar Evrópumeistari meistaraliða, fjórum sinnum Evrópumeistari félagsliða.

SÍÐASTA TÍMABIL:

Í heimalandinu: Liðið varð að sætta sig við að horfa á eftir spænska titlitum til erkifjendanna í Real Madrid eftir stormasamt tímabil. Stjörnuleikmenn náðu sér ekki á strik á tímabilinu og frammistaðan olli vonbrigðum.
Í Evrópukeppni: Barcelona var með Chelsea A-riðli Meistaradeildar og hafnaði í 2. sæti. Mætti Liverpool í 16-liða úrslitum og varð að lúta í lægra haldi.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 169
Sigrar: 95, jafntefli: 38, Töp: 36
Þjálfari: Frank Rijkaard – Hjá Barcelona verðurðu bara að láta liðið þitt spila skemmtilegan fótbolta og ná árangri. Rijkaard hefur tekist hvort tveggja.
Lykilmaður: Carles Puyol – Barcelona hefur nóg af mönnum til að sækja og skora en varnarleikurinn verður að virka líka. Fyrirliðinn stýrir vörninni eins og sannur hershöfðingi.

STUTTGART

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Stuttgart hefur aðeins einu sinni áður komist í riðlakeppnina. Það var árið 2004 og komst liðið áfram í 16-lið úrslit. Þar tapaði þýska liðið fyrir Chelsea.
Evróputitlar: Engir.

SÍÐASTA TÍMABIL:

Í heimalandinu: Stuttgart varð þýskur meistari í fimmta sinn eftir æsilega keppni við Schalke og Werder Bremen. Liðið tapaði fyrir Nurnberg í úrslitaleik bikarkeppninnar.
Í Evrópukeppni: Tók ekki þátt, enda náði liðið ekki nema 9. sæti í úrvalsdeildinni árið 2006.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 13
Sigrar: 5, jafntefli: 3, Töp: 5
Þjálfari: Armin Veh – Hefur náð frábærum árangri með liðið sem hann gerði að þýskalandsmeisturum í vor. Útsjónarsamur, klókur og spennandi þjálfari.
Lykilmaður: Thomas Hitzlsperger – Hamarinn sjálfur var gríðarlega öflugur á síðasta tímabili eftir að hann fór frá Aston Villa aftur til Þýskalands. Góður miðjumaður með auga fyrir markinu.

RANGERS

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Rangers hefur verið yfirburðaalið í Skotlandi í áraraðir, ásamt Celtic. Liðið á því langa sögu í Evrópukeppni meistaraliða en árangurinn þar hefur oftar en ekki verið undir væntingum.
Evróputitlar: Einu sinni Evrópumeistari bikarhafa.

SÍÐASTA TÍMABIL:

Í heimalandinu: Tímabilið reyndist vonbrigði því liðið varð langt á eftir Celtic í baráttunni um titilinn.
Í Evrópukeppni: Liðið spilaði í Evrópukeppni félagsliða og vann þar sinn riðil með sannfærandi hætti. Rangers tapaði óvænt fyrir Osasuna í 16-liða úrslitum og varð þannig úr leik.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 139
Sigrar: 59, jafntefli: 32, Töp: 48
Þjálfari: Walter Smith – Gamall harðjaxl sem leggur mikið upp úr baráttu og eljusemi. Stýrði Rangers 1991-1999 en tók aftur við liðinu í janúar á þessu ári.
Lykilmaður: Barry Ferguson – Fyrirliðinn er drifkrafturinn á miðjunni og rekur félaga sína áfram. Lunkinn leikmaður sem þarf að sýna sparihliðarnar á sér í þessum erfiða riðli.

F-RIÐILL

ROMA

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Roma hefur aldrei unnið stóran titil í Evrópu en liðið tapaði úrslitaleik Evrópukeppni meistaraliða árið 1984.
Evróputitlar: Engir.

SÍÐASTA TÍMABIL:

Í heimalandinu: Liðið hafnaði í öðru sæti ítölsku úrvalsdeildarinnar á eftir Inter en náði fram hefndum með því að leggja meistarana sannfærandi í bikarúrslitunum.
Í Evrópukeppni: Roma lék mjög vel í Meistaradeildinni og komst alla leið í 8-liða úrslit þar sem liðið steinlá gegn Manchester United.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 49
Sigrar: 16, jafntefli: 16, Töp: 17
Þjálfari: Luciano Spalletti – Kjörinn þjálfari ársins á Ítalíu fyrir tveimur árum. Snaggaralegur, taktískur þjálfari sem heldur uppi heraga í Rómarborg.
Þjóðerni: Ítalskur
Fæðingardagur: 7. mars 1959
Lykilmaður: Francesco Totti – Einn allra besti leikmaður heims þegar sá gállinn er á honum. Skorar mörk, leggur upp og er frábær alhliða leikmaður.

SPORTING

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Þrívegis áður hefur liðið tekið komist í riðlakeppnina, en aldrei komist áfram. Af stóru liðunum frá Portúgal er Sporting eina liðið sem aldrei hefur unnið Evrópukeppni meistaraliða.
Evróputitlar: Einu sinni Evrópumeistari félagsliða.

SÍÐASTA TÍMABIL:

Í heimalandinu: Sporting varð í 2. sæti úrvalsdeildarinnar í Portúgal, aðeins einu stigi á eftir Porto. Þá varð liðið bikarmeistari í 14. sinn.
Í Evrópukeppni: Sporting vann aðeins einn leik í B-riðli Meistaradeildarinnar og náði sér aldrei á strik.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 18
Sigrar: 3, jafntefli: 5, Töp: 10
Þjálfari: Paulo Bento – Fyrrum leikmaður og sannur sigurvegari allan ferilinn. Rauk upp metorðastigann innan Sporting og er að festa sig í sessi sem einn efnilegasti þjálfari Portúgala.
Lykilmaður: João Moutinho – Talinn meðal efnilegustu leikmanna Portúgals. Fjölhæfur miðjumaður sem var orðinn fyrirliði Sporting aðeins tvítugur að aldri.

MAN UNITED

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Ekkert lið hefur komist oftar í riðlakeppnina en Man. Utd. og Porto, eða 13 sinnum alls. Liðið varð síðast meistari árið 1999 í einum eftirminnilegasta úrslitaleik sögunnar.
Evróputitlar: Tvisvar Evrópumeistari meistaraliða, einu sinni Evrópumeistari félagsliða.

SÍÐASTA TÍMABIL:

Í heimalandinu: Liðið varð enskur meistari í fyrsta sinn í fjögur ár. Liðið varð þó að sætta sig við tap gegn Chelsea í úrslitaleik bikarkeppninnar.
Í Evrópukeppni: Liðið sigraði F-riðil Meistaradeildarinnar en eftir að hafa lagt Lille og Roma af velli í útsláttarkeppninni varð Man. Utd. að játa sig sigraða gegn AC Milan í undanúrslitunum.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 180
Sigrar: 99, jafntefli: 41, Töp: 40
Þjálfari: Sir Alex Ferguson – Það þarf ekki að fjölyrða neitt um hæfileika þessa manns. Einn reyndasti og besti þjálfari heims.
Lykilmaður: Cristiano Ronaldo – Getur klárað leiki með ótrúlegri færni sinni án þess að blikna. Afburðaleikmaður og virkilega mikilvægur United.

DYNAMO KIEV

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Kiev var spútniklið Meistaradeildarinnar árið 1999 þar sem Andriy Shevchenko sló fyrst í gegn. Þá komst liðið í undanúrslit keppninnar í þriðja sinn en tapaði fyrir Bayern Munchen.
Evróputitlar: Tvisvar Evrópumeistari bikarhafa.

SÍÐASTA TÍMABIL:

Í heimalandinu: Liðið varð meistari í Úkraínu í 12. sinn frá árinu 1992 og hafði töluverða yfirburði. Þá varð Kiev bikarmeistari þriðja árið í röð.
Í Evrópukeppni: Eftir eins árs fjarveru snéri liðið aftur í riðlakeppni Meistaradeildarinnar en þar endaði liðið í neðsta sæti E-riðils.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 174
Sigrar: 80, jafntefli: 36, Töp: 58
Þjálfari: Anatoliy Demyanenko – Hefur stýrt Kiev frá 2005 en hafði fyrir það aldrei stýrt neinu félagi. Hefur haldið áfram þeim yfirburðum sem Dynamo hefur haft í heimlandi sínu.
Þjóðerni: Úkraínskur
Fæðingardagur: 19. febrúar 1959
Lykilmaður: Serhiy Rebrov – Þekktasti og besti leikmaður liðsins. Er orðinn 33 ára en skorar enn sín mikilvægu mörk. Er jafnframt fyrirliði Dynamo.

ÚRSLITALEIKURINN Í RÚSSLANDI

Úrslitaleikurinn í Meistaradeild Evrópu á þessu tímabili fer fram á Luzhniki leikvanginum í Moskvu. Þetta er í fyrsta sinn í sögunni sem úrslitaleikurinn er spilaður í Rússlandi.

Luzhniki-leikvangurinn er sannarlega glæsilegt mannvirki og langstærsti íþróttaleikvangurinn í Rússlandi. Hann rúmar rétt tæplega 85 þúsund manns í sæti en mesti fjöldi sem saman hefur komið á vellinum er 103 þúsund manns, þegar Ólympíuleikarnir voru haldnir í Moskvu árið 1980.

Luzhniki-völlurinn er einn af örfáum risaleikvöngum í Evrópu sem eru með gervigras, en það hefur verið notað með góðum árangri frá árinu 2002. Leikmenn þeirra liða sem mætast munu í úrslitunum 21. maí á næsta ári þurfa þó ekki að hafa áhyggjur af gervigrasinu því nýtt raunverulegt gras verður lagt á völlinn fyrir þann tíma.

Þegar hefur verið ákveðið að úrslitaleikur Meistaradeildarinnar árið 2009 fari fram á Ólympíuleikvanginum í Róm.

Luzhniki er einn glæsilegasti leikvangur Evrópu.

FINNST ÞÉR ÞETTA Í LAGI?
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA -8149
Um 50 þúsund Íslendingum finnst í lagi að keyra eftir að hafa fengið sér einn. Finnst þér það í lagi?
Ölvaður ökumaður er alltaf í órétti ef hann lendir í umferðarslysi.
BARA EINN ER EINUM OF MIKIÐ
VÍNBÚÐ
UMFERÐARSTOFA

G-RIÐILL

PSV EINDHOVEN

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: PSV hefur tekið þátt í Meistaradeildinni síðustu 11 ár, sem er einstakur árangur. Besti árangur liðsins var í gömlu Evrópukeppni meistaraliða en þá keppni vann liðið 1988.
Evróputitlar: Einu sinni Evrópumeistari meistaraliða og einu sinni Evrópumeistari félagsliða.
SÍÐASTA TÍMABIL:
Í heimalandinu: PSV varð hollenskur meistari þriðja árið í röð og stal titlinum úr höndum AZ Alkmaar og Ajax.
Í Evrópukeppni: PSV hafnaði í öðru sæti C-riðils og kom mikið á óvart með því að leggja Arsenal af velli í 16-liða úrslitum. Liðið tapaði síðan fyrir Liverpool í 8-liða úrslitum.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 137
Sigrar: 53, jafntefli: 32, töp: 52
Þjálfari: Ronald Koeman – Mikils metinn og afar hæfur þjálfari. Gerði PSV að meisturum í vor og sér leik á borði nú að komast langt í Meistaradeildinni.
Lykilmaður: Jefferson Farfán – Þessi snjalli framherji hefur verið duglegur við að raða inn mörkum í Hollandi. Þykir afar lunkinn og klárar færin sín vel.

INTER MILAN

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Inter hefur tvisvar orðið Evrópumeistari meistaraliða en eftir að riðlakeppninn var tekin upp eru undanúrslit árið 2003 besti árangur liðsins.
Evróputitlar: Tvisvar Evrópumeistari meistaraliða, þrisvar Evrópumeistari félagsliða.
SÍÐASTA TÍMABIL:
Í heimalandinu: Inter vann ítölsku úrvalsdeildina með stæl, 22 stigum á undan Roma. Liðið setti stigamet og hafði gríðarlega yfirburði.
Í Evrópukeppni: Þrátt fyrir að hafa tapað fyrstu tveimur leikjum riðlakeppninnar hafnaði liðið í 2. sæti B-riðils. Liðið tapaði síðan fyrir Valencia í 16-liða úrslitum.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 119
Sigrar: 59, jafntefli: 36, töp: 24
Þjálfari: Roberto Mancini – Farsælasti þjálfari Inter síðustu tíu árin. Hefur gert frábæra hluti með félagið og er gríðarlega virtur heima fyrir.
Þjóðerni: Ítalskur
Fæðingardagur: 27. nóvember 1964
Lykilmaður: Zlatan Ibrahimović – Þessi lunkni leikmaður er á meðal markahæstu manna Ítalíu. Litríkur leikmaður sem gefur aldrei þumlung eftir.

FENERBACHE

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Liðið hefur fimm sinnum tekið þátt í riðlakeppninni en þriðja sætið árið 2005 er besti árangurinn þar.
Evróputitlar: Engir
SÍÐASTA TÍMABIL:
Í heimalandinu: Fenerbache endurheimti tyrkneska meistaratitilinn og vann deildina með sannfærandi hætti, níu stigum á undan Besiktas.
Í Evrópukeppni: Liðið datt út í forkeppni Meistaradeildarinnar og tók þátt í UEFA-keppninni í staðinn. Þar hafnaði liðið í 3. sæti síns riðils og komst því ekki áfram.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 129
Sigrar: 69, jafntefli: 21, töp: 39
Þjálfari: Zico – Einn besti leikmaður sögunnar er nú farsæll þjálfari. Gerði góða hluti með landslið Japana og hefur haldið Tyrkjunum á meðal þeirra bestu. Stýrði liðinu til meistaratitils fyrsta árið sitt í fyrra.
Þjóðerni: Brasilískur
Fæðingardagur: 3. mars 1953
Lykilmaður: Roberto Carlos – Kom frá Real Madrid í sumar og reynsla hans ætti að vega þungt. Er enn góður leikmaður.

CSKA MOSKVA

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: CSKA var langbesta lið Rússlands á árum áður en dalaði mikið um það leyti sem núverandi fyrirkomulag var tekið upp í Meistaradeildinni. Liðið komst fyrst í Meistaradeildina árið 2004, en áður átti liðið áskrift að Evrópukeppni meistaraliða.
Evróputitlar: Einu sinni Evrópumeistari félagsliða.
SÍÐASTA TÍMABIL:
Í heimalandinu: CSKA varð rússneskur meistari eftir æsilega keppni við Spartak Moskvu. Það var þriðji titill liðsins á fjórum árum.
Í Evrópukeppni: Liðið varð þriðja sæti í G-riðli Meistaradeildarinnar og fór 32-liða úrslit Evrópukeppni félagsliða þar sem það varð að játa sig sigrað gegn Maccabi Haifa.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 68
Sigrar: 27, jafntefli: 18, töp: 23
Þjálfari: Valery Gazzaev – Fyrrum landsliðsþjálfari Rússa. Gerði CSKA að meisturum í vor annað árið í röð. Týpískur rússneskur þjálfari sem kallar ekki allt ömmu sína.
Lykilmaður: Vágner Love – Frábær brasilískur sóknarmaður sem hefur raðað inn mörkum í kuldanum í Rússlandi.

H-RIÐILL

STEAUA BÚKAREST

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Steaua er eina rúmenska liðið sem orðið hefur Evrópumeistari meistaraliða, en þá keppni vann liðið árið 1986.
Evróputitlar: Einu sinni Evrópumeistari meistaraliða.
SÍÐASTA TÍMABIL:
Í heimalandinu: Eftir að hafa haft mikla yfirburði í Rúmeníu í tvö ár varð Steaua að sætta sig við annað sæti úrvalsdeildarinnar á síðustu leiktíð.
Í Evrópukeppni: Liðið komst í riðlakeppni Meistaradeildarinnar í fyrsta sinn í 10 ár en lenti í erfiðum E-riðli og hafnaði í 5. sæti. Liðið tapaði síðan fyrir Sevilla í 32-liða úrslitum Evrópukeppni félagsliða.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 101
Sigrar: 41, jafntefli: 27, töp: 33
Þjálfari: Gheorghe Hagi – Þjóðhetja í Rúmeníu. Umdeildur og agaður þjálfari sem tók við Steaua nú í sumar. Þarf að sanna sig aftur á meðal þeirra bestu.
Lykilmaður: Mirel Radoi – Einn besti leikmaður Rúmena í dag. Fjölhæfur leikmaður sem spilar ýmist á miðjunni eða í vörn. Gríðarlega sterkur.

ARSENAL

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Liðið hefur aldrei komist eins langt í keppninni eins og í fyrra, þegar liðið tapaði fyrir Barcelona í dramatískum úrslitaleik .
Evróputitlar: Einu sinni Evrópumeistari félagsliða.
SÍÐASTA TÍMABIL:
Í heimalandinu: Arsenal hafnaði í 4. sæti úrvalsdeildarinnar, nokkuð á eftir toppliði Man. Utd. Liðið tapaði í úrslitum deildabikarsins og féll snemma úr leik í bikarkeppninni. Tímabil sem olli vonbrigðum.
Í Evrópukeppni: Níunda árið í röð tók Arsenal þátt í riðlakeppni Meistaradeildarinnar og eftir að hafa unnið G-riðilinn tapaði liðið óvænt fyrir PSV í 16-liða úrslitum.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 103
Sigrar: 47, jafntefli: 27, töp: 28
Þjálfari: Arsene Wenger – Skipulagður þjálfari sem vill spila leiftrandi hraðan og skemmtilegan fótbolta. Gerir óþekkta menn að stórstjörnum.
Lykilmaður: Cesc Fàbregas – Þrátt fyrir ungan aldur er hann einn besti miðjumaðurinn í Evrópu í dag. Frábær alhliða leikmaður sem tekur á sig aukna ábyrgð eftir að Thierry Henry fór í sumar.

SLAVIA PRAG

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Slavia hefur tekið þátt í Evrópukeppni síðustu 15 árin, en oftast í Evrópukeppni félagsliða. Árangurinn hefur þó ekki verið sérstakur.
Evróputitlar: Engir.
SÍÐASTA TÍMABIL:
Í heimalandinu: Slavia háði mikið einvígi við Sparta Prag en varð á endanum að sætta sig 2. við 2. sæti tékknesku deildarinnar.
Í Evrópukeppni: Liðið tók þátt í forkeppni Evrópukeppni félagsliða en datt út í þriðju umferð eftir tap fyrir Tottenham.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 18
Sigrar: 8, jafntefli: 2, töp: 8
Þjálfari: Karel Jarolím - Mikils metinn heima fyrir þar sem hann hefur náð góðum árangri. Á þó mjög erfitt verkefni fyrir höndum í Meistaradeildinni.
Lykilmaður: Vladimír Šmicer – Reynsla hans ætti að vega þungt og er enn góður leikmaður. Leiðtogi innan vallar sem utan og mikilvægur hlekkur á miðjunni.

SEVILLA

Hápunktar í sögu Meistaradeildarinnar: Sevilla hefur aðeins einu sinni áður spilað í Meistaradeildinni en síðustu tvö ár hefur liðið orðið Evrópumeistari félagsliða. Sú reynsla ætti að skila sér í baráttunni á meðal þeirra bestu í ár.
Evróputitlar: Tvisvar Evrópumeistari félagsliða.
SÍÐASTA TÍMABIL:
Í heimalandinu: Sevilla endaði í 3. sæti spænsku deildarinnar eftir að hafa verið í forystu framan af vetri.
Í Evrópukeppni: Sevilla tók þátt í Evrópukeppni félagsliða og freistaði þess að verja titil sinn. Það tókst og sigraði liðið Espanyol í úrslitum.
Árangur í Meistaradeild frá upphafi:
Spilaðir leikir: 8
Sigrar: 4, jafntefli: 2, töp: 2
Þjálfari: Juande Ramos – Náði þriðja sætinu á eftir Real Madrid á Barcelona, gerði liðið að bikarmeisturum og UEFA meisturum á síðasta tímabili. Fer til eins af stórliðunum þegar hann hættir hjá Sevilla eftir frábæran árangur þar, hingað til.
Lykilmaður: Daniel Alves – Gríðarlega eftirsóttur í sumar enda frábær leikmaður. Leikur hægra megin, í vörn eða á miðju, og getur bæði lagt upp mörk og varist virkilega vel.

FRÓÐLEIKSMOLAR UM MEISTARADEILD EVRÓPU

Franska blaðið **L'Equipe** setti fyrst allra fram hugmynd um keppni á milli félagsliða í Evrópu árið 1955. UEFA kom ekki nálægt hugmyndinni, sem blaðamaðurinn **Gabriel Hanot** setti fyrst fram.

Real Madrid vann Evrópukeppnina fyrstu fimm árin sem hún var haldin og er langsigursælasta lið deildarinnar með níu titla.

Bob Paisley er eini stjórinn til að vinna þrjá Evróputitla, **1977**, **1978** og **1981**, alla með **Liverpool.**

Árið 1992 var fyrirkomulagi keppninnar breytt í það fyrirkomulag sem ríkir í dag. **Marseille** varð fyrsta félagsliðið til að vinna keppnina með hinu nýja sniði.

Meistaradeildarlagið er úr verkinu Zadok the Priest eftir **G. F. Handel** frá 1727. Það er sungið á þremur tungumálum, ensku, frönsku og þýsku, og spilað fyrir alla leiki í Meistaradeildinni.

Raul hjá Real Madrid er markahæsti leikmaður Meistaradeildarinnar frá upphafi með 56 mörk í 104 leikjum. Félagi hans hjá Real, **Ruud van Nistelrooy**, hefur skorað **49** og **Andriy Shevchenko 46**. Þeir spila allir í Meistaradeildinni í ár.

Paulo Maldini er leikjahæsti leikmaður Meistaradeildarinnar með 116 leiki. Raúl kemur honum næstur með 104 og Roberto Carlos sem er nú hjá Fenerbache hefur spilað 102. Þeir spila allir í Meistaradeildinni í ár.

Clarence Seedorf er



eini leikmaðurinn sem hefur unnið Meistaradeildina með þremur mismunandi liðum. Það gerði hann með **Ajax 1995**, Real **Madrid 1998** og **AC Milan 2007**.

Aðeins tvisvar hafa lið frá sama landi mæst í úrslitum keppninnar. Árið 1999 þegar **Real Madrid** og **Valencia** mættust og 2003 þegar Inter **Milan** og **AC Milan** leiddu saman hesta sína.

Sneggsta mark Meistaradeildarinnar skoraði **Roy Maakay** fyrir **Bayern Munchen** gegn Real Madrid eftir **10,2 sekúndur**. Markið kom í viðureign liðanna á síðasta tímabili.

MasterCard

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

Official Sponsor

TVÖ LIÐ, EINN FALLEGUR LEIKUR: ÓMETANLEGT

MasterCard

Lífið er einfalt með LS Easy Retail

LS Easy Retail er sérlausn frá Landsteinum Streng fyrir verslanir og veitingahús byggð á Microsoft Dynamics NAV sem veitir heildar-yfirsýn í rekstrinum á einfaldan hátt.

LS Easy Retail er ætlað minni verslunum og veitingahúsum, með einn til tvo afgreiðslukassa. Viðmótið er afar notendavænt og handtölvutengingar flýta fyrir afgreiðslu, móttöku pantana og kortagreiðslum í veitingarekstri.

Nýttu þér tækifærið og gerðu lífið einfaldara með LS Easy Retail. Hafðu samband við söludeild okkar eða samstarfsaðila.

Heildarlausn sem er einföld í uppsetningu – auðveld í notkun

Innifalið í LS Easy Retail er:

- **Fjárhagsbókhald**
- **Viðskiptamanna- og sölubókhald**
- **Tengslastjórnarkerfi (CRM)**
- **Eignakerfi**
- **Birgðir og forðabókhald**
- **LS Retail veitingahúsalausn**
- **LS Retail verslun**
- **LS Retail bakvinnslukerfi**
- **Lánardrottna- og innkaupakerfi**
- **Þrír samtímanotendur**

LS Easy Retail verslunar- og bókhaldslausn 198.900 kr.*

Landsteinar Strengur

Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007

Meðal ánægðra viðskiptavina LS Easy Retail innanlands má nefna: Díana Vera, Kraum ehf, Silfur Sport, Bask og Friðrik V. Lausnir frá Landsteinum Streng eru notaðar víða um heim í fleiri en 15000 verslunum með yfir 35000 afgreiðslukassa, m.a Debenhams, Pizza Hut, Booths, IKEA, adidas, Alliance Pharmacy og Levi Strauss & co.

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

VOTTUN HF. ÍST ISO 9001

Landsteinar Strengur hf.
Ármúli 7 · IS 108 Reykjavík
Tel. +354 550 9000
Fax +354 550 9010
www.LS.is · LS@LS.is

Samstarfs- og söluaðilar okkar eru: EJS, Nýherji, Opin kerfi, Þekking, Handtölvur og Digital Task

*Verð án vsk, uppsetningarkostnaðar og vélbúnaðar

HÍBÝLI
FASTEIGNASALA

SUÐURGATA 7, 101 REYKJAVÍK, • www.hibyli.is • hibyli@hibyli.is

SÍMI 585 8800 · FAX 585 8808

ÆGISÍÐA 109 - OPIÐ HÚS



Frum

Glæsileg 112 fm efri hæð í þríbýlishúsi. Íbúðin skiptist í stórar saml. stofur, 3 rúmgóð svefnherbergi, eldhús með nýlegri innréttingu og baðherbergi, sem er endurnýjað. Massíft parket á gólfum. Íbúðin er mjög mikið endurnýjuð, gler nýlegt, raflagnir og tafla endurnýjuð. Húsið er altt tekið í gegn, m.a. nýtt þak, vatns- og skolplagnir, svalir nýsteyptar og flísalagðar, útitröppur flísalagðir. Hús nýmálað að utan. Eign í sérflokki. **Verð 39 millj. Laus fljótlega.**

Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag og tekur Þorbjörg á móti gestum milli kl. 15 og 16

Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.

MIÐBORG

Laugavegur 182 4. hæð • 105 Rvk

Sími 533 4800

Björn Þorri, hdl., lögg. fast.sali. – Karl Georg, hrl., lögg. fast.sali.

Gistiheimili Sigríðar

Frum

Til sölu glæsilegt gistiheimili og rekstur sem hefur vaxið ár frá ári.

Gistiheimilið er viðurkennt sem tveggja stjörnu gististaður af **Ferðamálaráði Íslands.**

Lénin **gistiheimili.is** og **Icelandicguesthouse.com** eru lén gistiheimilisins.

Bókanir að mestu frá einstaklingum í gegnum heimasíðu gistiheimilisins og **lítill kostnaður af þóknun til söluaðila.**

BÓKAÐU SKOÐUN!

Frum

HVASSALEITI - 105 RVK.
VR - 60 ára og eldri.

Sérlega glæsileg 112,3 fm íbúð á 5.hæð. í þessu vel staðsetta húsi. Glæsilegt eldhús og vandaðar innréttingar. Mikil þjónusta fyrir eldri borgara - Stutt í verslanir og þjónustu/Kringlan.
VERÐ 39,2 millj.

Nánari upplýsingar gefur Ingvar Ragnarsson lögg. fast. Sími 822 7300

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000

EIGNAMIÐLUN

Síðumúla 21 ▸ eignamidlun@eignamidlun.is ▸ Fax 588 9095
www.eignamidlun.is ▸ Mánud. - fimmtud. **9-18** Föstud. **9-17**

▲ Sími 588 90 90 ▲

Sverrir Kristinsson lögg. fast.sali

Opin hús í dag

OPIÐ HÚS ÁLFKONUHVARF 27 2.H.H.

4ra herb. 120 fm glæsileg endaíbúð á 2. hæð ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er byggð af ÞG-verk og er vönduð í alla staði. Fallegt útsýni. Sér þvh. Hornbaðkar. Stór geymsla. Hagstæð kjör. EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG (SUNNUDAG) FRÁ KL. 15-16. **V. 30,8 m.** 6530

OPIÐ HÚS, HEIÐARGERÐI 10, EINBÝLI

Fallegt tvílyft 125 fm einbýlishús ásamt 38 fm bílskúr á mjög rólegum og góðum stað, innst inn í lokuðum botnlanga. Frábær staðsetning. Íbúðin er stærri en skráðir fm segja þar sem hluti íbúðarinnar er á rishæð. HÚSIÐ VERÐUR TIL SÝNIs Í DAG SUNNUDAG FRÁ KL. 16-17. **V. 46,2 m.** 6564

OPIÐ HÚS, SKÓLAGERÐI 14, KÓP.

Mjög falleg 132 fm 5 herb. efri hæð í tvíbýli. Auk þess fylgir 35 fm bílskúr. Hæðin skiptist m.a. í tvær stofur, rúmgott hol og þrjú stór herb. Endurnýjað eldhús og baðh. Þv.hús í íbúð. Suðursvalir. HÆÐIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG SUNNUDAG FRÁ 14-14.30. FASTEIGNASALI VERÐUR Á STAÐNUM. **V. 36,9 m.** 6910

OPIÐ HÚS – FAGRABERG 46, HFJ.

Fallegt og velviðhaldið 153,6 fm einbýlishús með stórum verðlaunagarði og frábæru útsýni. Eignin er vel staðsett í rólegum botnlanga Stór hellulögð og skjólgóð verönd. Ákveðin sala. HÚSIÐ VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG SUNNUDAG FRÁ 13-13.30. FASTEIGNASALI VERÐUR Á STAÐNUM. **V. 46,9 m.** 6900

OPIÐ HÚS LANGHOLTSVEGUR 97 HÆÐ+RIS

Falleg 154,9 fm(þ.a. er bílskúr 31,1 fm) hæð + ris. Eignin skiptist í 3 svefnh. 3 stofur, baðherb., gestasnyrtingu, geymslur ofl. Bílskúr er fullbúinn. Mjög falleg og vel skipulögð eign í grónu og fallegu hverfi. EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG (SUNNUDAG) FRÁ KL.14-15. **V. 40,6 m.** 6915

OPIÐ HÚS, GALTALIND 11, 2. HÆÐ

Glæsileg 4ra herb endaíbúð á 2. hæð á eftirsóttum stað. Íbúðin skiptist m.a. í mjög rúmgóða stofu og þrjú herb. Þv.hús. Rúmgóðar svalir með útsýni. Nýtt parket, hefluð eik. Stutt í skóla, leikskóla. ÍBÚÐIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG SUNNUDAG FRÁ 16.00-16.30. FASTEIGNASALI VERÐUR Á STAÐNUM. **V. 30,9 m.** 6988

Frum

OPIÐ HÚS - OPIÐ HÚS

Frum

OPIÐ HÚS Í DAG
ÁLFKONUHVARF 53 íb. 03-02

Sérlega falleg 3ja herbergja 100,6 fm íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi með miklu útsýni yfir Elliðavatn og til Blá-fjalla. Sérmerkt stæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúð-inni. Húsið sem er byggt af Byggingafélagi Gylfa og Gunnars er allt hið vandaðasta, góð bílastæði eru við húsið og lóð fullfrágengin.
VERÐ 26,4 millj.
Siguróli og Margrét bjóða ykkur velkomin.
Sími 557 1093.

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000

Klettur fasteignasala
Skeifunni 11
Sími 534 5400

Sigurður Hjaltested
löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS Í DAG Á MILLI 14:00 – 14:30
AUSTURBRÚN 37,
önnur hæð Svavar Hrafn sýnir eignina 696-1388

Frum

Um er að ræða 3ja herbergja rúmlega 112 fm. sérhæð á annari hæð með sér-inngangi í 3ja hæða húsi við Austur-brún. Komið inn í forstofu með flísum á gólfi og fataskáp. Hol. Komið inn í gott hol með flísum á gólfi og fataskáp. Úr holi er gengið í allar vistaverur íbúðarinar. Eldhús með parketi á gólfi og nýlegri hvítri innréttingu og góð-um borðkrók. Baðherbergið er ný tekið í gegn með flísum á gólfi og flísaplöt-um á veggjum baðkar og sturtuaðstöðu. Hjónaherbergið er með dúk á gólfi og fataskáp úgengt er út á svalir frá hjónaherbergi, barnaherbergið er með parketi á gólfi. Stofan og borðstofan eru samliggjandi (tvær stofur) með teppum á gólfi. Bílskúrinn er stór og góður 40,5 fm með heitu og köldu vatni og rafmagni. Á fyrstu hæð hússins er þvottaherbergi og stór sér geymsla.
Ásett verð 34,9 millj.

OPIÐ HÚS Í DAG Á MILLI 15:00 – 15:30
FRAMNESVEGUR 28
Svavar Hrafn sýnir eignina 696-1388

Um er að ræða mjög fallega mikið endur-gerða 2ja til 3 herbergja alls skv. FMR skráð 89 fm. Íbúðin sjálf er 61,3 fm. Komið inn í forstofu með flísum á gólfi. For-stofan er með nýju plastparketi sem og á allri íbúðinni eins parket á allri íbúðinni. Eldhúsið er með plastparketi á gólfi og fallegri nýrri hvítri háglans innréttingu og nýjum tækjum, Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf með mustang nátturuflísum á gólfi, upphengt salerni, hvítri háglans innréttingu og hornsturtuklefa. Gangur með parketi. Stofa og borðstofa með plastpark-et á gólfi og hægt er að loka á milli stofu og borðstofu. Hjónaherbergið sem er með plastparketi á gólfi og fataskápum, Tvær stórar geymslur með glugga eru í kjallara hússins sem fylgja íbúðinni og væri hægt að nýta sem herbergi. Sameiginlegt þvottahús er í kjallara hússins.
Ásett verð: 24,2 millj.

STUÐ MILLI STRÍÐA Erum vér örvæntingarfullir kettir á ofsahraða?

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR ER ALDREI ÞESSU VANT FARIN AÐ FINNA FYRIR FRAMANDI NOSTALGÍU

Undanfarið hef ég verið haldin skrít-inni nostalgíu. Hef verið að rifja upp árin þegar auð svæði voru víðs vegar um borgina og maður gat með nokkrum skrefum verið kom-inn „út í sveit“; þegar fólk á höfuð-borgarsvæðinu bjó enn við ómal-bikaðar götur, síminn var hlunkur á símaborðinu og símaskráin í síma-skrárskúffunni. Þegar maður fór út á pósthús með sendibréf og pitsur komu frá Ömmubakstri.

Síbylju var ekki að finna á íslenskum útvarpsrásum en með lagni gat maður hins vegar stillt sig inn á langbylgju og hlerað samtöl sjómanna við eiginkonur þar sem; jaaaáá... og já, neinei voru megin-inntak samræðnanna.

Á þessum árum var ósköp lítið um offituvandamál og fólk reykti hvar sem það var. Það þótti meira að segja svolítið flott. Góðborgarar buðu upp á sígarettur heima hjá sér og svo var hlustað á Villa Vill, Lummurnar og Lónlí blú bojs.

Ég fullyrði ekki að þessi tími hafi verið betri en sá sem ég lifi núna, en ég held að hann hafi verið ein-faldari. Held að við höfum öll verið nægjusamari á einhvern svona kúbverskan hátt, enda allt enn í eigu ríkisins og fáir að pæla sér-staklega í því.

Mig grunar að það sé ekki svo galið að reyna að lifa lífinu svolítið á sama máta og við gerðum þá, en njóta um leið kostanna sem báðir tímar hafa upp á að bjóða.

Skrifa tölvupóst en líka sendi-bréf. Plana hvað á að vera í matinn út vikuna en kaupa skyndifæði á föstudögum. Fá far í vinnuna, leyfa börnum að ganga í skólann. Hafa kók og skinku spari. Forðast að taka lán.

Það virðist nefnilega meira hafa breyst frá 1985 til dagsins í dag heldur en frá 1940 til 1985 og stundum eru breytingarnar svo örar að manni líður eins og örvæntingarfullum ketti í bíl sem ekur á 140.

Ketti sem vildi heldur liggja í gluggakistu, reykja rettur og hlusta á gufuna.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Uppboð í Höfn

Fram undan eru stór uppboð hjá helstu uppboðshúsum Kaupmannahafnar þar sem slegin verða nýjum eigendum verk eftir íslenska listamenn, bæði lifandi og dauða.

Uppboðshúsin eru í flestum löndum Evrópu að hefja starfsemi sína eftir sumarhlé, þótt hin stærstu á því sviði, Sotheby´s og Christie´s, haldi reyndar uppboð yfir sumarmánuðina, og líka stór og smá uppboðshús vestanhafs. Hér Evrópumegin er sumarið ekki eins virkur sölutími.

Í september og október verða bæði Lauritz og Bruun Rasmussen með stór uppboð þar sem finna má verk eftir íslenska listamenn: Jón Stefánsson, Svavar Guðnason, Erró, Þorvald Skúlason og Sivert Thorsteinsson, að ógleymdum Ólafi Elíassyni. Það er Lauritz sem ríður á vaðið og er þegar búið að opna fyrir boð á vef þess fyrir fjölda íslenskra verka á glæsilegu uppboði með skrautmuni, myndlist, húsgögn og ljós undir yfirskriftinni Luxus. Hjá Lauritz hafa menn tekið upp á því að flokka það gríðarlega magn af vörum sem slegið er í mörgum útibúum hússins og taka til hliðar þær sem taldar eru meira virði en lunginn af öðru uppboðsgóssi.

Á vef Lauritz.com er að finna hina prentuðu uppboðsskrá fyrir september í pdf-formi og hægt að fletta henni á skjá. Þar verða seld nokkur verk í næstu viku og má bjóða í þau um vef hafi menn skráð sig til uppboðsins.

Íslensku verkin á uppboðinu eru þessi:

- Silfurbakki eftir Sivert Thorsteinsson (1714-1772). Hann fór ungur til Hafnar og lærði silfursmíði, keypti sér borgarabréf 1742 og rak eftir það verkstæði á nokkrum stöðum í Höfn. Verk hans eru til víða og tilheyra barokki í danskri silfursmíði. Bakkinn er 2.800 gr. og stimplaður. Hann er metinn á 25.000 danskar eða rúm þrjú hundruð þúsund. Uppboðið rennur út 19. september kl. 11.50.
- Vatnajökull eftir Jón Stefánsson (1881-1962), olía á striga 62x84,5 sm. merkt. Uppboðið stendur til þriðjudags kl. 15.30 að dönskum tíma. Verkið er metið á 80.000 danskar eða 965.000 íkr. Það fer örugglega langt yfir það mat þegar allt er tekið saman. Þetta er ekki eina verkið sem er til sölu eftir Jón Stefánsson því í október eru nokkur verka hans á uppboði hjá Bruun Rasmussen.
- Hestamynd eftir Erró (Ferro eins og hann kallaði sig þá) frá 1958 snarteiknuð með gouache og tússi frá 1958, merkt og ársett, 24x42 sm verður slegin þann 20. kl. 14.20. Hún er metin á 10.000 dkr. eða rúmar 120 þúsund.
- Verk eftir Ólaf Elíasson eru nokkur á uppboðinu: Komposition frá 1992, olía á striga, signerað og ársett í bak, afstrakt-málverk, 50x60 sm. er metið á 80.000 eða 965.000 og rennur uppboðið út þann 19. kl. 11.20. Verk hans frá þessum tíma eru fágæt og hafa farið á háu verði. C-prent eftir Ólaf úr Íslandsseríu hans frá 2006 Uniikum 60x90 er metið á 75.000 dkr. og var þegar þetta er skrifað á laugardegi komið í 72.000 dkr. í tilboði. Það verður slegið 20. september kl. 20.05. Þriðja verkið eftir Ólaf er líka C-prent – ljósmynd frá Íslandi, Artist proof eitt af þremur frá 1997, 40x60 sm. Það er metið á 35.000 dkr. og verður einnig slegið þann 20. kl. 20.10. Fjórða ljósmyndin er líka frá Íslandi og er Artist proof frá 1997, 40x60 sm. metið á 35.000 dkr., slegin 20. september á eftir hinum fyrri.

Þá eru íslensku verkin upptalin en margt annað góðra gripa er þessa vikuna í boði í þessari úrvalsdeild hjá Lauritz. Á slegið verð leggst þóknun uppboðshússins, 20 prósent, og þá er eftir pökkun og flutningur. Ef kaupandi flytur verkin til Íslands bætist virðisaukaskattur á slegið verð en listaverk sem flutt eru til landsins bera virðisaukaskatt jafnvel þótt þau séu til einkanota, andstætt verkum sem seld eru í íslenskum uppboðshúsum sem eru undanþegin virðisaukaskatti.

Til að taka þátt verða menn að skrá sig á uppboðið og síðan má taka þátt í uppboðinu á gagnvirkum vef Lauritz.com. - pbb

MYNDLIST Vatnajökull eftir Jón Stefánsson.

Karlar á bensínstöð

Í Kvöld hefur göngu sína á Stöð 2 ný íslensk gamanþáttaröð sem kallast Næturvaktin. Þættirnir eru tólf talsins og er hver þáttur hálftími að lengd, en þeir eru í anda breskra gamanþátta eins og The Office, Open all Hours og fleiri sitkomþátta sem hafa glatt sjónvarpsáhorfendur í hartnær fjóra áratugi.

Þáttaröðin veitir innsýn inn í líf næturstarfsmanna á bensínstöð við Laugaveginn í Reykjavík. Þættirnir eiga sér stað að vetrarlagi í köldu og drungalegu umhverfi. Í þessari smáveröld lenda afgreiðslumennirnir í ýmsum aðstæðum og eiga í skoplegum samskiptum sín á milli á meðan þeir reyna að lokka til sín nýja viðskiptavini.

Ragnar Bragason er leikstjóri Næturvaktarinnar. „Það mætti segja að þættirnir fjalli um íslenska karlmenn í tilvistarkreppu. Áhorfendur fá að fylgjast með því þegar nýr starfsmaður kemur á næturvakt bensínstöðvarinnar. Við sjáum hvernig hann tekst á við nýja starfið og hvernig eldri starfsmenn bregðast við honum," segir hann.

Þáttaröðin er frábrugðin þeim íslensku gamanþáttum sem hafa verið vinsælir undanfarin ár að því leyti að hún byggir á söguþræði en ekki stuttum grínatriðum. Hver þáttur hefur sinn eigin söguþráð, en einnig er til staðar lengri saga sem nær yfir alla þáttaröðina.

SJÓNVARP Næturvaktin – grín og alvara milli karlmanna í skjóli nætur.

MYND: FRÉTTABLAÐIÐ/SAGA FILM

Ragnar segir það sjálfsagt að láta reyna á nýtt form sjónvarpsefnis í innlendri framleiðslu. „Stöð 2 hefur sýnt mikið af leiknum íslenskum grínþáttum undanfarin ár. Þetta hafa allt verið þættir sem byggjast á stuttum atriðum, en þeir hafa gengið mjög vel og orðið vinsælir. Því er það bara rökrétt þróun að taka næsta skref og prófa að framleiða þætti sem innihalda söguþráð."

Handritið að þáttunum er unnið af Jóhanni Ævari Grímssyni, sem samdi handritið að Astrópíu að hluta, með Ragnari og aðal-leikurunum, þeim Jóni Gnarr, Pétri Jóhanni Sigfússyni og Jörundi Ragnarssyni. Ragnar segir meiri tíma hafa farið í vinnslu handritsins fyrir Næturvaktina en aðra þætti sem hann hefur unnið við. „Það tekur lengri tíma að vinna handrit sem inniheldur söguþráð en handrit að stuttum grínatriðum. Þar að auki unnum við handritið upp úr hálfgerðu spunaferli og það tekur sinn tíma."

Meðan á upptökum stóð þurfti mannskapurinn sem vann að gerð þáttanna að snúa sólahringnum algerlega við. „Eins og nafn þáttanna gefur til kynna gerast þeir að nóttu til og því þurftum við að taka upp á nóttunni. Það var því mjög sérstakt að taka þættina upp þar sem við unnum frá átta á kvöldin til átta á morgnana í tvo mánuði. En þetta var skemmtileg reynsla enda samstarfsfólkið góður hópur sem gerði næturvökurnar vel þess virði," segir Ragnar.

Viðamikil kynning hefur verið á þáttunum. Á Stöð 2 var sýndur „mocumentary" – tilbúin heimildarmynd um gerð þeirra sem Jóhann Ævar Grímsson stýrði og hafa yfir fimm þúsund gestir séð hana að auki á Vísi.is. Á YouTube eru glefsur úr þáttunum og þær hafa yfir tuttugu þúsund gestir. Þá er ein persóna þáttanna sem leikin er af Jóni Gnarr með heimasíðu sem menn geta litið á: http://georgbjarnfredarson.blogspot.com/

Þættirnir eru framleiddir af Saga Film fyrir Stöð 2. vigdis@frettabladid.isz



Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar

Hótel Selfossi
laugardaginn 22. september 2007
kl. 12.00-17.00

12.00 Setning fundar
12.05 Ræða formanns Samfylkingarinnar
12.50 Ráðherrar Samfylkingarinnar sitja fyrir svörum
13.45 Almennar stjórnmálaumræður
15.00 Kaffihlé
15.20 Flokksstarfið rætt
15.45 Umræður
16.00 Málefnanefndir skipaðar
16.15 Önnur mál
17.00 Fundarlok

Fundurinn er opinn öllum flokksmönnum.

Allir með!

Samfylkingin

ÁLFABAKKA		
MR. BROOKS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
MR. BROOKS VIP	kl. 8 - 10:30	
BRATZ	kl. 12:30 - 3 - 5:30-8-10:30	L
KNOCKED UP	kl. 5 - 8 - 10:40	12
DISTURBIA	kl. 8 - 10:30	14
ASTRÓPÍÁ	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10	L
ASTRÓPÍÁ VIP	kl. 2 - 4 - 6	
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 12:30 - 3 - 5:30	L
RATATOUILLE M/- ENSKU TAL	kl. 3	L
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 12:30	L
HARRY POTTER 5	kl. 2	10
KRINGLUNNI		
MR. BROOKS	kl. 8 - 10:30	16
BRATZ	kl. 12:30 - 3 - 5:30	L
LICENSE TO WED	kl. 6 - 8	7
ASTRÓPÍÁ	kl. 2 - 4 - 6:30 - 8:30	L
BOURNE ULTIMATUM	kl. 10	14
TRANSFORMERS	kl. 10:30 DIGITAL	10
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 4 DIGITAL	L

AKUREYRI		
BRATZ - THE MOVIE	kl. 2 - 4 - 6	L
VACANCY	kl. 8 -10	12
RATATOUILLE - ÍSL TAL	kl. 2	L
VEÐRAMÓT	kl. 6 - 8	14
ASTRÓPÍÁ	kl. 4 - 10	L
KEFLAVÍK		
BRATZ THE MOVIE	kl.1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	L
KNOCKED UP	kl. 8 - 10:30	12
DISTURBIA	kl. 10:10	12
RATATOUILLE ÍSL TAL	kl.1:30 - 3:40 - 5:50	L
SELFOSSI		
MR. BROOKS	kl. 5:50 - 8 - 10:30	16
LICENSE TO WED	kl. 2 - 8	7
BOURNE ULTIMATUM	kl. 10:10	14
ASTRÓPÍÁ	kl. 4 - 6 (síðasta sýningarhelgi)	L
RATATOUILLE ÍSL TAL	kl. 1:30 - 3:40	L

SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugula á laugardögum og sunnudögum

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000		
HAIRSPRAY	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	
HAIRSPRAY LÚXUS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	
VACANCY	kl. 8 - 10	16
VEÐRAMÓT	kl. 5.40 - 8	14
KNOCKED UP	kl. 8 - 10.40	14
BRETTIN UPP ÍSL. TAL	kl. 2 - 4 - 6	
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 1.30 - 3.45	
THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL	kl. 1.30 - 3.45	
RUSH HOUR	kl. 5.50 - 10.20	12
SKOPPA & SKRÍTLA	kl. 2 500 kr 45 mín.	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — SÝNINGARTÍMAR GRÆNA LJÓSSINS		
KL. 8	Sicko	
KL. 10.30	Sicko	
VACANCY	kl. 6 - 8 - 10	16
VEÐRAMÓT	kl. 3 - 5.40 - 8 - 10.20	14
BRETTIN UPP ÍSL. TAL	kl. 3 - 6	
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 3 - 6 - 8 - 10	
THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL	kl. 3	

450 kr. í bíó! Gildir á eldri sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		
HAIRSPRAY	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	
VEÐRAMÓT	kl. 3.20 - 5.40 -8- 10.20	14
BRETTIN UPP ÍSL. TAL	kl. 4 - 6	
ASTRÓPÍA	kl. 4 - 6 - 8 - 10.10	
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 -10.30	14

SAMBÍÓIN SÍMI 462 3500		
HAIRSPRAY	kl. 5.50 - 8 - 10.20	
KNOCKED UP	kl. 8 - 10.20	14
BRETTIN UPP ÍSL. TAL	kl. 4	
SKOPPA & SKRÍTLA	kl. 4 - 5 500 kr 45 mín.	

Aðstoðar umdeildan rappara

Unnar Freyr Theódórsson, sem kallar sig U-Fresh, kemur við sögu á nýjustu plötu danska rapparans Bulldog. Hefur hann vakið mikla athygli í heimalandi sínu að undanförnu fyrir myndband sitt við lagið Fyssesangen, sem þykir í grófari kantinum. Var það bannað hjá dönskum sjónvarpsstöðum vegna kynferðislegra tilvísana og grófs orðbragðs.

Unnar Freyr, sem hefur sungið hér á landi með rappsveitinni Hæsta hendin ásamt Erpi Eyvindarsyni, vakti athygli þegar hann lenti í öðru sæti í helstu rappkeppni Danmerkur árið 1998. Sem U-Manden þar í landi er hann þekktur rappari en með Hæstu hendinni hefur hann rappað á sínu móðurmáli. Tróð hann upp sem gestur á báðum plötum XXX Rottweiler.

„Þetta eru vinir hans," segir Erpur um samstarf Unnars og Bulldog. „Þetta er mest bara grín. Það veit enginn hver þetta er því hann er alltaf með einhverja grímu. Punkturinn er að þetta er söngvari í rokkhljómsveit sem ákvað að djóka eitthvað," segir Erpur um Bulldog. **- fb**

U-FRESH Unnar Freyr Theódórsson kemur við sögu á nýjustu plötu danska rapparans Bulldog.

STJÖRNUR

Sopranos Þættirnir eru tilnefndir til fjórtán verðlauna og þykja æði sigurstranglegir. **Ugly Betty** fékk ellefu tilnefningar og gætu því orðið óvænti smellur ársins. Meðal annarra sem eru sterklega orðaðir við verðlaun eru **The Office** og **House.**

SOPRANOS SIGURSTRANGLEGIR

Emmy-verðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn í Los Angeles í kvöld. Lokaþáttaröð Sopranos er spáð mikilli velgengni.

Síðasta þáttaröðin um Tony Soprano og afdrif mafíufjölskyldunnar í New Jersey er tilnefnd til fjórtán verðlauna og eru þau James Gandolfini og Edie Falco bæði útnefnd fyrir leik sinn. Þótt flestir veðbankar spái því að Soprano muni fara með sigur af hólmi í flokki dramatískra þátta er ekkert öruggt eins og svo oft áður hjá bandarískum verðlaunaathöfnum. Þættir á borð við House, Boston Legal, Heroes og Grey's Anatomy gætu sett strik í reikninginn. og þeir eru ófáir sem spá því að hinn margverðlaunaði Hugh Laurie gæti hirt styttuna af Gandolfini. Minnie Driver gæti síðan hugsanlega komið á óvart fyrir frammistöðu sína í The Riches og farið heim með styttuna góðu í stað Falco.

Í flokki gamanþátta eru flestir sem hallast að sigri bandarísku útgáfunnar af The Office en hún hafði einmitt sigur í fyrra. Steve Carell og félögum verður hins vegar veitt hörð keppni frá Entourage, 30 Rock, Two and a Half Men og Ugly Betty. Af öðrum hugsanlegum sigurvegurum má nefna Ricky Gervais en hann er tilnefndur fyrir leikstjórn, leik og handrit í Extras og þá gæti Helen Mirren hugsanlega bætt á sig blómum með sigri fyrir leik sinn í Prime Suspects. Þá er ljóst að Ugly Betty gæti farið heim með töluverðan fjölda verðlauna en þátturinn er tilnefndur til ellefu verðlauna. Ryan Seacrest verður kynnir. **- fgg**

Á leið til Indlands

Leikarahjónin Catherine Zeta-Jones og Michael Douglas ætla að taka upp nýja kvikmynd á Indlandi. „Ég hlakka til að fara til Indlands," sagði Catherine Zeta-Jones. „Við ætlum að taka börnin okkar með til Indlands, setja þar upp bækistöðvar og taka myndina upp."

Zeta-Jones, Douglas og tvö börn þeirra búa meirihluta ársins á eyjunni Bermúda í miklum vellystingum. „Andrúmsloftið er öðruvísi núna. Ég get ekki farið fyrirvaralaust hvert sem er því börnin mín eru í skóla á Bermúda. Ef ég vinn þá getur Michael ekki unnið og öfugt."

ZETA OG DOUGLAS Catherine Zeta-Jones og Michael Douglas ætla að taka upp nýja kvikmynd á Indlandi.

Endurfundir á Bókmenntahátíð

Guðrún Tulinius, kennari og þýðandi, hitti fyrir gamlan vin á Bókmenntahátíð í Reykjavík. Carla Guelfenbein, frá Chile, er meðal þeirra rithöfunda sem komu hingað til lands til að sækja hátíðina, en hún og Guðrún voru skólasystur í háskólanum í Essex fyrir 28 árum.

„Þetta er svolítið eins og fortíðin sé að elta mann uppi," sagði Guðrún og hló. „Við erum voðalega ánægðar með þetta báðar tvær. Við höfðum lítið haldið sambandi á þessum tíma," sagði hún. Þær þekktust þó ágætlega í Englandi. „Við vorum í sama skóla og umgengumst sama fólk. Hún var mikið heima hjá mér á þeim tíma," útskýrði Guðrún.

Önnur bók Cörlu, La mujer de mi vida, varð metsölubók í Chile. Þar segir frá námsmanninum Theo og Antonio, chileskum vini hans, á níunda áratugnum í London. Guðrún, sem nú er hálfnuð með bókina, segir ýmislegt kunnuglegt á síðunum. „Ég kannast við allt," sagði hún og hló við. „Ég þekki þetta mjög vel, bæði umhverfið og persónuleikana sem hún notar. Carla hefur dvalið hér á landi í vikutíma en heldur heim á leið í dag. La mujer de mi vida er væntanleg í íslenskri þýðingu hjá bókaforlaginu Bjarti.

ENDURFUNDIR Á BÓKMENNTAHÁTÍÐ Guðrún Tulinius hitti gamla skólasystur sína, Cörlu Guelfenbein, á Bókmenntahátíð í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

- sun

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan **Naomi Watts** iðrast þess að hafa beðið svo lengi með að eignast börn. Watts eignaðist soninn Alexander Pete með eiginmanni sínum, **Liev Schreiber**, í júlí í ár. Hún er þrjátíu og átta ára gömul. Leikkonan segist hafa skotið barneignum á frest hvað eftir annað, þar sem henni hafi fundist hún þurfa að gera svo mikið fyrst. Hún hvetur aðra til þess að unga út börnum. „Í alvörunni, eignastu barn. Það er frábært. Ég beið of lengi. Ég myndi elska að eignast eitt í viðbót. Ég myndi elska að eiga tvö í viðbót. Eða þrjú!" segir Watts.



Zahara Jolie-Pitt, sem ofurparið **Angelina** og **Brad** ættleiddu frá Eþíópíu árið 2005 gæti þurft á skurðaðgerð að halda vegna misvaxtar. Talið er að lærbein stúlkunnar sé ekki nógu tengt mjaðmagrindinni. Sá kvilli getur haft áhrif á gang barna, jafnvel um að og stúlkan gæti þurft á spelkhalda. Þegar Brangelina ættleiddu Zahöru þjáðist hún af næringarskorti og vatnsþurrð, en móðir stúlkunnar lést úr eyðni. Þrautagöngu Zahöru virðist því ekki lokið enn.

Enrique Iglesias er dauðfeginn að vera ekki kvenmaður. Hann segir að hann gæti ekki tekist á við tíðahringinn, óléttu og fæðingar. „Ég held að það hljóti að vera erfiðara að vera kvenkyns en karlkyns," segir Enrique. Burtséð frá túrverkjum og fæðingum segist Enrique þar að auki telja að konur séu tilfinningaríkari en karlar. „Það er ekki bara að þær eigi auðveldara með að tala um tilfinningar, ég held að tilfinningar ristu dýpra hjá þeim," segir hann. Enrique og tennisstjarnan **Anna Kournikova** hafa verið saman um langt skeið. Því er spurning hvort sambúðin við hana hafi verið kveikjan að þessari uppgötvun.

Móðir **Amy Winehouse** hefur gríðarlegar áhyggjur af dóttur sinni. Janis Winehouse ku hafa tekið stjórnina yfir fjármálum Amy til að reyna að koma í veg fyrir að hún kaupi eiturlyf. „Ég sendi henni smsskilaboð og spyr, „Hvar ertu, hvaða plánetu ertu á? Hringdu!"," segir Janis, sem segir dóttur sína hafa týnt sjálfri sér algjörlega. „Amy er að spila rússneska rúllettu með heilsu sína og tónlistarhæfileikana," segir Janis, sem þekkir dóttur sína ekki. „Þetta er ekki mín Amy," segir hún.



> Sævar Þór langmarkahæstur

Selfyssingurinn Sævar Þór Gíslason varð markakóngur 2. deildar karla sem lauk í gær. Hann skoraði 20 mörk í sumar, þar af þrennu í 4-1 sigri Selfoss á Magna í gær. Selfoss náði öðru sæti deildarinnar á markatölu en Sævar Þór skoraði meira en helming marka Selfyssinga. Alls skoruðu fimm leikmenn tíu mörk eða fleiri í deildinni. Hilmar Rafn Emilsson, Haukum og Elías Ingi Árnason, ÍR, skoruðu ellefu mörk hvor og þeir Ragnar Haukur Hauksson, KS/Leiftri, og Ásgeir Þór Ingólfsson, Haukum, tíu hvor.

sport

sport@frettabladid.is

ANDRI MARTEINSSON: ÞJÁLFARI 2. DEILDARMEISTARA HAUKA SEM FÓR TAPLAUST Í GEGNUM SUMARIÐ

Vonandi upphafið að sigurhefð hjá Haukunum

Haukar tóku í gær á móti sigurlaunum sínum en fyrir lokaumferðina í gær voru Haukarnir búnir að tryggja sér meistaratitilinn í 2. deildinni í Íslandsmótinu í knattspyrnu karla. Liðið fór þar að auki taplaust í gegnum mótið en Haukar gerðu jafntefli við ÍR í lokaleiknum í gær, 3-3.

„Það var samstillt átak allra þeirra sem koma að félaginu sem skilaði þessum árangri," sagði Andri Marteinsson, þjálfari Hauka, við Fréttablaðið í gær. „Hópurinn var afar samstilltur og fyllilega tilbúinn í verkefnið."

Haukar féllu úr 1. deildinni í fyrra en þá féll aðeins eitt lið úr deildinni. Það kom mörgum á óvart, ekki síst Haukunum sjálfum. „Það voru meira en vonbrigði, þetta var algjört áfall. En sem betur fer er liðið ekki mikið breytt og margir þeirra leikmanna sem eru með því nú voru líka í fyrra. En það er allt annað að sjá til liðsins, það ríkir mikil leikgleði hjá leikmönnum og skapaði það þennan árangur sem við náðum."

Andri getur ekki neitað því að eftir á að hyggja hafi það ekki verið svo slæm reynsla að falla um deild. „Ef maður á að vera á jákvæðu nótunum er það auðvitað ekki spurning. Hins vegar tel ég að það hefði alveg mátt sleppa því að misstíga sig í fyrra til að ná þessum góða dampi í ár."

Hann segir að sigurinn í 2. deildinni geti reynst félaginu vel. „Sigurhefðin hefur ekki verið til staðar hjá Haukum í mörg ár og vonandi er þetta byrjun á slíku hérna megin í Hafnarfirðinum," sagði Andri. „Kannski var þetta gott upp á það að gera að menn fengju blóð á tennurnar og trú á sjálfum sér með því að vinna andstæðinga sem eru ekki eins sterkir og í 1. deildinni."

Þess má svo einnig geta að Haukar komust alla leið í fjórðungsúrslit bikarkeppninnar þar sem liðið tapaði naumlega fyrir Fjölni sem er nú kominn í sjálf úrslitin.

Andri segir framtíðina óljósa eins og er. „Það kemur allt í ljós á næstu vikum og dögum hvernig þetta verður. Ég vil halda áfram en ég er með tveggja ára samning sem verður endurskoðaður nú í lok tímabilsins eins og allir samningar."

MEÐ BIKARINN Þórhallur Dan Jóhannsson, fyrirliði Hauka, með sigurlaunin góðu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

2. deild karla lauk í gær:

KS/Leiftur og Selfoss upp

FÓTBOLTI Keppni í 2. deild karla á Íslandsmótinu lauk í gær þegar átjánda umferðin var leikin. Haukar voru þegar búnir að tryggja sér sigur í deildinni en þrjú lið komast upp í 1. deildinni að þessu sinni.

Selfoss og KS/Leiftur unnu bæði sína leiki í gær og dugði það til að tryggja þátttökurétt liðanna í 1. deildinni að ári. KS/Leiftur vann Völsung á heimavelli, 3-0, en Selfyssingar unnu 4-1 sigur á Magna á útivelli.

Sindri frá Hornafirði féll í 3. deildina en liðið þurfti að vinna Hött á útivelli til að bjarga sér. Höttur vann leikinn, 3-1. - esá

Botnslagurinn í 1. deildinni:

KA á botninn

FÓTBOLTI Gríðarleg spenna er í botnbaráttunni í 1. deildinni en sjö lið eiga enn tölfræðilegan möguleika á því að falla. Njarðvík, Reynir Sandgerði og KA standa hvað verst en tvö síðastnefndu liðin eru á botninum með 16 stig. KA er með verra markahlutfall.

Reynir og Njarðvík mættust í gær og gerðu 1-1 jafntefli á meðan KA tapaði, 2-0, fyrir Stjörnunni á útivelli. - esá

Toppslagurinn galopinn í 1. deildinni

Fjölnir vann í gær dýrmætan 3-1 sigur á toppliði Þróttar í 1. deild karla. Hinum toppslagnum, leik ÍBV og Grindavíkur, var frestað og verða Þróttarar því að bíða enn um sinn með að gulltryggja úrvalsdeildarsætið.

FÓTBOLTI Leikur Fjölnis og Þróttar var skrautlegur fyrir margra hluta sakir. Tvö rauð spjöld litu dagsins ljós, ein vítaspyrna og fjögur mörk en Fjölnir vann leikinn 3-1.

Sigurinn hefur það í för með sér að toppslagurinn er galopinn og eru bæði lið, ásamt Grindavík, í mikilli baráttu um sigur í deildinni.

ÍBV, sem situr í fjórða sæti, er eina liðið sem gæti hugsanlega blandað sér í keppnina um efstu þrjú sætin sem öll veita þátttökurétt í úrvalsdeildinni að ári. Þeir möguleikar eru þó ekkert sérstaklega miklir.

Leik liðsins við Grindavík var frestað í gær en áætlað er að hann fari fram í dag klukkan 14. Vinni Grindavík í Vestmannaeyjum er endanlega ljóst að Þróttur, Fjölnir og Grindavík leika í efstu deild karla að ári.

Michael Jackson, varnarmaður Þróttar, var rekinn af velli strax á sjöundu mínútu í gær fyrir stympingar í teig Fjölnis. Heimamönnum tókst þó ekki að færa sér liðsstyrkinn í nyt fyrr en á 66. mínútu. Þá skoraði Pétur Markan eftir laglega sendingu Tómasar Leifssonar.

Þróttarar tóku miðju og boltinn barst fljótlega á Tómas. Hann sendi boltann inn fyrir vörn Þróttar þar sem Ómar Hákonarson var mættur og afgreiddi hann knöttinn í netið. Þróttar mótmæltu mikið, vildu meina að Ómar hefði verið rangstæður.

Svo átti sér stað ótrúlegt atvik á 71. mínútu þegar Ómar braut illa af sér og uppskar beint rautt spjald fyrir. Alger óþarfi og hleypti þetta nýju lífi í Þróttara.

Þeir svöruðu með því að skora úr víti skömmu síðar en nær komust þeir ekki. Atli Viðar Björnsson innsiglaði sigurinn á lokamínútunni, enn og aftur eftir undirbúning Tómasar.

„Jú, þetta er næstum eins ljúft og að skora sjálfur. Ég er reyndar kominn svo neðarlega á listann að ég verð að fara að setja hann sjálfur," sagði Tómas í léttum dúr. „En þetta var mjög mikilvægur sigur. Ég var orðinn smeykur í stöðunni 2-1 en við héldum þetta sem betur fer út."

Eysteinn Pétur Lárusson, fyrirliði Þróttar, var allt annað en sáttur við Sævar Jónsson dómara og aðstoðarmenn hans. „Ég veit ekki hvort rauða spjaldið var réttur dómur en það er alveg merkilegt hvað það hleypti þessum leik í mikla vitleysu. Mennirnir sem stjórnuðu leiknum voru ekki að valda verkefninu. Það er algjör vanvirðing við toppslag deildarinnar að vera ekki með betra dómaratríó á leiknum."

Hann sagði þó að tapið væri alls ekki dómurunum að kenna. „Við vorum bara alls ekki nógu góðir. Við ætlum þó að klára okkar leiki og vinna þessa deild, það er alveg klárt."

FJÖLNISMENN HÖFÐU BETUR Gunnar Valur Gunnarsson, Fjölni, er hér með knöttinn en Rafn Andri Haraldsson er honum til varnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

eirikur@frettabladid.is

Komdu og skoðaðu nýjan og skemmtilegan frétta- og afþreyingavef

Meðal nýjunga á **dv.is** er **díví** þar sem þú getur skoðað myndbönd á hraðan og aðgengilegan hátt. Auk þess sem þú getur vistað myndböndin þín á lokuðu svæði.

dv.is
-hvað er frétta?

Handboltinn í Þýskalandi og Danmörku:

Nýliðarnir fyrstir til að stöðva Flensburg

HANDBOLTI Fjöldi leikja fór fram bæði í þýsku og dönsku úrvalsdeildinni í handbolta og voru margir Íslendingar í eldlínunni.

Flensburg tapaði sínu fyrsta stigi á tímabilinu þegar það gerði jafntefli, 29-29, við nýliða TUSEM Essen þar sem Halldór Jóhann Sigfússon er á mála. Hann var hins vegar ekki í leikmannahópi liðsins í gær.

Alexander Petersson skoraði fimm mörk fyrir Flensburg en Einar Hólmgeirsson ekkert.

Logi Geirsson skoraði heldur ekkert fyrir Lemgo sem vann tveggja marka sigur á Magdeburg, 27-25.

Þrjú jafntefli voru gerð í þýsku úrvalsdeildinni í gær en eitt þeirra gerðu lið Balingen og Wilhelmshaven. Gylfi Gylfason skoraði fimm mörk fyrir síðarnefnda liðið.

Þá vann Gummersbach Lübbecke á útivelli, 29-23. Guðjón Valur Sigurðsson gerði sjö mörk fyrir Gummersbach og Róbert Gunnarsson fjögur. Sverre Jakobsson lék í vörn liðsins og Birkir Ívar Guðmundsson varði mark Lübbecke. Þórir Guðmundsson skoraði fjögur mörk fyrir liðið.

Meistarar Kiel eru á toppnum í Þýskalandi, með fullt hús stiga eftir fimm leiki.

ALEXANDER PETERSSON Skoraði fimm mörk fyrir Flensburg í gær en það dugði ekki til sigurs gegn nýliðum TUSEM Essen í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í Danmörku skoraði Vignir Svavarsson sex mörk fyrir Skjern sem vann Team Tvis Holstebro, 28-26 á útivelli. Sturla Ásgeirsson komst ekki á blað hjá Árhus GF sem vann stóran sigur á GOG Svendborg, 32-23. Ásgeir Örn Hallgrímsson var markahæstur leikmanna GOG með sex mörk og Snorri Steinn Guðjónsson skoraði eitt.

- esá

BT

HAPPY HOUR

TILBOÐIN GILDIR AÐEINS Í 1 KLUKKUSTUND

NÆLDU ÞÉR Í OFURTILBOÐ AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!

HAPPY HOUR 14:00-15:00

MEDION

6365IS
MEDION V12 X-LINE 4300
AMD Sempron 3400+ AM2
ATI Radeon X1150 skjákort
160GB SATA2 Harður diskur
512MB DDR2 Vinnsluminni 667
DVD skrifari
Lyklaborð og mús

Windows Vista Basic
Microsoft Works 8.0
Nero 7 Essentials
Norman Virus Control (3 ár)
2gj ára ábyrgð

~~69.999~~
99.999

HAPPY HOUR 14:00-15:00

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

BAT:NOM2-NBTS7-XA1
FSC AMILO XA TURION64 56
AMD Turion64 X2 TL-56 (1.8GHz)
17" WXGA+ CrystalView
nVidia® GeForce Go 7600 (256MB)
2GB Vinnsluminni (2x1GB 667)
240GB Harður diskur (2x120)
Innbyggt þráðlaust net
DVD skrifari - Dual Layer

Microsoft Windows Vista Premium

~~89.999~~
149.999

HAPPY HOUR 16:00-17:00

ótrúlegt TÆKIFÆRI

Panasonic

PANASONIC NV-GS230 DV TÖKUVÉL
3CCD Camera System
10x Optical Zoom
2.5" LCD skjár
Virkar sem vefmyndavél
Electric Image Stabilizer
2.3 Megapixla myndataka
Crystal Engine
USB 2.0

~~34.999~~
49.999

HAPPY HOUR 16:00-17:00

Váááá VERÐLÆKKUN!

Sony Ericsson

Gsm Sony Ericssons K220
Takmarkað magn
20 stk
Svakalega flottur en þó einfaldur sími. Hann með góðri myndavél, góðri rafhlöðu, FM útvarpi stereo headset fylgir.

Íslenskt stýrikerfi og íslenskur leiðarvísir.

~~7.999~~
12.999

HAPPY HOUR 16:00-17:00

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

S26361-K1201-V202
FSC 20" WIDESCREEN 1680X1050
20" WideScreen LCD skjár
1680 x 1050 upplausn
16.7 milljón litir
Birta 300 cd/m2
Skerpa 800:1
5ms svartími
D-Sub (VGA) tengi

~~16.999~~
24.999

HAPPY HOUR 20:00-22:00

Aðeins í BT Skeifunni

MEDION

MEDION Medion Portable Videoplayer
Spilar Mp3, WMA og videoskjöl
frábært í ferðalagið

~~4.999~~
19.999

HAPPY HOUR 20:00-22:00

Aðeins í BT Skeifunni

NOKIA

5 Megapixla myndavél
Carl Zeiss linsa
DVD gæði á afspilun
GPS staðsetningartæki
Fullkominn Mp3 spilari
TAKMARKAÐ MAGN
10 STK

~~67.999~~
82.999

HAPPY HOUR 20:00-22:00

Aðeins í BT Skeifunni

Panasonic

PANASONIC DVD RECORDER ES15
DVD upptökutæki og spilari
Spilar og tekur upp á allar gerðir DVD diska
Timeslip - spilaðu á meðan þú tekur upp
Nýtt þægilegt viðmót
MP3 og jpg afspilun
500 línu LP mode - long play með fullum myndgæðum
Tekur eina sekúndu að hefja upptöku

~~12.499~~
24.999

BT

Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri

PUMA-SVEITIN Stuðningsmannafélög hafa verið áberandi á leikjum í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Áhorfendametið:

Múrinn verður rofinn í dag

FÓTBOLTI Í dag verður hundrað þúsund manna múrinn loksins rofinn en KSÍ hefur lengi stefnt að því að fá meira en hundrað þúsund manns á leiki efstu deildar karla. Enn eru fimmtán leikir eftir í sumar og nú þegar hafa 98.412 áhorfendur komið á leikina í Landsbankadeilda karla til þessa. Það er því deginum ljósara að áhorfendur sumarsins verði talsvert fleiri en eitt hundrað þúsund.

Þó má fastlega búast við því að metið verði aftur slegið á næsta ári þar sem liðum verður þá fjölgað í efstu deild karla. Leikirnir verða því fleiri eftir því. **- esá**

Úrslitakeppni 3. deildarinnar:

Tindastóll upp

FÓTBOLTI Tindastóll komst í fyrradag upp í 2. deild karla þrátt fyrir 2-1 tap fyrir BÍ/Bolungarvík á Ísafirði. Tindastóll vann hins vegar fyrri leik liðanna um 5. sætið í 3. deildinni, 3-0, á heimavelli.

Það eru því fimm lið sem fara upp í 2. deildina en fyrir voru Víðir, Grótta, Hamar og Hvöt búin að tryggja sig upp. - esá

FH misstígur sig gegn Breiðabliki

Ásmundur Arnarsson, þjálfari 1. deildarliðs Fjölnis, spáir í leiki 16. umferðar í Landsbankadeild karla. Hann telur að úrslit leikjanna í dag verði til að halda mikilli spennu á öllum vígstöðvum fram í lokaumferð.

FÓTBOLTI Í dag hefst 16. umferð Landsbankadeildar karla með fjórum leikjum. Ásmundur Arnarsson, þjálfari 1. deildarliðs Fjölnis, spáði í leikina fyrir Fréttablaðið.

Eins og staðan er nú er spennan mikil, bæði við topp og botn deildarinnar. FH mætir í dag Breiðabliki en margir hafa sagt að það séu þau tvö lið sem spili hvað skemmtilegustu knattspyrnuna í deildinni.

„Þetta verður svakalegur leikur," sagði Ásmundur. „FH-ingar hafa oft lent í vandræðum með Blikana, sem hafa staðið sig mjög vel í sumar. Ég hefði þó viljað að liðið hefði fengið fleiri stig í sumar. Það er alveg ljóst að FH má lítið misstíga sig en samt hallast ég að því að jafntefli verði niðurstaðan."

Á mánudagskvöldið tekur keppinautur FH um Íslandsmeistaratitilinn, Valur, á móti Skagamönnum, sem sitja í þriðja sæti deildarinnar.

„Ef FH og Breiðablik skilja jöfn mun það gefa Völsurum aukakraft og ég hef fulla trú á því að þeir klári þann leik. Það verður erfitt en ég held að Valsmenn séu mjög einbeittir fyrir þennan leik. Tvisvar í sumar hefur þeim mistekist að færa sér það í nyt þegar FH hefur misstigið sig. Gerist það aftur nú munu Valsmenn ekki endurtaka það í þriðja sinn."

Tveir innbyrðisleikir eru eftir í botnbaráttunni en eingöngu fjögur lið, HK, Fram, Víkingur og KR, eiga tölfræðilegan möguleika á því að falla. Annar þessara innbyrðisleikja verður í dag þegar KR og HK mætast í Frostaskjólinu. Sigri HK er sæti þess í deildinni tryggt.

STRÍÐA BLIKARNIR ÍSLANDSMEISTURUNUM? FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson er hér í baráttu við Árna Kristin Gunnarsson, leikmann Breiðabliks, í leik liðanna fyrr í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„HK getur jafnvel farið langleiðina með að tryggja sig með því að ná jafntefli. Ég veit að þeir munu því koma til með að verjast gríðarlega vel og það verður erfitt fyrir KR-inga að brjóta þá á bak aftur."

Ásmundur segist oft hafa spáð KR sigri í sumar og það hafi ekki gengið eftir en hann ætli samt að gera það aftur nú. „Ég veit ekki hvort liðið sé á leiðinni úr þeim öldudal sem það hefur verið í. Það er þó alveg ljóst að þetta verður ekki auðveldur leikur fyrir þá."

Ásmundur hefur trú á því að hin liðin í fallbaráttunni, Víkingur og Fram, nái í stig í sínum viðureignum þrátt fyrir að eiga erfiða útileiki fyrir höndum.

„Keflvíkingar hafa verið heillum horfnir síðustu vikurnar og mánuði," segir hann um viðureign liðsins gegn Víkingi í dag. „Þeir eru þó sterkir á heimavelli og erfitt að spá til um niðurstöðuna. Ég býst þó við hörkuleik og að niðurstaðan verði jafntefli."

Fylkismenn eru í baráttu við ÍA um þriðja sætið í deildinni og þar með þátttökurétt í Evrópukeppni á næsta sumri. „Þetta verður fróðleg viðureign því Fylkismenn hafa verið að spila vel á köflum en dottið niður inn á milli. Lykilmenn liðsins hafa einnig átt við meiðsli að stríða. En Framarar þurfa nauðsynlega á stigum að halda og því giska ég á 2-2 jafntefli."

Gangi þetta eftir hjá Ásmundi verður botnbaráttan áfram í mikilli óvissu. KR, Fram og Víkingur verða öll með fjórtán stig og HK fimmtán. „Þetta verður blóðug og æsispennandi barátta fram í síðustu umferð. Mig grunar að KR-ingar reddi sér en Framarar eru með langbesta markahlutfallið af þessum liðum og það gæti bjargað þeim í lokin."

Hann spáir FH Íslandsmeistaratitlinum og að liðið vinni hann á markatölu. „Auðvitað er ég ekki hlutlaus í þessu máli," sagði hann, en ef FH verður Íslandsmeistari kemst Fjölnir sjálfkrafa í Evrópukeppnina á næsta ári þar sem liðin mætast í úrslitum bikarkeppninnar. „En auðveldasta leiðin til að komast í Evrópukeppnina er bara að vinna bikarinn," sagði hann í léttum dúr. **eirikur@frettabladid.is**

LEIKIR 16. UMFERÐAR

Keflavík-Víkingur	Í dag kl. 16.00
KR-HK	Í dag kl. 16.00
Fylkir-Fram	Í dag kl. 16.00
Breiðablik-FH	Í dag kl. 16.00
Valur-ÍA	Annað kvöld kl. 20.00

STAÐAN

FH	**15**	**10**	**4**	**1**	**36-19**	**34**
Valur	15	9	4	2	36-18	31
ÍA	**15**	**7**	**4**	**4**	**28-22**	**25**
Fylkir	15	7	3	5	17-16	24
Breiðablik	**15**	**4**	**7**	**4**	**22-14**	**19**
Keflavík	15	5	4	6	23-25	19
HK	**15**	**4**	**3**	**8**	**14-30**	**15**
Fram	15	3	4	8	21-27	13
Víkingur	**15**	**3**	**4**	**8**	**14-26**	**13**
KR	15	2	5	8	12-26	11

DMM

1997
1998
1999
2000
2001
2002
2003
2004
2005
2006
2007
2008
2009
2010
2011
2012
2013
2014

Stjórnun frá völdum sjónarhornum

Ráðstefna skipulögð af DMM lausnum ehf. Eldborg, Bláa lóninu, 19. september 2007, hefst kl. 09:00 og lýkur kl. 17:30 báða daga.

19. september

Ráðstefnustjóri
Guðmundur Jón Bjarnason, frkv.stjóri DMM Lausna

Frammistöðustjórnun
Finnur Oddsson, frkv.stjóri Viðskiptaráðs

Breytingastjórnun
Gerard Seijts, University of Toronto

Virðisdrifin viðhaldsstjórnun
Guy Delahay, Mainnovation Hollandi

20. september

Vinnustofa, VDM Maintenance Workshop
Mainnovation

Ráðstefna sem tekur fyrir mikilvæga þætti í stjórnun fyrirtækja – öflugir fyrirlesarar.
Nánari upplýsingar er að finna á www.dmm.is

Skráið ykkur með því að senda tölvupóst á dmm@dmm.is.

Athugið að uppselt er síðari daginn og einungis örfá sæti laus þann fyrri. Fyrstir koma, fyrstir fá.

DMM er einfalt og skilvirkt hugbúnaðarkerfi.
Fyrir fyrirtæki sem eiga tækjabúnað, fasteignir og/eða þjónustuferli og þurfa að sinna viðhaldi, rekstri og eftirliti sem kallar á verkáætlanir, verkstjórnun og skýrslugjöf til að uppfylla kröfur gæðastjórnunar og aðfangastjórnunar.

BMW xDrive - skynvædda aldrifskerfið frá BMW.

BMW xDrive breytir slæmri færð í góða, þökk sé framúrskrandi veggripi og rásfestu. Á BMW 3 línunni nýtur þú ósvikinnar akstursánægju til fulls. Þegar skilyrði til aksturs eru góð, tryggir afturdrifið sportlegri takta og skemmtilegri svörun, en þú átt að venjast. Um leið og skilyrðin versna og færð þyngist, sér breytileg aflmiðlun xDrive aldrifskerfisins til þess, **að vélaraflið leitar á nokkrum sekúndubrotum til þeirra hjóla sem mesta veggripið hafa hverju sinni.** Færðin skiptir því ekki máli; **BMW xDrive tryggir bestu mögulegu aksturseiginleika, rásfestu og vegrip.** BMW 3 línan með xDrive veitir þér örugglega ósvikna akstursánægju við öll skilyrði. Komdu í reynsluakstur og upplifðu af eigin raun BMW 3 línuna með xDrive.

BMW 3 línan
325xi
330xi
335xi
330xd

www.bmw.is

Sheer Driving Pleasure

Með bílinn handa þér

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is

ÚRSLIT LEIKJA

Enska úrvalsdeildin

Everton-Manchester United	0-1
0-1 Nemanja Vidic (83.)	
Portsmouth-Liverpool	0-0
Tottenham-Arsenal	1-3
1-0 Gareth Bale (15.), 1-1 Emmanuel Adebayor (65.), 1-2 Fabregas (79.), 1-3 Adebayor (90.).	
Birmingham-Bolton	1-0
1-0 Olivier Kapo (37.).	
Sunderland-Reading	2-1
1-0 Kenwyne Jonse (29.), 2-0 Ross Wallace (47.), 2-1 Dave Kitson (85.).	
West Ham-Middlesbrough	3-0
1-0 Lee Bowyer (46.), 2-0 Luke Young, sjálfsmark (51.), 3-0 Dean Ashton (62.).	
Wigan-Fulham	1-1
0-1 Clint Dempsey (11.), 1-1 Jason Koumas (80.).	
Chelsea-Blackburn	0-0

STAÐAN

Arsenal	**5**	**4**	**1**	**0**	**10-4**	**13**
Liverpool	5	3	2	0	11-2	11
Man. United	**6**	**3**	**2**	**1**	**4-2**	**11**
Chelsea	6	3	2	1	7-6	11
West Ham	**5**	**3**	**1**	**1**	**8-3**	**10**
Everton	6	3	1	2	8-6	10
Blackburn	**5**	**2**	**3**	**0**	**5-3**	**9**
Man. City	5	3	0	2	4-2	9
Newcastle	**4**	**2**	**2**	**0**	**6-3**	**8**
Wigan	6	2	2	2	7-5	8
Aston Villa	**4**	**2**	**1**	**1**	**5-3**	**7**
Birmingham	6	2	1	3	7-9	7
M'boro	**6**	**2**	**1**	**3**	**7-9**	**7**
Sunderland	6	2	1	3	5-9	7
Portsmouth	**6**	**1**	**3**	**2**	**7-8**	**6**
Fulham	6	1	2	3	9-11	5
Tottenham	**6**	**1**	**1**	**4**	**9-11**	**4**
Reading	6	1	1	4	3-10	4
Bolton	**6**	**1**	**0**	**5**	**7-11**	**3**
Derby	5	0	1	4	3-15	1

Sænska úrvalsdeildin

Hammarby-Gefle	4-3
Gunnar Þór Gunnarsson lék fyrri hálfleikinn hjá Hammarby.	
IFK Gautaborg-Elfsborg	2-2
Ragnar Sigurðsson og **Hjálmar Jónsson** léku báðir allan leikinn fyrir IFK en Hjálmar lagði upp síðara mark liðsins.	

Norska úrvalsdeildin

Start-Rosenborg	2-1
Jóhannes Harðarson var á bekknum hjá Start.	

BRYNJAR BJÖRN Á hér í höggi við Kenwyne Jonse, leikmann Sunderland, í gær. Hann fékk höfuðhögg í leiknum og þurfti að láta binda um sárið.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Adebayor skaut Arsenal á toppinn

Átta leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær. Liverpool hóf daginn á toppnum en eftir jafntefli gegn Portsmouth og sigur Arsenal á Tottenham var ljóst að lærisveinar Arsene Wenger væru komnir á toppinn.

FÓTBOLTI Bæði Chelsea og Liverpool gerðu markalaust jafntefli í leikjum sínum í ensku úrvalsdeildinni. Arsenal vann góðan 3-1 sigur á Tottenham í Lundúnarslag eftir að hafa lent 1-0 undir í fyrri hálfleik. Þá vann Manchester United sinn þriðja 1-0 sigur í röð. Í þetta sinn var það Nemanja Vidic sem var hetja United-manna en hann skoraði með öflugum skalla eftir horn skömmu fyrir leikslok.

Emmanuel Adebayor skoraði tvö mörk fyrir Arsenal í gær en það síðara var stórglæsilegt. Cesc Fabregas komst einnig á blað í gær en það var Gareth Bale sem kom Tottenham yfir beint úr aukaspyrnu á 15. mínútu leiksins.

„Við hefðum getað gert út um leikinn en við nýttum ekki færin sem við fengum," sagði Martin Jol, stjóri Tottenham. Bæði Darren Bent og Dimitar Berbatov fóru illa að ráði sínu í leiknum.

HETJUNNI FAGNAÐ Rio Ferdinand stekkur hér á Nemanja Vidic félaga sinn í Manchester United sem tryggði sínum mönnum sigur á Portsmouth í gær.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Arsene Wenger jós hrósi yfir sína menn og sagði hugarfar sinna manna til fyrirmyndar. „Sjálfstraust leikmanna og andlegur styrkur jókst þegar við misstum Thierry Henry. Við munum aldrei gleyma honum en við vitum að liðið blómstrar án hans."

Jose Mourinho var allt annað en sáttur við dómara leiksins sem dæmdi af fullkomlega löglegt mark Salomons Kolou vegna meintrar rangstöðu. Chelsea var að spila við Blackburn en markvörður liðsins, Brad Friedel, varði oft á tíðum stórkostlega, sér í lagi skot Michaels Essien og Andriys Shevchenko sem var í byrjunarliði Chelsea í fyrsta skipti á tímabilinu.

„Aðeins dómarinn og línuvörðurinn geta útskýrt af hverju þeir dæmdu markið af," sagði Mourinho. Hann bætti við að það hefði verið stór biti að vera án þeirra Didiers Drogba, Claudio Pizarro og Franks Lampard.

Pepe Reina, markvörður Liverpool, var hetja sinna manna þegar hann varði vítaspyrnu Kanu, leikmanns Portsmouth, í gær. Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn fyrir Portsmouth í gær og komst vel frá sínu.

Bæði lið fengu sín færi í gær en Andriy Voronin átti skot í slá Portsmouth-marksins.

„Ég er ánægður með leikmennina," sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool, eftir leik. „Við spiluðum vel, sköpuðum okkur færi og vorum góðir í skyndisóknum. Mér fannst við stjórna leiknum í fyrri hálfleik en síðustu fimmtán mínútur leiksins voru galopnar."

United-menn áttu erfitt með að brjóta vörn Everton á bak aftur í gær en það tókst á 83. mínútu er Vidic skallaði knöttinn í mark heimamanna. Besta færi þeirra fékk Andy Johnson en Paul Scholes bjargaði skalla hans á línu.

FJÓRIR ÖFLUGIR Arsenal komst á topp ensku úrvalsdeildarinnar í gær. Hér fagna þeir Emmanuel Adebayor, Kolo Toure, Robin Van Persie og Mathieu Flamini marki þess fyrstnefnda í gær.
NORDIC PHOTOS/GETTY

„Við erum hæstánægðir með sigurinn því það verður mjög erfitt fyrir öll lið deildarinnar að koma hingað á Goodison Park og fara í burtu með stig," sagði Alex Ferguson, stjóri United.

„Vidic er frábær varnarmaður en getur líka skorað. Það er áhyggjumál að við erum ekki að skora eins mikið og við vildum en þar til við fáum alla okkar leikmenn aftur verður þetta svona."

eirikur@frettabladid.is

Dean Ashton skoraði sitt fyrsta mark í sextán mánuði þegar West Ham vann 3-0 sigur á Middlesbrough:

West Ham komið í fimmta sæti deildarinnar

FÓTBOLTI West Ham komst í fimmta sæti ensku úrvalsdeildarinnar með góðum 3-0 sigri á Middlesbrough í gær. Dean Ashton skoraði sitt fyrsta mark síðan í bikarúrslitaleiknum vorið 2006 og fagnaði því vitanlega innilega.

Lee Bowyer kom West Ham yfir í upphafi síðari hálfleiks og Luke Young, leikmaður Middlesbrough, varð fyrir því óláni að skora í eigið mark.

„Ég er ánægður fyrir hönd Deano, hann leit vel út í dag," sagði Alan Curbishley, stjóri West Ham. „Hann var ekki alveg upp á sitt besta gegn Reading fyrir tveimur vikum en hann hefur í millitíðinni leikið með varaliðinu og það hefur nýst honum vel."

Margir leikmanna West Ham eiga við meiðsli að stríða. „Við erum eins og enska landsliðið að því leyti að margir okkar manna eru meiddir en aðrir hafa komið í þeirra stað og staðið sig vel."

West Ham hefur nú ekki tapað í rúman mánuð, síðan liðið mætti Manchester City í fyrstu umferð deildarinnar.

Kenwyne Jones opnaði markareikning sinn fyrir Sunderland í 2-1 sigri liðsins á Reading í gær. Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson voru báðir í byrjunarliði Reading í gær en liðið hefur alls ekki náð sér vel á strik á undanförið og situr í einu af botnsætum deildarinnar, ásamt Bolton og Derby.

Sammy Lee og lærisveinar hans í Bolton urðu fyrir enn einu áfallinu í gær er liðið tapaði 1-0 fyrir Birmingham á útivelli. Heiðar Helguson á við meiðsli að stríða og lék því ekki með Bolton.

Þá gerðu Wigan og Fulham 1-1 jafntefli með mörkum Jasons Koumas og Clints Dempsey. **- esá**

CARLTON COLE
Átti þátt í tveimur mörkum West Ham í gær.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Veita tekur við
af Premium Kredi

Öflugra innstreymi fjármagns, engin seðilgjöld!

Veita hf. hefur tekið við af Premium Kredit. Veita sinnir alhliða innheimtuþjónustu, kaupir innheimtukröfur og heldur utan um allt innheimtuferlið á rafrænan hátt til einföldunar og hagræðis.

Engin seðilgjöld

Virðing og sanngirni er leiðarljós Veitu og innheimtir fyrirtækið því engin seðilgjöld!

Veita hf. | Nóatúni 17 | 105 Reykjaví

ÚRSLIT LEIKJA

N1-deild karla

Afturelding-Akureyri	23-29

Mörk Aftureldingar: Daníel Jónsson 6 (12), Hilmar Stefánsson 5/3 (6/3), Davíð Ágústsson 3 (4), Jóhann Jóhannsson 2 (3), Reynir Árnason 2 (4), Einar Örn Guðmundsson 1 (2), Hrafn Ingvarsson 1 (4), Ásgeir Jónsson 1 (2), Hreinn Hauksson 1 (2), Bjarki Sigurðsson 1 (9), Alexander Popov (4)
Varin skot: Davíð Svansson 11 (36/2), Smári Guðfinnsson 2 (6) 33,3%
Hraðaupphlaup: 4 (Hilmar, Reynir, Davíð, Hreinn).
Fiskuð víti: 3 (Daníel, Jóhann, Hilmar).
Utan vallar: 2 mínútur
Mörk Akureyrar: Goran Gusic 7/2 (9/3), Einar Logi Friðjónsson 6 (12), Andri Snær Stefánsson 5 (7), Magnús Stefánsson 5 (8), Jónatan Þór Magnússon 3 (5), Rúnar Sigtryggsson 3 (6), Heiðar Þór Aðalsteinsson (1), Hörður Fannar Sigþórsson (1), Björn Óli Guðmundsson (3).
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 18 (41/3).
Hraðaupphlaup: 6 (Goran 2, Magnús, Einar, Andri Snær, Jónatan).
Fiskuð víti: 3 (Magnús 2, Andri Snær).
Utan vallar: 2 mínútur

ÍBV-Fram	Leik frestað

Leikurinn fer fram í dag klukkan 17.00.

1. deild karla

Stjarnan-KA	2-0
1-0 Halldór Orri Björnsson (21.), 2-0 Magnús Björgvinsson (67.).	
Fjarðabyggð-Víkingur Ó.	1-0
Jón Gunnar Eysteinsson (90.)	
Fjölnir-Þróttur	3-1
1-0 Pétur Markan (66.), 2-0 Ómar Hákonarson (67.), 2-1 Hjörtur Hjartarson, víti (78.), 3-1 Atli Viðar Björnsson (87.).	
ÍBV-Grindavík	Leik frestað
Reynir-Njarðvík	1-1
1-0 Árni Freyr Guðnason, 1-1 Aron Már Smárason.	
Þór-Leiknir	1-1
0-1 Jakob Spangsberg (18.), 1-1 Hreinn Hringsson (35.)	

STAÐAN

Þróttur	**20**	**14**	**2**	**4**	**42-22**	**44**
Fjölnir	19	13	3	3	54-20	42
Grindavík	**18**	**13**	**2**	**3**	**35-16**	**41**
ÍBV	19	10	5	4	34-18	35
Fjarðabyggð	**20**	**10**	**4**	**6**	**22-14**	**34**
Þór	20	5	6	9	31-37	21
Stjarnan	**19**	**5**	**4**	**10**	**34-39**	**19**
Leiknir	19	4	7	8	19-25	19
Víkingur Ó.	**20**	**5**	**4**	**11**	**22-32**	**19**
Njarðvík	20	3	8	9	19-30	17
Reynir	**20**	**3**	**7**	**10**	**22-52**	**16**
KA	20	4	4	12	12-43	16

2. deild karla

Höttur-Sindri	3-1
KS/Leiftur-Völsungur	3-0
Afturelding-ÍH	0-2
Haukar-ÍR	3-3
Magni-Selfoss	1-4

LOKASTAÐAN

Haukar	**18**	**12**	**6**	**0**	**46-16**	**42**
Selfoss	18	11	3	4	39-17	36
KS/Leiftur	**18**	**10**	**6**	**2**	**36-17**	**36**
ÍR	18	8	8	2	40-19	32
Afturelding	**18**	**8**	**2**	**8**	**26-23**	**26**
Höttur	18	7	2	9	25-28	23
Völsungur	**18**	**7**	**2**	**9**	**22-26**	**23**
ÍH	18	3	4	11	23-38	13
Magni	**18**	**3**	**2**	**13**	**15-44**	**11**
Sindri	18	3	1	14	20-64	10

Erfiður vetur bíður nýliða Aftureldingar miðað við leik liðsins gegn Akureyri:

Norðanmenn þurftu engan stórleik í Mosfellsbænum

HANDBOLTI Akureyri vann góðan sigur á nýliðum Aftureldingar í Mosfellsbænum í gær, 23-29, í fyrstu umferð N1-deildarinnar. Góður varnarleikur og markvarsla skóp sigurinn en Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar, leggur áherslu á góðan varnarleik.

„Við erum með góða vörn sem við byggjum á auk þess sem við ætlum að vera með besta heimavöll landsins í vetur þar sem við ætlum að sækja öll þau stig sem í boði eru. Vonandi hjálpa áhorfendur okkur þar," sagði Rúnar. Takist það verður lið Akureyrar í toppbaráttunni en liðinu er spáð sæti í neðri hluta deildarinnar.

„Ég er fyrst og fremst ánægður með tvö stig í dag," sagði Rúnar enn fremur. „Við vissum ekki hverju við áttum von á á móti Aftureldingu og þetta var erfiður leikur. Þeir börðust vel og gerðu okkur erfitt fyrir. Sigurinn var of stór ef eitthvað er. Við náðum ekki upp þeim hraða í sóknarleiknum sem við vildum. Það var ekki fyrr en í lok fyrri hálfleiks að við náðum upp einhverjum hraða."

Leikurinn var jafn framan af en Akureyri náði þriggja marka forskoti fyrir leikhlé. Afturelding náði að jafna metin snemma í síðari hálfleik en Akureyri náði fljótt aftur öllum tökum á vellinum og vann að lokum sannfærandi sigur.

STOPP Davíð Ágústsson reynir að halda aftur af Rúnari Sigtryggssyni þjálfara og leikmanni Akureyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Bjarki Sigurðsson kom inn á völlinn í upphafi síðari hálfleik þar sem hann var ekki sáttur við leik síns liðs fyrir hlé.

„Annað liðið var gráðugra í sigurinn í þessum leik. Við vorum engan veginn í takt við leikinn," sagði Bjarki. „Spilamennskan var skelfileg. Menn voru of ragir og sendu boltann í stað þess að skjóta þegar færi gáfust. Þetta er sama vandamál og við áttum við að etja í æfingaleikjunum og við þurfum að bæta úr þessu ef við ætlum að vinna leiki. Menn verða að þora að taka af skarið og vera ákveðnir," sagði Bjarki, allt annað en sáttur í leikslok. - gmi

KIMI RAIKKÖNEN Fagnar eftir að hafa tryggt sér besta árangurinn í tímatökunum í Belgíu í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Tímatökur á Spa í Belgíu:

Ferrari-menn verða fremstir

FORMÚLA 1 Kimi Raikkönen og Felipe Massa verðir fremstir á ráspól í belgíska kappakstrinum í dag. Þeir eru báðir ökumenn Ferrari en vel má vera að dómurinn sem féll í njósnamálinu svokallaða í vikunni hafi haft sín áhrif á McLaren-liðið. Ökumenn liðsins, Fernando Alonso og Lewis Hamilton, koma næstir í rásröðinni.

BMW-náði sem fyrr góðum árangri en Kubica náði fimmta sæti og Heidfeld sjöunda. Þá náði Nico Rosberg hjá Williams afar góðum árangri er hann skilaði sér í sjötta sæti.

Raikkönen hefur unnið belgíska kappaksturinn undanfarin tvö skipti og er í góðri stöðu til að ná þriðja sigrinum í röð.

Þetta er í fyrsta skipti sem báðir Ferrari-ökumennirnir verða á ráspól á tímabilinu. - esá

B-deild Evrópumóts kvenna í körfubolta:

Helena fór á kostum í sigri á Írlandi

KÖRFUBOLTI Íslenska landsliðið í körfubolta lauk keppni í þriðja sæti A-riðils í B-deild Evrópumóts kvenna. Liðið vann í gær Íra á útivelli, 67-62, og fór Helena Sverrisdóttir á kostum.

Hún skoraði alls 33 stig í leiknum, tæplega helming allra stiga íslenska liðsins. Næststigahæsti leikmaður liðsins var með sex stig. Hún tók þar að auki fjórtán fráköst.

Íslenska liðið hafði forystu í hálfleik, 35-29, og lét hana aldrei af hendi.

Þetta var þriðji sigur Íslands á Írum í átta landsleikjum liðanna. Ísland vann tvo leiki í riðlinum, báða gegn Írum.

Hollendingar unnu alla leiki sína í riðlinum, sex talsins. Í gær vann liðið Noreg örugglega, 62-37. - esá

HELENA Var í algjörum sérflokki í gær en hún skoraði 33 stig og tók fjórtán fráköst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

www.expressferdir.is
ENSKI BOLTINN
Arsenal–Newcastle Utd.
25.–26. september
Deildarbikarinn
Verð á mann í tvíbýli
48.900 kr.
Chelsea–Fulham
28.–30. september
Verð á mann í tvíbýli
68.900 kr.
Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

t
VEITA
Virkjum fjármagnið!
k | Sími 545 2400 | Fax 545 2401 | veita@veita.is | www.veita.is

dagskrá

> Gary Sinise

„Ferillinn, eins og eldflaugar, tekur ekki alltaf af stað á réttum tíma. Bragðið er að halda vélinni alltaf gangandi," sagði Gary Sinise eitt sinn um hæðir og lægðir kvikmyndaleikara. Sinise fer á kostum í kvöld í þáttunum CSI: New York sem Skjáreinn.

VIÐ TÆKIÐ KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR KANN AÐ META HUGREKKI MONET

Stríð gegn úreltum formúlum

Í hvert sinn sem ég kveiki á sjónvarpinu er búið að myrða einhvern og klárir og kynþokkafullir lögreglumenn eru alveg við það að finna morðingjann. Ég er alveg hætt að kippa mér upp við ruddalegar og ógeðslegar aðferðir morðingjanna og mér þykir ekki mikið til lögreglumannanna koma, þrátt fyrir gáfulegan svip þeirra. Í allri þessari morðöldu á skjáheimum fann ég ljós í myrkrinu. Þættina um impressjónistana í Sjónvarpinu. Í kvöld er þriðji og síðasti þáttur en síðast skildum við þar sem Monet hafði misst eiginkonu sína og var kominn upp á kant við Degas.

Það er erfitt fyrir fólk í samtímanum að skilja hversu mikill uppreisnarseggur málarinn Monet var. Enda kippum við okkur ekki upp við rólegt málverk af fallegum vatnaliljum þegar við sjáum fólk myrt í sjónvarpinu mörgum sinnum á dag. Hann gerði uppreisn gegn hefðinni með því einu að fylgja hjartanu. Hann neitaði að fylgja formúlunni og var fyrstur til að fara út í náttúruna og ljúka við málverk þar. Hann olli mikilli hneykslan fyrir vikið, og þóttu verk hans listrænt klám og voru talin hrá og subbuleg og menn hlógu að honum. Hann mótaði hins vegar nýja formúlu sem margir gerðu að sinni. Það sama gerðist væntanlega með morðsögurnar í sjónvarpinu. Einhver hugrakkur aðili ruddi brautina og smíðaði nýja formúlu og íhaldssamir sjónvarpsframleiðendur halda í hana dauðataki.

EKKI MISSA AF

▶ **15.55** KR-HK SÝN

▶ **19.40** Út og suður RÚV

▶ **20.55** The Tudors STÖÐ 2

▶ **21.50** Sleeper Cell SKJÁREINN

▶ **22.00** Tekinn SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Róbert Bangsi, Bubbi byggir, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Disneystundin, Fínni kostur og Arthur

10.30 Út og suður

11.00 Spaugstofan

11.30 Formúla 1 Bein útsending frá kappakstrinum í Belgíu.

14.00 Gullmót í frjálsum Útsending frá síðasta Gullmóti sumarsins í frjálsum íþróttum, sem haldið er í Berlín.

16.20 Danmerkurleiðangurinn (4:5)

16.50 Grace Kelly - Örlög prinsessu

17.50 Táknmálsfréttir

18.00 Stundin okkar (17:32)

18.26 Skoppa og Skrítla (3:8)

18.35 Litla bjallan

19.00 Fréttir

19.35 Veður

▶**19.40 Út og suður** (16:16) Í þessum síðasta þætti ætlar umsjónarmaðurinn Gísli Einarsson að líta um öxl og skoða brot úr viðtölum við nokkra af þeim tæplega 200 einstaklingum sem komið hafa fram í þáttunum. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

20.10 Impressjónistarnir (3:3) Bresk þriggja þátta röð sem lýsir á athyglisverðan hátt listasögunni og hvernig impressjónistar koma þar við sögu.

21.10 Katherine Jenkins Katherine Jenkins syngur lög á tónleikum í Wales.

22.00 Sunnudagsbíó - Brúin (Un pont entre deux rives) Frönsk bíómynd frá 1999.

23.30 Leikir kvöldsins

23.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 The Perez Family

08.00 Mean Girls

10.00 First Daughter

12.00 The Secret Life of Girls

14.00 The Perez Family

16.00 Mean Girls Geysivinsæl gamanmynd með stórstjörnunni Lindsay Lohan í aðalhlutverki.

18.00 First Daughter Bráðfjörug gamanmynd fyrir alla fjölskylduna.

20.00 The Secret Life of Girls

22.00 North Country

00.05 White Oleander

02.00 The Clearing

04.00 North Country

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Pocoyo, Louie, Gordon Garðálfur, Funky Valley, William´s Wish Wellingtons, Addi Paddi, Hlaupin, Barney, Fifi and the Flowertots 1, Stubbarnir, Doddi litli og Eyrnastór, Charlie and Lola 1b, Könnuðurinn Dóra, Camp Lazlo 1, Ofurhundurinn Krypto, Tracey McB

12.00 Hádegisfréttir

12.25 Nágrannar (Neighbours)

14.10 Heima hjá Jamie Oliver (9:13)

14.35 Staff From Hell

15.35 Tískulöggurnar NÝTT (1:6)

16.35 Til Death (4:22)

17.00 Extreme Makeover (15:23)

17.45 Oprah (Nate And Clutter Expert Peter Walsh Team Up To Clean Up Your)

18.30 Fréttir

19.05 Örlagadagurinn (16:31) Örlagadagurinn 16. september er reyndar örlaganótt Guðrúnar Ásmundsdóttur leikkonu. Þá varð hún fyrir reynslu sem varð upphafið að bata hennar og þroska. Án þessarar örlaganætur væri hún kannski ekki ein okkar besta leikkona sem heldur nú upp á 50 ára leikafmæli sitt.

19.40 Monk (9:16) Monk hefur lengi saknað föður síns sem hefur aldrei verið til staðar fyrir hann en nú neyðast þeir feðgar til að fara saman í langt ferðalag.

20.25 Næturvaktin NÝTT Næturvaktin er fyrsta leikna þáttaröð sinnar tegundar á Íslandi, uppfull af gráglettnum húmor.

▶ **20.55 The Tudors** (4:10) Jonathan Rhys Mayers er hér í hlutverki Hinriks VIII sem þekktur var fyrir ástarsambönd sín ekki síður en konungstitilinn. Í þáttunum er fylgst með lífi og ástum Hinriks sem og þeirra sem stóðu honum næst. Páfinn krýnir Hinrik verndara kaþólsku trúarinnar en Hinrik hefur meiri áhyggjur af að eignast ekki erfingja. 2007. Stranglega bönnuð börnum.

21.50 The 4400 (10.13) Rannsókn á dularfullum morðum leiðir í ljós spillingu og samsæri hjá stjórnvöldum.

22.35 Agatha Christie - By The Pricking Of My Thumb Hörkuspennandi sakamálatryllir eftir Agöthu Christie.

00.10 Saving Grace (1:13)

00.55 Prime Supspect - the final act

02.30 Prime Supspect - the final act

04.05 Monk (9:16)

04.50 Örlagadagurinn (16:31)

05.25 Til Death (4:22)

05.50 Fréttir

06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíV

SÝN besta sætið

08.00 Ryder Cup kvenna í golfi (Solheim Cup 2007)

▶**15.55 Landsbankadeildin 2007** Bein útsending frá viðureign KR og HK í Landsbankadeildinni.

18.05 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur Vandaður fréttaþáttur um allt það helsta sem er á döfinni í þessari sterkustu knattspyrnudeild heims.

18.35 PGA Tour 2007 Bein útsending frá Tour-meistaramótinu sem er lokamótið í FedEx-bikarnum í golfi. 144 bestu kylfingar ársins á PGA-mótaröðinni fengu þátttökurétt í fyrsta FedEx-mótinu af fjórum en nú eru einungis 30 eftir og keppa um háa fjárhæð.

22.00 Landsbankamörkin 2007 Þáttur um Landsbankadeildina þar sem sýnd eru helstu tilþrifin í síðustu leikjum í deildinni. Mörkin, spjöldin, dauðafærin, markvörslurnar, viðbrögð leikmanna og þjálfara ásamt fjölmörgu fleiru áhugaverðu.

22.30 Landsbankadeildin 2007 (KR - HK) Útsending frá leik í Landsbankadeildinni í knattspyrnu.

SÝN 2

09.10 Premier League 2007/2008 (Sunderland - Reading)

10.50 4 4 2

12.10 Coca-Cola Championship

14.15 PL Classic Matches Svipmyndir frá leik Crystal Palace og Blackburn leiktíðina 1992-1993.

14.50 Premier League 2007/2008 (Man. City - Aston Villa)

17.15 Premier League 2007/2008 (Tottenham - Arsenal)

18.55 Premier League 2007/2008 (Everton - Man. Utd.)

20.35 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.

22.00 Premier League 2007/2008 (Birmingham - Bolton)

SKJÁREINN

09.45 Vörutorg

10.45 MotoGP Bein útsending frá Estoril í Portúgal þar sem fjórtanda mót tímabilsins í MotoGP fer fram.

15.15 Sport Kids Moms & Dads (e)

16.00 Blow Out III (e)

17.00 The Biggest Loser (e)

18.00 Andy Barker, P.I. (e) Bráðfyndin gamansería með háðfuglinum Andy Richter í aðalhlutverki.

18.30 7th Heaven

19.15 Charmed (e) Leo fær það verkefni að vernda norn sem býr yfir upplýsingum sem gætu grandað öllum djöflum. Heillanornirnar gruna hana um græsku og kunna illa við að hýsa hana.

20.10 Sport Kids Moms & Dads (3:8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fylgst er með fimm fjölskyldum sem telja að íþróttir séu ekki bara leikur.

21.00 Law & Order. SVU (12:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Fjórtán ára drengur verður vitni að því þegar móðir hans er myrt. Þegar meintum morðingja er sleppt úr haldi grípur hann til sinna ráða.

▶**21.50 Sleeper Cell - Lokaþáttur** Hörkuspennandi þáttaröð um bandaríska alríkislögreglumann sem kemst í innsta hring hryðjuverkasamtaka. Það er komið að lokaþættinum. Darwyn fær upplýsingar um hvar Farik er niður kominn og leggur á ráðin um nýja gildru til að góma hann.

22.40 The Black Donnellys (e)

23.30 C.S.I. New York (e)

00.20 Raines (e)

01.10 Vörutorg

02.10 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á Norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á Mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

GLÆSILEGASTA GOLFFERÐ ÁRSINS

EGILS PREMIUM OG BYLGJAN OPEN Í LONDON 11. - 15. OKTÓBER

Við lengjum golftímabilið og efnum til mikillar veislu í London dagana 11. -15. október því golfmótið Egils Premium og Bylgjan open verður haldið á Hanbury Manor golfvellinum 12. október. Í ferðinni gefst einnig einstakt tækifæri á að fylgjast með fremstu golfurum heims keppa um ein stærstu peningaverðlaun sem í boði eru, á HSBC World Match Play sem haldið er á Wentworth vellinum dagana 11. –14. október.

Í samstarfi við...

MasterCard ZO·ON ICELAND BYKO Premium BYLGJAN 989 - ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.35

Næturvaktin - NÝTT

Í kvöld brýtur Stöð 2 blað í sögu gamanþáttaframleiðslu á Íslandi þegar glænýr íslenskur gamanþáttur með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum verður frumsýndur. Næturvaktin er fyrsta leikna sería sinnar tegundar á Íslandi, uppfull af gráslettnum húmor í anda Seinfeld og The Office. Þetta er ómissandi þáttaröð fyrir alla þá sem kunna að meta íslenskan húmor. Fylgist með frá byrjun.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Everton-Manchester United
Sýn 2 kl. 18.55

Virkilega athyglisverð viðureign. United hefur farið ferlega illa af stað í ár en er búið að fá aftur marga leikmenn sem voru frá vegna meiðsla. Wayne Rooney mætir aftur á sínar heimaslóðir og það verður forvitnilegt að sjá hvaða viðtökur hann mun fá á Goodison Park sem verður að teljast með sterkustu heimavöllum Bretlandseyja.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Ársól
09.03 Landið helga
10.05 Veðurfregnir
10.15 Landnemasögur
11.00 Guðsþjónusta í Háteigskirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Gárur
14.00 Ljóðabókin syngur
15.00 Leitaðu sóma sannleikans
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Úr tónlistarlífinu
17.30 Úr gullkistunni
18.00 Kvöldfréttir
18.28 Seiður og hélog
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Útúr nóttinni... og inní daginn
20.00 Leynifélagið
20.30 Brot af eilífðinni
21.10 Orð skulu standa
22.10 Veðurfregnir
22.15 Leitin að eldsneytinu
23.00 Andrarímur
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

10.30 Hollyoaks (11:260)
10.50 Hollyoaks (12:260)
11.10 Hollyoaks (13:260).
11.30 Hollyoaks (14:260)
11.50 Hollyoaks (15:260)
17.15 Most Shocking.
18.00 The George Lopez Show (7:22)
18.30 Fréttir
19.00 Bestu Strákarnir (21:50) (e)
19.25 Arrested Development 3 Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims.
19.50 The Will (2:6) Spennandi raunveruleikaþáttur þar sem ættingjar milljónamæringsins Bills Long keppa um erfðaréttinn á stórum búgarði. Í hverri viku keppa ættingjarnir og í lok þáttarins er einn sendur heim.
20.30 E-Ring (7:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerrys Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
21.15 Jake 2.0 (9:16) (e)
▶**22.00 Tekinn 2 NÝTT** (1:14) Fyrstu fórnarlömbin hans Audda eru Laddi sem þarf að vinna með skelfilegum markaðsstjóra og Jói Fel sem gerir þau mistök að leggja í stæði fyrir fatlaða. 2007.
22.30 Stelpurnar (4:10) Stelpurnar sprenghlægilegu eru snúnar aftur í þriðja sinn og hafa aldrei verið fyndnari.
22.55 Smallville (9:22) (e)
23.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

10.00 Amazon - Truth & Myth **10.30** Massive nature **11.00** Animal Camera 11.30 Animal Camera **12.00** Cutting It 1**3.00** Boss Women **14.00** Doctor Who **14.45** Doctor Who Confidential **15.00** Strictly Come Dancing - The Story So Far **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders 1**7.00** Days that Shook the World **18.00** Great Railway Journeys of the World **19.00** Paparazzi **20.00** Phobias **21.00** The Ship **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** Days that Shook the World **0.00** Great Railway Journeys of the World **1.00** The Ship **2.00** Paparazzi

DR 1

12.00 Gudstjeneste i DR Kirken **12.45** Gid det blev et døvt barn! **13.45** HåndboldSøndag **15.30** Bamses Billedbog **16.00** Mr. Bean **16.25** OBS **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Dansk Folkeparti **17.30** Blandt vilde dyr og bleskift **18.00** Forbrydelsen **19.00** 21 Søndag **19.40** Søndagssporten med SAS liga **20.05** Dødens Detektiver **20.30** Tape **21.55** Höök

NRK 1

6.40 Disneytimen **7.35** SvampeBob **8.00** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Golf: Solheim cup **9.00** Nordisk jazzgudstjeneste fra Stockholm **9.55** Golf: Solheim cup **13.00** Friidrett: Golden League **15.00** Golf: Solheim cup 1**6.00** Barne-tv **16.25** Wummi **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Kvitt eller dobbelt **19.05** Fornuft og følelser 21.15 Kveldsnytt **21.35** Dokumentar: En rå oljevirkelighet **22.25** Uka med Jon Stewart **22.50** Larry Sanders-show **23.10** Alfred Hitchcock presenterer

SVT 1

10.00 Babben & co **11.00** Svensson, Svensson **11.30** Skadestånd **12.55** I love språk **13.55** Världen **14.55** Kvinnor i Östafrika **15.25** Dr. John **15.55** Anslagstavlan **16.00** Fem myror är fler än fyra elefanter **16.25** Musikvideo **16.30** Draken **17.00** Djurgalen **17.30** Rapport **18.00** Andra Avenyn - castingen **18.30** Sportspegeln **19.15** Agenda **20.10** Den perfekta skilsmässan **20.40** Vetenskap - Lev längre **21.10** Rapport **21.20** Sex med Victor **21.50** Brottskod: Försvunnen

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

PÉTUR JÓHANN OG JÓN GNARR
Í FRÁBÆRUM GAMANÞÁTTUM
NÆTURVAKTIN – FYRSTI ÞÁTTUR
Í KVÖLD KL. 20:25

HVAÐ SEGIR MAMMA?

„Þetta er alveg yndislegur drengur og ég er ánægð með hann skuli vera að hrekkja fólkið, hef gaman af því. Hann Auðunn hefur alltaf verið hress og kátur og fyrirferðarmikill en skemmtilegur umfram allt.“

Hafdís Sveinsdóttir um son sinn Auðun Blöndal, stjórnanda Tekinn 2.

HIN HLIÐIN VALA GESTSDÓTTIR SÖNGKONA Í INDIGO

Ekkert leiðinlegra en rok

Hvað er að frétta? Það er allt mjög gott að frétta, bara nóg að gera. Ég er mjög glöð að diskurinn okkar Ingó „Indigo" er loksins að koma út eftir þónokkra bið.
Augnlitur: Hvítur, blár og svartur.
Starf: Hljóðkona á Skjánum.
Hvaðan ertu? Allstaðar að úr Reykjavík, en hef þó lengst af búið í Hlíðunum.
Ertu hjátrúarfull? Já, svona pínu. Mér er allavega ekki vel við það þegar krummi flýgur á móti mér eða svartir kettir skjótast fram hjá mér. Ég meika heldur ekki alveg að stíga á strik.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Humm... Ég veit ekki hvort einhver einn er í uppáhaldi, er ekki alltaf eitthvað skemtilegt í boði á SkjáEinum?
Uppáhaldsmatur: Indverskur matur er ofarlega á óskalistanum en mér finnst súpan á Maður lifandi líka alltaf guðdómleg.
Fallegasti staðurinn: Mývatn.
iPod eða geislaspilari: Geislaspilari.
Hvað er skemmtilegast? Að láta eins og bjáni og hlæja með öðrum bjánum.
Hvað er leiðinlegast? Rok, það bara verður allt svo miklu erfiðara og leiðinlegra í roki.
Helsti veikleiki: Mozart-kúlur.
Helsti kostur: Eflaust á ég mína kosti en ég læt aðra um að vega þá og meta.
Helsta afrek: Mér finnst ég vinna afrek í hvert skipti sem ég fer upp á svið að spila og vel tekst til... Þar geta gerst galdrar.
Mestu vonbrigðin: Hvernig farið er með landið okkar.
Hver er draumurinn? Að öll dýrin í skóginum verði vinir.
Hver er fyndnastur/fyndnust? Ragga Thorsteinsson ródúsent.
Hvað fer mest í taugarnar á þér? Rok.
Hvað er mikilvægast? Að vera heil í gjörðum sínum og orðum.

Jójó fagnar aukinni löggæslu í bænum

„Sveitaböllin voru oft á tíðum villimannaveislur en nú eru þau dáin. Í staðinn hafa þau færst niður í miðbæ svo auðvitað þarf að bregðast við því. Ég fagna þessum aðgerðum," segir götuspilarinn Jójó. Hann er hæstánægður með aðgerðir Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra og félaga um síðustu tvær helgar, en fjöldi fólks hefur verið handtekinn fyrir óspektir í miðborginni.

Jójó hefur um langt skeið barist fyrir aukinni löggæslu í borginni. Hann hélt til að mynda eftirminnilega tónleika 1. maí síðastliðinn til að vekja athygli á þessu baráttumáli sínu. Jójó telur að hann fari loksins að sjá afrakstur erfiðisins í baráttu sinni.

„Ég fór út í þetta vegna þess að svo margt fólk kom að máli við mig. Mér fannst allt eins gott að beita sér í málinu eins og að tala um hlutina fyrst ég er hvort eð er alltaf niðri í bæ að spila. Þetta er svo þýðingarmikið, sérstaklega þegar maður hugsar til æskunnar sem fer að láta sjá sig í bænum innan tíðar," segir Jójó.

Sjálfur þekkir Jójó skuggahliðar Reykjavíkurborgar af eigin raun. Fyrir ekki alls löngu var hann fórnarlamb grimmilegrar árásar fimm ölvaðra manna. „Ég fékk 15 högg í hausinn og missti 25 prósent af sjón. Ég slapp við illan leik," segir Jójó. „En sýnileg löggæsla er greinilega málið. Rudy [Guiliani] tókst að hreinsa New York upp. Ég held að þeir Stefán og Villi borgarstjóri séu að vinna gott starf." **- hdm**

FRUMKVÖÐULL Jójó götuspilari hefur lengi barist fyrir aukinni og sýnilegri löggæslu í miðborginni. Hann fagnar aðgerðum lögreglunnar síðustu tvær helgar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reykjavíkurborg

MIÐBORGARÞING

TJARNARSAL RÁÐHÚSS REYKJAVÍKUR

17. SEPTEMBER KL. 17.30 -19.30

DAGSKRÁ

17.30 **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson** borgarstjóri
Setningarávarp.

17.40 **Stefán Eiríksson**, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins
Nýjar áherslur í löggæslu í miðborginni.

17.55 **Fríða Björk Ingvarsdóttir**, íbúi í miðborg Reykjavíkur
Af heimsborgarölti.

18.15 **Árni Einarsson**, íbúi í miðborg Reykjavíkur
Virðing miðbæjarins - leitum nýrra leiða.

18.30 **Sigmundur D. Gunnlaugsson**, doktorsnemi í borgarskipulagi og hagfræði.
Reykjavíkurborg - virðing og verðmæti.

18.45 **Pallborðsumræður**

Fundarstjóri er Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður Miðborgar Reykjavíkur.

Miðborgarþing er öllum opið og er aðgangur ókeypis.

VIGNIR SNÆR VIGFÚSSON: GENGUR Í ÞAÐ HEILAGA Í SEPTEMBER

Steggjaður með stæl

Tónlistarmaðurinn Vignir Snær Vigfússon, oft kenndur við Írafár, gengur að eiga kærustu sína til margra ára, Þorbjörgu Sæmundsdóttur, 29. september næstkomandi. „Þetta fer að nálgast tíu árin hjá okkur, þannig að það var kominn tími til," sagði Vignir léttur í bragði. Brúðkaupið fer fram í Háteigskirkju, sem er hverfiskirkja hjónanna tilvonandi. Þau búa í Úthlíð ásamt sonum sínum tveimur, Hrafnkeli Daða og Arnaldi Loga. „Kirkjan er bara hérna rétt handan við hornið," sagði Vignir.

Fréttablaðið náði tali af ansi rámum Vigni á föstudag, þegar hann var enn að jafna sig eftir steggjun sína kvöldið áður. Um tuttugu vinir tónlistarmannsins komu að steggjuninni. Það er, eins og flestir vita, mikil hefð fyrir því að hrekkja tilvonandi brúðguma og brúðir í steggjun þeirra eða gæsun, og Vignir er þar engin undantekning.

„Strákarnir sendu inn mynd af mér í Séð og heyrt, þannig að ég er sem sagt Séð og heyrt strákur vikunnar," útskýrði Vignir og hló við. „Þeir sögðu mér ekkert af þessu og komu bara og sýndu mér blöðin í gær. Þetta er mynd sem var tekin fyrir löngu síðan, fyrir eitthvað reyklaust plakat sem ég og Birgitta vorum á," sagði hann.

Séð og heyrt stúlkum og strákum fylgir yfirleitt stuttur texti um áhugamál og hugnaðarefni fyrirsætanna. „Hjá mér stendur að ég sé gítarsafnari og svo endar þetta á að mig dreymi um heimsfrið," sagði Vignir og skellti upp úr, enda sá draumur staðlað svar fegurðardrottninga við spurningu um hverju þær vilji breyta í heiminum. „Vinur minn er með auglýsingastofu, svo mig grunar að hann hafi haft puttana eitthvað í þessu," bætti hann við.

Eftir afhendingu Séð og heyrt blaðsins lá leið hópsins út fyrir borgarmörkin. „Strákarnir voru búnir að leigja hljómsveitarrútu fyrir okkur. Við fórum á Fjöruborðið og borðuðum þar og svo lá leiðin aftur niður í bæ," sagði Vignir, sem kveðst hafa skemmt sér afskaplega vel. „Þetta var rosalega fínt, og þeir voru voða góðir við mig, fyrir utan Séð og heyrt hrekkinn, sem er vissulega ansi stór. Þetta blað fer út um allt," sagði Vignir kíminn.

sunna@frettabladid.is

„ÉG ER SÉÐ OG HEYRT STRÁKUR VIKUNNAR"

Vignir Snær Vigfússon gengur í það heilaga í lok mánaðarins. Vinir tónlistarmannsins brugðu á leik í steggjun hans, og gáfu Vigni eintak af Séð og heyrt þar sem hann er Séð og heyrt strákur mánaðarins. „Þeir sendu mynd af mér til Séð og heyrt," segir Vignir hlæjandi.

Ætla að græða á hundapössun

Ellefu ára reykvískur athafnamaður, Skafti Albertsson, hefur sett upp auglýsingu þar sem hann býður fram þjónustu sína sem hundapassari. „Ég passa næstum því engan, því það hringir næstum því enginn í mig," segir Skafti, sem þó er ekki af baki dottinn. Hefur hann fengið vin sinn, Hjalta Þór Davíðsson, í lið með sér og saman ætla þeir að græða á tá og fingri á pössuninni.

Skafti segir mjög skemmtilegt að vera í kringum hunda en á þó engan slíkan sjálfur. „Ég er búinn að vera í kringum hunda síðan ég man eftir mér og nágranni minn átti líka hunda. Mig langar að eignast hund en bræður mínir eru með ofnæmi fyrir hundum," segir hann. Telur hann mjög líklegt að hann eignist loksins hund þegar hann verði eldri en þangað til lætur hann sér nægja að eiga kött sem lætur eins og hundur. „Þegar maður hendir vettlingi hleypur hann á eftir honum og kemur með hann til baka," segir hann og hlær.

Þrátt fyrir að vera upptekinn í skólanum hefur Skafti nógan tíma til að passa hunda um helgar og á virkum dögum eftir klukkan 14. Þeim sem vilja nýta sér þjónustu þessa unga og efnilega hundapassara geta haft samband við hann í síma 690 3077. **- fb**

EFNILEGIR HUNDAPASSARAR Skafti Albertsson og Hjalti Þór Davíðsson ætla að passa hunda í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

BRAVÓ!

LADDI
6-TUGUR

Eftir Gísla Rúnar og Ladda

Sviðssetning: Björn Björnsson Hljómsveitarstjóri: Hjörtur Howser

VIÐ BÆTUM VIÐ FLEIRI SÝNINGUM Í SEPTEMBER VEGNA MIKILLAR EFTIRSPURNAR

Sunnudagur	16.09.2007	20:00	(52) UPPSELT
Fimmtudagur	20.09.2007	20:00	(53) UPPSELT
Föstudagur	21.09.2007	20:00	(54) UPPSELT
Föstudagur	28.09.2007	20:00	(55) **NÝ AUKASÝNING**
Laugardagur	29.09.2007	20:00	(56) UPPSELT
Sunnudagur	30.09.2007	20:00	(57) **LAUSIR MIÐAR**

SÉRSTAKIR GESTIR
Steinn Ármann
Halli
Eggert Þorleifs

★★★★
„Dauður maður getur hlegið!“
- Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttablaðið

„Laddi er þjóðargersemi...frábær...meistari!“
- Þorgeir Tryggvason, Morgunblaðið)

Uppselt á allar sýningar frá frumsýningu í febrúar!

BORGARLEIKHÚSIÐ

Nánari upplýsingar á:
BRAVO.IS

MAARUD

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LYFJA
Lífið heil

Opið 8-24 alla daga

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs Jónssonar

Veldi tilfinninganna

Í síðustu viku heyrði ég mætan mann fullyrða að vitræn umræða um trúmál væri í skötulíki á Íslandi; fólk gerði ekki annað en að „skiptast á tilfinningum“. Mér þóttu þetta stór orð, því í mínum huga er trú fyrst og fremst tilfinning en ekki niðurstaða fræðilegrar rökleiðslu. Hvernig er hægt að gera lítið úr mikilvægi trúar-tilfinningarinnar?

ÞETTA kvöld var ný auglýsing fyrir þriðju kynslóð farsíma frumsýnd – eins og eftir pöntun – og þá áttaði ég mig á því hvað átt var við. Í kjölfarið kepptust menn nefnilega við að lýsa því hvað þeim „fannst“ um auglýsinguna, hvort hún særði „trúartilfinningu“ þeirra eða ekki. Jafnvel fulltrúar kirkjunnar tjáðu sig um auglýsinguna út frá tilfinningum sínum, en engri þeirra fjölmörgu áhugaverðu pælinga sem hún býður upp á, nánast eins og þeir hefðu útskrifast úr Háskóla Íslands sem tilfinningaverur en ekki sem fræðimenn.

ÞAÐ gildir nefnilega einu hvað séra eða herra Pétri eða Páli „finnst“. Á Íslandi rúmast 300.000 misólíkar tilfinningar til trúar og kristni. Sem betur fer búum við í landi þar sem hver og einn hefur rétt til að finnast það sem honum sýnist. Það er jafnfráleitt að miða tjáningarfrelsið við tilfinningalíf kirkjunnar manna og að miða það við mitt, mömmu eða Jóa í hinum endanum. Þeirra tilfinningar eru hvorki réttmætari né merkilegri en mínar, mömmu eða Jóa. Tilfinningar þeirra gefa þeim enga sérstöðu. Hins vegar eiga þeir að búa yfir þekkingu sem hvorki ég, mamma né Jói í hinum endanum höfum. Hvernig væri að miðla okkur frekar af henni?

HVERJU hefði símtalið breytt? Vissi Jesús þetta ekki fyrir? Langaði hann til að ganga út í opinn dauðann? Af hverju er hann reiðubúinn til þess? Fyrir hvað fórnaði hann sér? Sannleikann? Mannkynið? Af hverju er Júdas að segja brandara? Svíkur hann Jesú fyrir peningana eða til að koma sér í mjúkinn hjá þotuliðinu? Var það guðleg forsjón að Síminn skyldi líka fara flatt á því að skipta við Júdas og auglýsa Krist sem viðskiptavin samkeppnisaðilans? Hverju ert þú reiðubúinn til að fórna fyrir sannleikann? En fyrir vinsældir? Hverja ert þú reiðubúinn til að svíkja fyrir velþóknun yfirvaldsins?

MIKILL guðfræðingur er Jón Gnarr. Hvar eru hinir?

GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 16. september, 259. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	6.52	13.23	19.52
Akureyri	6.34	13.07	19.38

Heimild: Almanak Háskólans

www.icelandexpress.is/hopar

Út með hópinn!

Láttu hópadeild Iceland Express skipuleggja draumaferð hópsins!

Ertu í forsvari fyrir starfsmannafélag eða íþróttafélag? Viltu eiga ógleymanlegar samverustundir í útlöndum með kórnum, saumaklúbbnum eða vinahópnum? Hópadeild Iceland Express gerir hvers kyns hópum tilboð í allar gerðir ferða til átta áfangastaða vítt og breitt um Evrópu í haust og vetur.

Starfsfólk Iceland Express býr yfir mikilli þekkingu og reynslu í skipulagningu hópferða og leggur allan metnað í að gera hverja hópferð ógleymanlega.

Hafðu samband í síma **5 500 600** eða smelltu þér á **www.icelandexpress.is/hopar** og kynntu þér kostina.

Fíton / SÍA

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600 » www.icelandexpress.is

Iceland Express